FRÉTTABLAÐIÐ

34. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 10. FEBRÚAR 2020

Snör viðbrögð stjórnvalda afar mikilvæg

Áhrifa af fjölmörgum áföllum í íslensku efnahagslífi er farið að gæta, samkvæmt nýrri greiningu SI. Útlán hafa dregist saman og atvinnuleysi aukist.

EFNAHAGSMÁL Ný greining Samtaka iðnaðarins (SI) sýnir dökka mynd af íslensku hagkerfi. Landsframleiðsla á mann hefur sjaldan dregist eins mikið saman sé miðað við undanfarna þrjá áratugi og atvinnuleysi er mikið í sögulegu samhengi. Allt bendir til að erfiðleikar muni halda áfram nema þá að íslensk stjórnvöld bregðist hratt við.

„Niðurstaða greiningarinnar bendir til þess að þau fjölmörgu áföll sem íslenskt hagkerfi hefur orðið fyrir að undanförnu hafi umtalsverð áhrif á efnahagslífið. Horfurnar fyrir þetta ár hafa verið að versna. Landsframleiðsla á mann dróst saman um 1,5 prósent á síðasta ári og við sjáum skýr merki þess að fjárfestingar atvinnuveganna hafa minnkað. Þá hafa útlán bankanna dregist saman og atvinnuleysi aukist samhliða því að fyrirtæki hafa fækkað launþegum til að mæta niðursveiflunni," segir Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur samtakanna.

Orsakir niðursveiflunnar eru fyrst og fremst samdráttur í gjaldeyristekjum sem er einn sá mesti í þrjá áratugi. Ingólfur nefnir áföll eins og samdrátt í flugframboði, loðnubrest, minni álframleiðslu og kórónaveiruna sem þætti sem dregið hafi úr gjaldeyrissköpun hagkerfisins.

„Við erum háð gjaldeyrisviðskiptum og því vega þessi áföll þungt," segir hann.

> **Við erum háð gjaldeyrisviðskiptum og því vega þessi áföll þungt.**



Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Samkvæmt greiningunni er útlitið áfram dökkt og því afar mikilvægt að stjórnvöld bregðist hratt við til þess að snúa þróuninni við. „Sem betur fer er svigrúm til þess," segir Ingólfur. Bendir hann á að verðbólga sé lág og verðbólguvæntingar við verðbólgumarkmið sem gefi svigrúm til áframhaldandi lækkunar stýrivaxta.

Þá sé skuldastaða ríkisins lág og það geri yfirvöldum kleift að ráðast í aðgerðir til að sporna við vandanum. „Þetta er heppilegur tímapunktur til þess að ráðast í innviðaframkvæmdir enda mikil uppsöfnuð þörf þar. Þá þurfa ríki og sveitarfélög að létta álögum af fyrirtækjum auk þess sem nauðsynlegt er að liðka fyrir lánveitingum bankanna. Framboð af lánsfé er vítamínið sem hagkerfið þarf," segir Ingólfur. **– þþ**

Skoða áætlunarflug frá Akureyri

SAMGÖNGUR Hópur fjárfesta á Eyjafjarðarsvæðinu kannar nú til hlítar grundvöll fyrir áætlunarflugi milli Akureyrar og Evrópu. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson er í forsvari fyrir verkefnið og telur hann fullvíst að eftirspurnin sé til staðar. Fjársvelti Akureyrarflugvallar sé þó helsta hindrunin. Samgönguáætlun geri ekki ráð fyrir fjárfestingum í vellinum sem hafi verið mikil vonbrigði.

Verkefnið ber vinnuheitið Niceair og er undirbúningurinn langt á veg kominn. Á dögunum veitti Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra verkefninu styrk til þess að kanna til fullnustu hvort verkefnið beri sig. Meginaðstandendur verkefnisins eru Samherji, Höldur og Norlandair en að auki eru önnur norðlensk fyrirtæki og hagsmunaaðilar verkefninu til stuðnings.

– þþ / sjá síðu 4



Brosmilda séníið Hildur Guðnadóttir hefur sópað til sín verðlaunum fyrir tónlist sína í Chernobyl og Joker. Fréttablaðið var farið í prentun áður en umslögin voru opnuð á Óskarsverðlaunahátíðinni í Los Angeles í nótt en óháð því hvort nafn Hildar kom upp úr einu þeirra er hún sannarlega sómi lands og þjóðar. NORDICPHOTOS/GETTY




Byggingariðnaðurinn
24 síðna kynningarblað fylgir blaðinu í dag

Veður



Norðan og norðvestan 13-23 V-til með snjókomu í dag og sums staðar slyddu við ströndina. Hvassast NV-til, mun hægari og úrkomulítið fyrir austan. Frost 0 til 7 stig, heldur hlýnandi á morgun. SJÁ SÍÐU 14



Haraldur A. Bjarnason er framkvæmdastjóri hjá Auðkenni.

Langflestir með rafræn skilríki

SAMFÉLAG Tæplega 80 prósent landsmanna fimmtán ára og eldri eru með rafræn skilríki samkvæmt svari Auðkennis við fyrirspurn Fréttablaðsins. Auðkenni gefur út rafræn skilríki sem fullgild eru við undirskriftir á netinu, um 220-230 þúsund virk rafræn skilríki eru hjá fyrirtækinu.

Flestir eru með rafræn skilríki í farsímum sínum.

Rafræn skilríki eru persónuskilríki sem notuð eru á internetinu og notkun þeirra jafngildir framvísun hefðbundinna skilríkja. Hægt er að fá þau bæði á greiðslukort og í síma.

Haraldur Bjarnason hjá Auðkenni segir meirihluta fólks vera með rafræn skilríki í farsíma og að notkun þeirra sé öruggasta leiðin til að auðkenna sig á netinu.

„Þetta stuðlar bæði að bættu öryggi og einfaldari samskiptum," segir Haraldur. „Borgarar geta átt samskipti við opinbera aðila, banka eða hvern sem er heiman frá sér," bætir hann við.

„Notkun rafrænna skilríkja stuðlar að bættu öryggi, hagræðingu og þægindum. Ferlar sem voru að taka langan tíma eins umsóknir um lán eða eitthvað slíkt sem tók kannski tíu daga en tekur núna kannski þrjátíu sekúndur eða fimm mínútur." **– bdj**

Framkvæmdir við Elliðaárnar



Þessa dagana eru miklar framkvæmdir við nýjar lagnir Veitna hf. undir Elliðaárnar. Um helgina var verið að leggja ídráttarrör undir austurkvísl árinnar og því var nauðsynlegt að veita henni tímabundið fram hjá hefðbundnum farvegi sínum. Verkinu hefur seinkað vegna óhagstæðrar veðráttu en þrátt fyrir það er reiknað með að verklok haldist innan tímaramma og verkinu ljúki fyrir 31. mars næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Flugið tilkynnt til flugyfirvalda

SAMGÖNGUR Atvik þar sem flugvél Icelandair á leið frá Keflavík til Manchester var lent í Glasgow vegna ókyrrðar hefur verið tilkynnt til flugmálayfirvalda í Bretlandi. Þorkell Ágústsson hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa segir að Icelandair hafi tilkynnt atvikið til rannsóknarnefndarinnar.

„Það var tilkynnt þetta símleiðis. Tilkynningin var síðan send til flugmálayfirvalda í Bretlandi því að atvikið átti sér stað þar," segir Þorkell.

Spurður að því hvort að venja sé að tilkynna atvik sem verða vegna ókyrrðar líkt og þessarar segir Þorkell það fara eftir hverju tilviki fyrir sig. Í þessu tilviki hafi flugfélagið metið það svo að þurft hafi að tilkynna það.

Fréttastofa RÚV greindi frá því að mikil geðshræring hefði gripið um sig á meðal farþega þegar ókyrrðin hófst og fólk grátið. Flugvélinni hefur verið flogið til Íslands. **– gis**



Flutti 170 kíló af mynt frá Kína til Keflavíkur

Kínverskur ferðamaður furðar sig á því að Seðlabankinn vilji ekki skipta um 1,6 milljónum króna af íslenskri mynt sem hann ferðaðist með til landsins frá Kína. Þetta er þriðja ferð hans til landsins og áður hafa skiptin gengið í gegn.

VIÐSKIPTI Hinn kínverski Wei Li flaug í síðustu viku til Íslands með rúmlega 170 kílógrömm af íslenskri mynt en andvirðið er um 1,6 milljónir króna. Þetta er í þriðja sinn sem Li fjármagnar Íslandsferð með þessum hætti og hafa fyrri ferðir gengið snurðulaust fyrir sig. Núna er hins vegar komið babb í bátinn.

Í farangri Wei Li, sem býr í nágrenni Hong Kong, er eingöngu 100 krónu mynt. „Það borgar sig ekki að kaupa yfirvigt fyrir smærri mynt," segir Li. Peningarnir eru í misjöfnu ástandi, sumir alveg heilir en aðrir talsvert skemmdir. Við komuna til landsins fór Li í Seðlabanka Íslands til þess að skipta peningunum í handhægari stærðir en var vísað frá. Þaðan fór hann í útibú Arion banka og hafði ekki verið þar nema í nokkrar mínútur þegar átta lögreglumenn komu á vettvang og spurðu hann spjörunum úr.

Wei Li segist skilja vel að athæfi hans veki furðu en hann fari að lögum og reglum. Lögin séu skýr en framganga yfirvalda sé það ekki.

„Ég fæ myntina frá myntbraskara úti í Kína. Ég veit ekki hvaðan allt kemur en hluti kemur frá endurvinnslufyrirtæki sem kaupir samanpressaða bíla frá Íslandi. Þar leynist mikið af mynt," segir Li. Fyrirkomulagið er þannig að hann borgar ekki krónu fyrir myntina nema ef honum tekst að skipta henni hérlendis. Þá fær myntbraskarinn sanngjarnan hlut.

„Ég gaf allt upp við komuna til landsins," segir Li og sýnir kvittun þess efnis. Hann segist nota ágóðann til að ferðast um Ísland enda fallegasta land heims að hans mati.

Hann segist hafa komið tvisvar í slíkar heimsóknir til Íslands á síðasta ári og alltaf hafi viðskiptin gengið snurðulaust fyrir sig. „Í síðasta skipti fékk ég upplýsingar um að til stæði að breyta reglunum. Ég hafði því samband fyrir þessa ferð og sá að reglurnar væru óbreyttar. Þess vegna skil ég ekki af hverju ég fæ ekki að skipta myntinni," segir Li.



Wei Li flaug til landsins með 170 kíló af 100 krónu mynt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég veit ekki hvaðan allt kemur en hluti kemur frá endurvinnslufyrirtæki sem kaupir samanpressaða bíla frá Íslandi.

Wei Li, kínverskur ferðamaður

Hann hefur ferðast til annarra landa í sama tilgangi, meðal annars Danmerkur, Noregs og Þýskalands. Þar séu reglurnar skýrar en ekki handahófskenndar eins og hér.

„Ég get notað heilu myntina í verslunum en vil það síður með skemmdu myntina. Ég væri opinn fyrir því að gefa skemmdu myntina til góðgerðarmála hérlendis enda er hún að óbreyttu gagnslaus fyrir mig," segir Li. **bjornth@frettabladid.is**

íslenska

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

Land Cruiser

EINN, TVEIR & ÞRÍR
AUKAHLUTAPAKKAR

L1 33" breyting með Goodyear dekkjum og dráttarbeisli.
TILBOÐSVERÐ 390.000 kr. Fullt verð 717.000 kr.

L2 Dráttarbeisli, Goodyear dekk, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.
TILBOÐSVERÐ 255.000 kr. Fullt verð frá 419.000 kr.

L3 Protect lakkvörn, hlíf á afturstuðara og húddhlíf.
TILBOÐSVERÐ 99.000 kr. Fullt verð 178.000 kr.

LAND CRUISER

Verð frá: 8.480.000 kr.

Núna bjóðum við úrval jeppavænna tilboðspakka með nýjum Land Cruiser hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi. Jeppaðu upp tilveruna með aukahlutapakka á sjaldséðum kjörum. **Sjá nánar á toyota.is**

3+4 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Yfir 800 látin af völdum kórónaveirunnar Fleiri hafa nú látist af völdum kórónaveirunnar en HABL-veirunnar, sem skók Kína á árunum 2002 til 2003 og dró 774 til dauða.

2 Skólastjóri Patreksskóla boðar foreldra á fund vegna eineltismáls Foreldrar barna í Patreksskóla hafa verið boðaðir á fund þar sem farið verður yfir viðbrögð Vesturbyggðar vegna fréttaflutning um eineltismál gagnvart kennara í skólanum.

3 Hjúkrunarnemar taka snúning á Frikka dór: „Til í vakt“ Hjúkrunarnemar gera óspart grín að álaginu á Landspítalanum í opnunarlagi árshátíðarmyndbandsins sem var frumsýnt í gær.

4 Glænýr lendingarbúnaður í flugvél Icelandair gaf sig Flugvél Icelandair sem hlekktist á eftir lendingu á föstudaginn var nýkomin úr skoðun þar sem skipt hafði verið um lendingarbúnað.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is



Vogar á Vatnsleysuströnd.

Þurfa varaafl og rýmingaráætlun

ÖRYGGISMÁL Bæjarráð Voga á Vatnsleysuströnd hyggst láta kanna kostnað við uppsetningu færanlegrar varaaflsstöðvar. Því fylgir að koma upp tengingum á byggingu Stóru-Vogaskóla, sem er skilgreind sem fjöldahjálparstöð í Vogum.

„Bæjarráð ítrekar jafnframt bókun bæjarstjórnar um mikilvægi þess að unnin verði rýmingaráætlun fyrir sveitarfélagið,“ segir í bókun. – gar

Mikil fjölgun umsókna um breytta skráningu kyns

MANNRÉTTINDI Beiðnir til þjóðskrár um breytta skráningu kyns voru 104 á síðasta ári. Þetta er margföldun milli ára en árið 2018 óskuðu 27 einstaklingar eftir breytingu á skráningu og 20 árið 2017.

Þjóðskrá er enn ekki farin að taka við beiðnum um hlutlausa skráningu kyns en með lögum um kynrænt sjálfræði sem samþykkt voru í júlí í fyrra er tryggður réttur einstaklinga til slíkrar skráningar. Þjóðskrá var veittur átján mánaða frestur til að aðlaga upplýsingakerfi sín eftir samþykkt laganna og stofnunin mun ekki taka við beiðnum um slíka skráningu fyrr en að þeim fresti liðnum, upp úr næstu áramótum.

»» Þjóðskrá mun ekki taka við beiðnum um hlutlausa skráningu kyns á þessu ári.

Með hinum nýsamþykktu lögum verður skráning nafna í nafnaskrá Þjóðskrár ekki lengur kyngreind sem þýðir að sé nafn í mannanafnaskrá geti allir tekið það upp óháð kyni.

Frá gildistöku laganna 5. júlí 2019 hefur borist 1.021 umsókn um nafnbreytingu (til 10. janúar 2020). Í svari Þjóðskrár kemur fram að ekki sé hægt að sjá að gildistaka laganna hafi haft áhrif á fjölda umsókna um nafnbreytingu. Þvert á móti hafi þær dregist saman og færri beiðnir um nafnbreytingar borist árið 2019 en árið 2018, og eins bárust færri beiðnir um nafnbreytingu árið 2018 en 2017. – aá

Undirbúa nýtt flugfélag til að tengja Eyjafjörð við Evrópu

Hópur fjárfesta á Eyjafjarðarsvæðinu kannar nú til hlítar grundvöll fyrir áætlunarflugi milli Akureyrar og Evrópu. Verkefnastjórinn segir að eftirspurnin sé til staðar en fjársvelti Akureyrarflugvallar sé helsta hindrunin. Samgönguáætlun geri ekki ráð fyrir fjárfestingum í vellinum sem hafi verið mikil vonbrigði.

SAMGÖNGUR Verkefnið ber vinnuheitið Niceair og er undirbúningsvinnan langt á veg komin. Á dögunum veitti Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra verkefninu styrk til þess að kanna til fullnustu hvort verkefnið beri sig. Meginaðstandendur verkefnisins eru Samherji, Höldur og Norlandair en að auki eru önnur norðlensk fyrirtæki og hagsmunaaðilar verkefninu til stuðnings.

„Við erum sannfærð um að grundvöllur sé fyrir áætlunarflugi milli Evrópu og Íslands um Akureyrarflugvöll og ætlum að nýta tímann til kostgæfnisathugana áður en næstu skref verða tekin í lok apríl. Reynsla annarra flugfélaga, eins og Transavia og Titan Airways, bendir til þess að eftirspurnin sé til staðar,“ segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, sem leiðir verkefnið fyrir hönd fjárfesta. Hann bendir á að upptökusvæði í kringum flugvöllinn sé hið sama og í Færeyjum en þaðan séu að lágmarki fjögur millilandaflug á degi hverjum. Að auki sé stígandi í komu ferðamanna til svæðisins.

Að sögn Þorvalds er millilandaflug um Akureyrarflugvöll risastórt hagsmunamál. Ekki bara fyrir ferðamenn til og frá Akureyri heldur ekki síður atvinnulífið. „Það eru mörg öflug fyrirtæki á svæðinu sem starfa við útflutning og það kallar á ferðalög starfsfólks til meginlandsins. Það yrði gríðarleg hagræðing fyrir þessi fyrirtæki ef þau gætu sparað sér ferðalag starfsfólk til Keflavíkur. Þetta myndi hjálpa til við að jafna aðstöðumuninn við fyrirtæki á suðvesturhorninu,“ segir Þorvaldur. „Við erum einnig að gefa okkur að fyrir þau 50 þúsund manns sem þurfa að aka í 6-9 klukkustundir til að komast í millilandaflug í Keflavík, gista eina eða tvær nætur og verja í það tveimur vinnudögum, muni ferðahegðun heimamanna breytast hratt. Reynslan af Suðvesturhorninu sýnir að minnsta kosti fram á það.“



Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson leiðir verkefnið fyrir hönd öflugra fjárfesta.

Hann bendir á að á meðan samdráttur sé í komu ferðamanna til Keflavíkur sé raunveruleikinn allt annar fyrir norðan. „Hér hefur verið mikil aukning flugfarþega undanfarin ár. Í fyrra var aukningin tæplega 40 prósent og rúmlega 70 prósent árið áður,“ segir Þorvaldur.

Margt bendir til þess að annar hópur erlendra ferðamanna hafi áhuga á flugi til Akureyrar en til Keflavíkur. „Þetta eru oft endurkomuferðalangar, sem hafa þegar skoðað suðvesturhornið og vilja upplifa eitthvað nýtt. Einnig eru þetta ferðamenn sem hafa áhuga á að ferðast hingað á vetrartíma, meðal annars til þess að fara á skíði. Það er því okkar trú að allir muni hagnast á því ef önnur gátt er opnuð inn í landið. Þetta er þjóðhagsmál,“ segir Þorvaldur.

Hann segir aðstandendur Niceair mjög meðvitaða um að fjármögnun fyrirtækisins þurfi að vera traust enda fer öll óvissa um rekstrarhæfi flugfélaga illa í mögulega viðskiptavini. „Ef af verkefninu verður þá er ljóst að við munum tryggja fjármagn til þess að reka félagið svo lengi sem á þetta skal láta reyna, eða 24-36 mánuði, þannig að flugfarþegar geta óhræddir bókað flug fram í tímann, ef af verður.“

»» Við erum sannfærð um að grundvöllur sé fyrir ætlunarflugi milli Evrópu og Íslands um Akureyrarflugvöll.

Helsta hindrunin varðandi áætlanir félagsins sé Akureyrarflugvöllur. Hann sé löngu sprunginn og nauðsynlegt sé að fjárfesta í uppbyggingu vallarins. „Það voru gríðarleg vonbrigði að sjá að ekki ætti að setja neitt fjármagn í uppbyggingu hér. Uppsöfnuð þörf er um 2,5 milljarðar króna og algjörlega fráleitt að sú þörf sé hunsuð. Ekki bara út frá ferðamennsku heldur er líka mikilvægt, út frá öryggissjónarmiðum, að til sé fullbúinn varaflugvöllur fyrir Keflavík.

Umferð um Keflavík hefur þrefaldast á tíu árum, á sama tíma og stjórnvöld hafa skorið niður fjármagn til varaflugvalla Keflavíkur,“ segir Þorvaldur. Nýleg dæmi afjúpi neyðarástand þegar Keflavík lokast. Hann sé þó vongóður um að stjórnvöld muni sjá að sér í málinu.

Eins og áður segir er undirbúningsvinna í fullum gangi og reiknar Þorvaldur með að tíðinda sé að vænta í lok apríl.

bjornth@frettabladid.is



Í GLASI?

GLAS VÍNSÉRFRÆÐINGSINS FÆST Í VOGUE



GOTT GLAS GERIR GOTT VÍN ENN BETRA

20% AFSLÁTTUR AF VÍNGLÖSUM Í FEBRÚAR

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | 533 3500 | VOGUE.IS



Lögreglan sat um húsið í 17 tíma.

Tugir skotnir til bana í Taílandi

TAÍLAND Alls féllu 26 manns þegar taílenskur hermaður gekk berserksgang og skaut á fólk í borginni Nakhon Ratchasima á laugardag. Auk þeirra særðust 57 þar af níu alvarlega. Sérsveitir lögreglu skutu manninn til bana um morguninn en hann hafði falið sig í verslunarmiðstöð yfir nóttina.

Maðurinn hafði stolið byssu og skotfærum á herstöð sinni en fyrsti maðurinn til að verða fyrir árás hans var yfirmaður hans. Því næst hóf hann að skjóta fólk af handahófi úr bíl á leið sinni í verslunarmiðstöð.

Fjöldi myndbanda náðist af því þegar maðurinn skaut fólk sem reyndi að flýja undan bílnum. Myndbönd sýndu einnig eld sem logaði fyrir utan verslunarmiðstöðina eftir að skotið hafði verið í gaskút.

Inni í verslunarmiðstöðinni hélt skothríðin áfram þar sem maðurinn myrti fjölda fólks. Lögreglu tókst að forða nokkrum úr byggingunni og mörgum tókst að fela sig. Fólk faldi sig inni á salernum og í verslunum og sendi vinum og ættingjum skilaboð á meðan beðið var eftir að lögregla yfirbugaði manninn.

Hann var skotinn til bana nær sautján klukkustundum eftir að hann hóf skotárásina en lögregla óttast að fjölda manns væri haldið í gíslingu inni í verslunarmiðstöðinni. **– kdi**

Heimsins stærsti flugeldur sprakk

HEIMSMET Um helgina var stærsti flugeldur heims sprengdur í loft upp í Colorado-fylki í Bandaríkjunum. Flugeldurinn vóg um 1,3 tonn sem samsvarar bifreið af gerðinni Toyota Corolla. Mikið sjónarspil skapaðist þegar flugeldurinn sprakk. Fulltrúi Heimsmetabókar Guinness staðfesti metið en fyrra met var frá árinu 2018 þegar rúmlega eins tonns flugeldur var sprengdur í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. **– þþ**

Sigur gefur aukið sjálfstraust



Forsetaframbjóðandinn Pete Buttigieg heilsaði stuðningsmönnum sínum í New Hampshire í gær en allir sem keppa um útnefningu Demókrata eru þangað komnir í tilefni forkosninga í fylkinu sem fara fram á morgun. Buttigieg og Bernie Sanders fengu flesta kjörmenn í fyrsta forvali flokksins í Iowa í síðustu viku. Þeim er einnig spáð góðu gengi í New Hampshire. Útnefning flokksins fer fram síðsumars. NORDICPHOTOS/GETTY

Kórónaveiran slær met í Kína

HEILBRIGÐISMÁL Yfir 800 hafa látist í Kína vegna bráðrar lungnabólgu af völdum kórónaveirunnar samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisyfirvöldum í Kína. Um helgina létust 80 manns á einum sólarhring sem var á pari við daginn á undan, þegar hæsta dánartala á sólarhring hingað til mældist.

Tæplega 80 létust frá laugardegi til sunnudags og jafnmargir sólarhinginn á undan.

Hátt í 38 þúsund hafa greinst með veiruna en tæplega þrjú þúsund hafa læknast og verið útskrifuð af sjúkrahúsum hingað til.

Fleiri hafa látist í Kína af völdum veirunnar en létust af völdum bráðrar lungnabólgu sem skók Kína á árunum 2002 til 2003 og dró 774 einstaklinga til dauða. **– kdi**

Tölfræði getur komið í veg fyrir alvarleg slys

Tíðni vinnuslysa og slysa í skólum hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Skráningarkerfi sem hefur verið innleitt víða afhjúpar hvar slysahætturnar leynast. Inniheldur einnig leið til að skráningar á kynferðislegri áreitni.

HEILBRIGÐISMÁL Tekist hefur að fækka vinnuslysum og slysum á börnum á skólatíma með atvikaskráningarkerfinu Atvik. Þetta segir Gísli Níls Einarsson, sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS. Fjöldi vinnuslysa hér á landi hefur verið um 5 þúsund á ári síðasta áratug samkvæmt tölfræði Embættis landlæknis. Um aldamótin skráði Vinnueftirlitið um 1.400 vinnuslys, sú tala var komin upp í 1.919 árið 2007 en talan lækkaði aftur eftir hrun. Frá 2011 hefur slysum fjölgað stöðugt á ný.

„Það er mikið um vinnuslys, rúmlega 5 þúsund á ári, og því mikið verk að vinna. Heildartölfræði hefur hins vegar takmarkað notagildi þar sem það er engin leið fyrir vinnuveitendur og sveitarfélög að átta sig á því hvað þarf að laga," segir Gísli Níls. Á miðvikudaginn heldur hann erindi á Forvarnaráðstefnu VÍS á Hilton hótelinu, þar mun hann ræða reynsluna af forritinu Atvik sem VÍS hefur þróað frá árinu 2013.

Forritið er nú aðgengilegt um 16 þúsund starfsmönnum, þar á meðal 700 sjómönnum. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að mun farsælla er að allir starfsmenn hafi aðgang að kerfinu og geti skráð atvik en ekki aðeins millistjórnendur. Starfsmenn geta skráð atvik nafnlaust í kerfinu. Upplýsingarnar nýtast svo atvinnurekendum og stjórnendum til að gera viðeigandi úrbætur til þess að auka öryggi á vinnustöðum. Árið 2018 greindi Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum frá því að engin slys hefðu átt sér stað í þremur skipum félagsins það ár.

„Fyrirtækin hafa fært kerfið upp á land. Sem dæmi tók eitt fisk-



Með atvikaskráningu hefur tekist að fækka vinnuslysum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það verða rúmlega fimm þúsund vinnuslys á ári og því mikið verk að vinna.



Gísli Níls Einarsson, sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS

vinnslufyrirtækið upp nýja gerð af hönskum fyrir starfsmenn í fisksnyrtingu sem eru með stálvírum í kjölfar tíðra skráninga á stungu- og skurðslysum. Nú eru slík slys nánast ekki lengur til staðar," segir Gísli.

„Úti á sjó hafa skráningar í kerfið leitt til ýmissa breytinga. Til dæmis hafa sjómenn breytt um verklag og staðsetningu við vinnu á þilfarinu. Með því drógu þeir úr líkum á slysum á þilfarinu. Það eru svona atriði, sem starfsfólk og stjórnendur geta ekki borið kennsl á nema með yfirsýn og skráningu á atvikum. Með þessu er þá hægt að koma í veg fyrir alvarleg slys og jafnvel banaslys."

Kerfið hefur einnig verið tekið upp hjá annað hundrað leik- og grunnskólum um landið og eftir Metoo-byltinguna var ákveðið í samráði við notendur kerfisins að innleiða í það atvikaskráningu á kynferðislegri áreitni, einelti og ofbeldi. VÍS hefur ekki aðgang að gögnum einstakra fyrirtækja en Gísli segir að dæmi séu um að slíkt hafi verið upprætt.

arib@frettabladid.is



SÍÐASTI DAGURINN

TAX FREE

SNYRTIVÖRU DAGAR

Taxfree*
af öllum snyrtivörum
6.-10. febrúar

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

HAGKAUP
Snyrtivara

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

Atkvæði



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Undirbúningur forsetakosninganna í Bandaríkjunum, sem fram fara í nóvember, er hafinn. Demókratar í Iowa-fylki riðu á vaðið, sem oft áður, með forvali forsetaefnis. Ekki verður annað sagt en að sérkennilegt hafi verið að fylgjast með flaustrinu og fátt er þar sem vekur traust. Einkum eru það aðferðirnar sem viðhafðar eru til að fá vilja þeirra fram sem taka þátt í að velja kandídatinn sem valda því.

Og fyrirkomulag þess að fólk skipti sér í hópa og láti þannig afstöðu sína í ljós er sérkennilegt, svo vægt sé til orða tekið. Að minnsta kosti séð héðan ofan af Íslandi. Þetta fyrirkomulag þekkist í fleiri fylkjum og úrslit valsins ráða niðurstöðu um hverjir keppa um embætti valda- og áhrifamesta manns heims.

Almennt má segja að það sé undarlegt hvernig það varð niðurstaðan eftir forval í öllum fylkjum Bandaríkjanna að þau Donald Trump og Hillary Clinton skyldu vera þau sem stuðningsmenn flokka þeirra sendu í forsetaslaginn síðast. Það er athyglisverð niðurstaða þjóðar sem telur meira en 330 milljónir manna. Mátti ekki búast við að í svo stórum hópi leyndust frambærilegri frambjóðendur?

Bandaríkin eru fyrirferðarmikil í heiminum og það skiptir miklu máli fyrir allar þjóðir hvernig forsetaembættið er skipað.

Sérkennilegheitunum lýkur ekki þegar til sjálfra forsetakosninganna kemur. Þar viðgengst fyrirkomulag kjörmanna sem getur valdið því að sá sem færri atkvæði fær frá kjósendum verður forseti, eins og gerðist þegar Donald Trump var kjörinn forseti árið 2016. Lýðræðið er vandmeðfarið.

Víkur þá sögunni hingað upp á Ísland. Við teljum okkur til fyrirmyndar annarra ríkja, ekki síst í lýðræðisvæðingu og framkvæmd þess. Þó telja sumir að lengra megi ganga í þeim efnum og í stað þess að málum verði ráðið til lykta af kjörnum fulltrúum, fái kjósendur sjálfir að ráða úrslitum í einstaka málum. Það er ágæt hugsun en einhvers staðar liggur línan.

Meiru skiptir þó að við val á fulltrúum stjórnmálaflokka til Alþingis er atkvæði ekki það sama og atkvæði. Þannig hefur atkvæði kjósanda í Reykjavíkurkjördæmum nærri helmingsvægi miðað við atkvæði kjósanda handan Hvalfjarðarganga, í Norðvesturkjördæmi. Þetta myndi Bandaríkjamönnum jafnvel þykja skrýtið. Það hlýtur að vera grundvallarþáttur lýðræðis að öll atkvæði sem greidd eru í kosningum hafi sama vægi.

Allt frá því að þéttbýli tók að myndast hér hefur atkvæðum verið mismunað eftir því hvar kjósendur búa. Nú er svo komið að aðeins fimm prósent landsmanna búa í dreifbýli. Það hefur ekki alltaf verið svo. Í byrjun síðustu aldar bjuggu rúmlega 75 prósent í dreifbýli. Ýmsar forsendur að baki mismununinni hafa því breyst eftir því sem tímar hafa liðið og íslenskt samfélag þróast.

Nú er svo komið að erfitt er að finna rök sem styðja misvægi atkvæða eftir búsetu.

Allt frá því að þéttbýli tók að myndast hér hefur atkvæðum verið mismunað eftir því hvar kjósendur búa.

Tannlækningar í Ungverjalandi

Sparaðu allt að 50-70%!



Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573

info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is

Halldór



Frá degi til dags

Deild eða nefnd

Málflutningur í yfirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu í síðustu viku hefur valdið skjálfta meðal Sjálfstæðismanna sem sjá ástæðu til að stíga fram og minna á nokkur grundvallaratriði í íslenskri stjórnskipun. Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll landsins, minnti formaður flokksins landsmenn á eftir málflutninginn. Mannréttindadómstóllinn væri í raun og veru deild frekar en dómstóll í hefðbundnum skilningi. Ekki liggur fyrir hvort um er að ræða nýja útfærslu á „útlendu nefndinni“ eins og dómstóllinn var uppnefndur áður.

Fullveldi flokksins

Þótt áköfustu stuðningsmenn málskots til yfirdeildarinnar séu farnir að draga verulega í land með væntingar sínar um málalok í Strassborg skortir ekki skýringarnar á líklegu tapi. Dæmi dómstóllinn Íslandi í óhag gerir hann það í eiginhagsmunaskyni að mati Sigríðar Andersen. Ef allt um þrýtur má alltaf leita á náðir fullveldisins sem reynst hefur vel í umræðu um mál sem koma Íslandi í koll erlendis. Fullveldisrökin geta þó valdið ruglingi bæði meðal þjóðarinnar og flokksmanna sjálfra því ekki er víst að allir geti greint á milli fullveldis Íslands og fullveldis flokksins þegar kemur að skipun dómara.

adalheidur@frettabladid.is

Skattaparadís



Oddný G. Harðardóttir
formaður þingflokks Samfylkingar

Þegar Panamaskjölin komust í fjölmiðla og myndir af íslenskum ráðherrum voru dregnar upp á blöðum og skjáum út um allan heim, skammaðist þjóðin sín. Báðir eru þó enn á Alþingi Íslendinga, annar formaður stjórnmálaflokks en hinn fjármálaráðherra og yfirmaður skattamála. Við áttum heimsmet í fjölda kennitala í Panamaskjölunum. En við áttum hins vegar ekki heimsmet í úrvinnslu málanna enda of fátt starfsfólk hjá Ríkisskattstjóra og Skattrannsóknarstjóra til að takast á við þessi flóknu mál og tvíverknaður innbyggður í kerfinu.

Á meðan til eru skattaskjól og leiðir greiðar til skattsvika verður fé skotið undan skatti. Jafnvel þó að samfélagið skaffi fyrirtækjum vegi, hafnir, flugvelli, menntað starfsfólk, heilbrigðisþjónustu og löggæslu, þá virðast sumir samborgarar okkar telja að aðrir eigi að bera hitann og þungann af þeim fjárfestingum. Sumir eigendur fyrirtækja virðast telja að gróði eigi að renna óskiptur til eigenda fyrirtækjanna.

Talið er að skattsvik séu um 80-100 milljarðar króna á ári hverju hér á landi. Með bættu skatteftirliti og skattrannsóknum gæti stór hluti þeirrar fjárhæðar gengið til heilbrigðismála, menntamála, samgöngumála, húsnæðis- og barnabóta og til að draga úr skerðingum bótakerfisins.

Skattsvikarar vilja láta aðra bera sinn hlut af kostnaði við rekstur velferðarkerfisins, en njóta sjálfir góðs af því. Og stjórnvöld spila með, með veiku opinberu skatteftirliti. Auk þess veldur tvíverknaður því að of langur tími fer í rannsókn og fullvinnslu mála þannig að mál fyrnast eða sektir verða minni en ella.

Fyrirkomulagið er seinvirkt og kostnaðarsamt og hvorki hinu opinbera né meintum sakborningum í hag. Ef embætti skattrannsóknarstjóra fengi ákæruvald, líkt og Samfylkingin leggur til með nýlegri þingsályktun, fengju fleiri mál fullvinnslu og niðurstöðu. Í september 2019 voru 140 óafgreidd mál frá Skattrannsóknarstjóra hjá héraðssaksóknara. Þar af 6 frá árinu 2015 og 9 frá árinu 2016 og 11 frá 2017. Almannahagsmunir krefjast þess að stjórnvöld bregðist við slíku ástandi.

Talið er að skattsvik séu um 80-100 milljarðar króna á ári hverju hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Bandaríkin

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Þetta orð, þetta nafn á landi, hefur yfir sér einstakan blæ. Von og ótta. Frelsi og fáránleika. Gleði og sorg. Maður finnur allt í Bandaríkjunum. Alla öfga, í allar áttir. Bandaríkin eru úti um allt í manns daglega lífi. Maður horfir á bandarískt sjónvarp og bíómyndir. Notar bandarískar tölvur og tölvuforrit. Les bandarískar bækur. Og sörfar á bandarískum fréttamiðlum. Börnin horfa á bandaríska spéfugla á YouTube. Okkur hjónin rak í rogastans um árið þegar við uppgötvuðum allt í einu að börnin okkar voru orðin altalandi á ensku. Þau höfðu lært á netinu. Íslenskt samfélag er eiginlega orðið tvítyngt. Tækni- og netmálið, og að stórum hluta mál afþreyingarinnar, er enska, á meðan íslenska er blessunarlega ennþá hið daglega mál. Sum börn, hef ég orðið var við, eru þó farin að svissa yfir í ensku þar líka. Þá gerist ég iðulega forn og vanda um fyrir ungviðinu.

Alls konar áhrif

Það sem gerist í Bandaríkjunum hefur áhrif á alla heimsbyggðina, en líklega hafa þó Bandaríkin einstaklega mikil áhrif á Íslandi. Til að skilja íslenskt samfélag, vil ég meina, verður maður að horfast í augu við það hvað Ísland er nálægt Bandaríkjunum í menningu og háttum. Við tengjum okkur mikið við Norðurlöndin en okkur er hins vegar tamt að líta fram hjá og gera minna úr yfirgripsmiklum áhrifum nágrannans í vestri. Ef maður rýnir aðeins, birtist myndin þó fljótt. Menningin er eitt — sjónvarpið og það allt — en svo eru öll hin stóru dæmin: Veigamiklir þættir samfélagsins eru hér einkareknir, eins og í Bandaríkjunum. Björgunarsveitir, meðferðarúrræði, þjónusta við aldraða og fatlaða. Á Íslandi er sterk hefð fyrir því að fjölskyldur og frjáls félagasamtök annist þessa hluti. Eins og í Bandaríkjunum. Og hér er líka borin furðulega mikil og undarleg virðing fyrir einstaklingsframtaki, sem birtist í því að fólk hér þarf ekki að borga gjald fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum. Það má bara verða skítríkt. Það er fáránlega bandarísk pæling. Fleira mætti án efa nefna.

Styrjöld í gangi

Að þessu sögðu tel ég mig hafa útskýrt nægilega fyrir sjálfum mér og lesendum af hverju í ósköpunum ég hef verið, á undanförnum mánuðum — ef ekki árum — gjörsamlega heltekinn af fréttum úr bandarísku samfélagi. Ég endurhleð vefsíðu New York Times um það bil á hálftíma fresti. Ég drekk í mig fréttir af forvali Demókrataflokksins og les pistla um dusilmennið Trump eins og reyfara. Hverju sætir? Jú, Bandaríkin eru svo nálægt manni. Og eftir að hafa sökkt mér í þetta sé ég ekki betur en að það sé eiginlega stríð í gangi í Bandaríkjunum. Það geisar þar menningarleg styrjöld. Hún er sem betur fer háð með orðum en ekki tólum, en hatrömm er hún. Mér finnst nánast eins og maður þurfi að bregða sér vestur eftir og taka þátt. Bera út bæklinga í hús í einhverju úthverfinu. Mér finnst ég skilja hvernig ungu fólki leið sem ákvað að fara til Spánar í gamla daga og berjast fyrir lýðræðinu við heri Franco einræðisherra.

Stríðið í Bandaríkjunum snýst um jafn mikilvæga hluti. Málsvarar hins opna og umburðarlynda samfélags — þar sem gildi eins og sannleikur, heiðarleiki, sanngirni, tjáningarfrelsi, upplýstar ákvarðanir og jöfn tækifæri eru í hávegum höfð — eiga í magnaðri orrahríð við erindreka sérhagsmuna sem víla ekki fyrir sér að spinna alls konar lygavefi, hunsa vísindalegar staðreyndir, ala á hatri og mölbrjóta alla múra heiðarlegrar háttsemi til þess að fá vilja sínum framgengt, sem er að halda völdum í þágu sinna eigin hagsmuna.

Alvarleiki málsins

Paul Krugman benti á um daginn í einni grein sinni í New York Times hversu svakalegt það væri að annar af stóru stjórnmálaflokkunum í stærsta hagkerfi heims beinlínis hafnar gróðurhúsaáhrifunum. Hlýnun andrúmsloftsins er ekki að eiga sér stað samkvæmt Repúblikanaflokknum. Stærsta hagkerfi heims er sem sagt um þessar mundir stjórnað af stjórnmálaflokki sem ber öll einkenni mjög furðulegs sértrúarsafnaðar. Það er korter í að þessi flokkur haldi því fram að jörðin sé flöt og að rökin fyrir því séu „af því bara“.

Útlitið er ekki bjart, en megi Demókrötum auðnast að sameina sjálfa sig gegn þessu yfirgengilega rugli því þetta ástand varðar ekki bara Bandaríkin heldur okkur öll. Amy, Bernie, Elisabeth, Michael, Pete eða Joe. Hver sem sigrar í forvalinu. Þið megið ekki klikka á þessu! Ég brjálast.



Skapar sér nafn á Spáni

Alexander Isak, drengurinn sem var yfirleitt kallaður næsti Zlatan Ibrahimovic, er að skapa sér eigið nafn með Real Sociedad í spænsku deildinni.

FÓTBOLTI Líkt og liðsfélagi hans hjá Real Sociedad, Martin Ödergaard, er Alexander Isak að sýna þessa dagana af hverju hann var um tíma einn eftirsóttasti unglingurinn í Evrópu. Isak skoraði sigurmarkið á lokamínútum leiksins gegn Athletic Bilbao um helgina eftir að hafa lagt upp fyrra markið. Það kórónaði góða viku hjá Isak sem skoraði tvö og lagði upp annað gegn Real Madrid í spænska bikarnum fyrr í vikunni. Með sigrinum heldur Real Sociedad í næstu lið og draumur smáliðsins frá San Sebastián um sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta ári lifir góðu lífi.

Svíinn byrjaði óvænt á bekknum gegn nágrönnunum í Baskaslagnum en var skipt inn á völlinn á 55. mínútu og var fljótur að láta til sín taka. Tíu mínútum síðar fann hann liðsfélaga sinn, Portu, inn á vítateig Bilbao þegar heimamenn komust yfir. Rétt fyrir leikslok var Isak sjálfur á ferðinni og skoraði sigurmarkið eftir að gestirnir höfðu jafnað þegar hann fylgdi eftir eigin skoti.

Vakti ungur athygli

Isak sem er af erítreskum uppruna er fæddur og uppalinn í Stokkhólmi þar sem hann gekk til liðs við AIK sex ára gamall. Þegar Isak var fimmtán ára var hann farinn að banka á dyrnar hjá aðalliðinu þar sem Haukur Heiðar Hauksson varð liðsfélagi hans. Isak fékk eldskírn sína gegn Tenhult í bikarnum sextán ára og tók það hann aðeins ellefu mínútur að brjóta ísinn fyrir AIK.

Isak var tekinn inn í aðalliðshóp sænska félagsins sextán ára og lék á fyrsta ári sínu 29 leiki í öllum keppnum, þar af þrjá í Evrópudeildinni. Í þessum 29 leikjum skoraði ungi framherjinn þrettán mörk, þar af tíu í 24 leikjum í sænsku deildinni. Var hann verðlaunaður sem nýliði ársins í sænsku deildinni.

Þetta vakti athygli stærstu liða Evrópu og gekk Real Madrid hart á eftir hinum sautján ára Isak ári eftir að Ödergaard skrifaði undir á Spáni en Isak ákvað að semja við Dortmund. Þýska félagið greiddi metfé fyrir leikmann úr sænsku deildinni, níu milljónir evra. Tók Isak þar fram úr Zlatan Ibrahimovic þegar hann var keyptur til Ajax frá Malmö árið 2001. Frá því að Isak skaust fram á sjónarsviðið með AIK hefur hann oft verið kallaður „næsti Zlatan“ og arftaki sænsku goðsagnarinnar hjá sænska landsliðinu. Það eru því miklar væntingar gerðar til hans í heimalandinu.

Hjá Dortmund fékk Isak aldrei tækifæri til að láta ljós sitt skína enda hætti Thomas Tuchel, sem fékk Isak til liðsins, með liðið hálfu ári seinna. Heilt yfir kom Isak við sögu í þrettán leikjum á tveimur árum, oftast sem varamaður. Fyrir vikið óskaði hann eftir því að yfirgefa félagið á láni og stökk á tækifærið þegar Willem II bauð honum að koma á láni. Lífið gekk betur í Hollandi þar sem Svíinn skoraði þrettán mörk í sextán leikjum.

Ljóst var að tækifærin yrðu af skornum skammti hjá Dortmund og tók Isak tilboði Real Sociedad sem keypti hann frá Þýskalandi á 8,5 milljónir evra. Isak átti erfitt uppdráttar fyrstu mánuðina og skoraði aðeins tvö mörk í fyrstu tólf leikjunum en með jöfnunarmarki gegn Börsungum brast stíflan. Í næsta leik skoraði Isak tvö og boltinn fór að rúlla. Í ellefu leikjum eftir að hafa skorað gegn Barcelona hefur Isak skorað ellefu mörk.

Spennandi verður að fylgjast með framgöngu Isak með bæði Real Sociedad og sænska landsliðinu næstu árin. Þrátt fyrir ungan aldur er hann kominn með 88 leiki í meistaraflokki og hefur skorað í þeim 42 mörk ásamt því að skora fjögur mörk í tólf landsleikjum.

Ef hann heldur áfram að raða inn mörkum með liði Real Sociedad er ekki ólíkleg að stærstu lið Evrópu fari að sýna Svíanum áhuga á ný en nú ætti hann að vera tilbúnari í hlutverk framherja stórliðs.

kristinnpall@frettabladid.is



HETJA HELGARINNAR

Salan á Isak til Dortmund var fyrir metfé í sænsku deildinni. Með því tók Isak fram úr Zlatan Ibrahimovic.

Alexander Isak

Fæddist 21. ágúst 1999 og er alinn upp í Stokkhólmi í Svíþjóð, sonur innflytjenda frá Erítreu. Þegar hann var sex ára var hann byrjaður að æfa með yngri flokkum AIK, eins af stærstu klúbbum Skandinavíu, og tíu árum síðar lék hann fyrsta leik sinn fyrir uppeldisfélagið. Isak sem varð tvítugur á síðasta ári er búinn að leika tólf landsleiki fyrir Svíþjóð.

Isak er búinn að skora átta mörk í síðustu sex leikjum með Real Sociedad í öllum keppnum.

Aldís Kara braut blað í íslenskri listskautasögu um helgina

LISTSKAUTAR „Fyrsta tilfinningin sem ég fann eftir á var bara léttir. Þetta er búið að vera markmiðið síðustu tvö ár, að komast inn á þetta mót og það hafðist í þetta skiptið. Fyrst og fremst var tilfinningin góð en það var líka smá sjokk þegar þetta var komið á hreint,“ segir hin sextán ára gamla Aldís Kara Bergsdóttir, aðspurð hvernig tilfinningin hafi verið þegar hún varð fyrsti einstaklingurinn sem tryggði sér þátttökurétt á HM unglinga í skautum um helgina.

Það gerði Aldís Kara á Norðurlandamótinu sem fór fram í Stavanger í Noregi um helgina. Þar varð Aldís Kara fyrsti Íslendingurinn til að vinna sér inn tæknistig hjá Alþjóðaskautasambandinu sem veitir þátttökurétt á HM unglinga í skautum sem fer fram í Tallinn, Eistlandi, í byrjun mars. Til þessa hefur aðeins íslenskt lið öðlast þátttökurétt á HM þegar íslenska sveitin komst tvö ár í röð, 2002 og 2003.

> **Ég vissi það fyrir mót að þetta væri síðasta mótið áður en skráningunni myndi ljúka fyrir HM svo að þetta væri síðasta tækifærið.**
>
> Aldís Kara Bergsteinsdóttir, listskautakona

Aldís Kara hefur verið að skauta vel í vetur, bæði á Halloween Cup og Reykjavíkurleikunum fyrr í vetur sem fóru fram hér á landi. Í Noregi fékk Aldís 43,34 stig í fyrri hlutanum og samanlagt 115,39 stig á mótinu í Noregi. Það er bæting upp á 11,87 stig frá Norðurlandamóti síðasta árs og bætti Akureyringurinn á ný stigamet Íslendings í unglingaflokki á Norðurlandamótinu. Þessi stig skiluðu Aldísi 8. sæti á mótinu sem er besti árangur Íslendings á NM og fimmta sæti í tæknistigum. Þar þótti Aldís skara fram úr í frjálsa prógramminu.



Aldís fer fyrir hönd Íslands á HM í Tallinn. SKAUTASAMBANDIÐ/HAFSTEINN

„Ég vissi það fyrir mót að þetta væri síðasta mótið áður en skráningunni myndi ljúka fyrir HM svo að þetta var síðasta tækifærið. Fyrir vikið var allt kapp lagt á þetta mót í aðdragandanum og núna fer fókusinn á HM.“

Aðspurð segir Aldís heilt yfir vera ánægð með frammistöðu sína í Noregi en segir að það sé hægt að fínpússa nokkra hluti.

„Ég held að ég muni bara halda mig við það sem ég kann, dansinn sem ég hef verið að vinna með. Geri hann eins vel og ég get, geri hann án mínusa. Ég fékk nokkra mínusa í Noregi þegar ég náði ekki að klára stökkið mitt í fyrra prógramminu. Það var pínu stress í gangi þá. Svo fékk ég mínus þegar lendingin var ekki nógu góð í seinna prógramminu en annars var allt gott,“ segir Akureyringurinn enn fremur.

Aldís fær þrjár vikur til undirbúnings fyrir HM sem fer fram 2-8. mars næstkomandi í Tallinn. Það gæti hins vegar sett strik í reikninginn í undirbúningnum hjá Aldísi að riðill kvennalandsliðs Íslands í 2. deild á HM í íshokkíi fer fram á Akureyri undir lok mánaðarins.

Aldís segist ekki vera viss hvort HM í íshokkíi muni trufla hana þegar hún er spurð út í það.

„Ég er búin að ræða við þjálfarann minn, hún er búin að skipuleggja næstu vikur en ég veit ekki hvernig þetta verður þegar það fer að styttast í mótið þegar HM er að byrja,“ segir Aldís. **– kpt**

FÓLK
Lífsstíll
MÁNUDAGUR 10. FEBRÚAR 2020



Við leggjum áherslu á að fá fólkið með okkur í dansinn og það taki þátt í sýningunum með okkur. Þá myndast mikið stuð og stemming, segja þau Anna og Friðrik sem ætla að hverfa hundrað ár aftur á bak í tímann með Charleston-áhrifum á fimmtudaginn. MYND/JAVI VALINO FÖRÐUN/GUÐNÝ RÓS STRÖM HJALTADÓTTIR

Órjúfanlegir dansfélagar

Anna Claessen og Friðrik Agni Árnason eiga ekki í vandræðum með að fá fólk til að dansa og þannig verður það hjá þeim í „Roaring 20's“ partíi á Hard Rock. →2

BetterYou
B-12 BOOST
Aukin orka
skarpari hugsun




Charleston-danspían Anna Claessen er sko alveg tilbúin í sýninguna.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Anna og Friðrik hafa þekkst frá því þau voru börn. Á seinni árum hefur vinskapurinn orðið að heilu fyrirtæki þar sem dansinn er tekinn með trompi. Danssamfélagið þeirra nefnist Dans og Kúltúr en þau Anna og Friðrik eru sérfræðingar í að láta sýningar og danskennslu renna saman í eina sæng. Á fimmtudagskvöldið verður partíið tekið upp á annað plan þegar við bætast kögur, fjaðrir, slaufur og nýburstaðir skór með Charleston-dansi og 1920 í farteskinu. Með þeim stíga á svið María Callista og Lalli töframaður ásamt hugsanlegum óvæntum gestum.

Charleston-dansinn heitir eftir samnefndri hafnarborg í Suður-Karólínu. Takturinn varð vinsæll árið 1923 með danstónlist, sérstaklega The Charleston eftir James P. Johnson sem átti uppruna sinn í vinsælli sýningu á Broadway.

„Við ætlum að horfa 100 ár aftur til fortíðar og rifja upp það skemmtilega tímabil sem ríkti þá í klæðnaði og dansi," segja þau Anna og Friðrik. „Við höfum lengi viljað efla danssamfélagið á Íslandi og höfum verið með alls kyns uppákomur síðustu tvö ár," segir Friðrik. „Í fyrstu voru dansskólarnir með okkur á þessum kvöldum og gátu þá sýnt hvað þeir væru að bjóða upp á. Það er svo ótrúlega margt í boði. Þessi kvöld sameinuðu danssýningar og kennslu. Núna erum við að þróa okkur meira út í „show" þar sem gestir eru þátttakendur. Við erum einnig með skemmtiatriði svo fólk er að fá heilmikið út úr kvöldinu. Núna verðum við með þema frá Charleston-tímabilinu sem er svo ótrúlega skemmtilegt og hægt að klæða sig upp," segir Friðrik.

Vinir frá barnæsku

Þegar þau eru spurð hvernig samstarfið hafi byrjað, svarar Friðrik: „Við höfum verið vinir lengi og það er fyrst og fremst dansinn sem tengir okkur saman," og Anna bætir við að Friðrik hafi keppt í dansi með bróður hennar þegar þeir voru krakkar. „Þegar við urðum eldri enduðum við á því að dansa saman á Gay pride-sýningu árið 2003. Upp frá því höfum við verið bestu vinir og höfum dansað saman í hinum ýmsu uppákomum," útskýrir hún en Friðrik hefur dansað í sýningum Páls Óskars, Haffa Haff, Svölu, Yesmine og fleirum. „Vinskapurinn slitnaði ekkert þó að við höfum verið hvort í sinni heimsálfunni í nokkur ár. Ég bjó í Dúbaí og hún í Kaliforníu," segir Friðrik og Anna bætir við að þau hafi flutt heim á sama degi án þess að vita hvort af öðru.

Dansinn var auðvitað partur af þeim í nýjum heimkynnum þótt önnur störf hafi einnig verið unnin. Friðrik starfaði sem listrænn stjórnandi hjá tískufyrirtæki í Dúbaí auk þess að kenna zumba og fleiri dansa. Hann kom fram á alls kyns viðburðum þar í landi. Anna rak hlaðvarpsfyrirtæki í Los Angeles meðfram því að kenna dans, meðal annars zumba í LA Fitness. Hún tók viðtöl við stjörnurnar í Hollywood auk þess að koma fram í leik og dansi. Þau eru bæði dansarar og starfa í World Class auk þess sem þau reka Dans og Kúltúr og bjóða upp á sýningar ef um þær er beðið, til dæmis hjá fyrirtækjum, hópum eða í gæsa- eða steggjapartíum. Nú síðast voru þau að sýna á Safnanótt í Reykjavík. Friðrik er menntaður í menningarstjórnun og starfar sem verkefnastjóri Listahátíðar í Reykjavík. „Við leggjum áherslu á að fá fólkið með okkur í dansinn og það taki þátt í sýningunum með okkur. Þá myndast mikið stuð og stemming," segja þau. „Fólk þarf að finna þessa dansgleði innra með sér. Það er svo æðisleg orka sem losnar um í þessari dansgleði."

Ferðalög, dans og menning

Dans og Kúltúr hefur einnig þróast út í ferðamennsku og sameinast þar áhugi þeirra beggja á dansi og ferðalögum. Þau hafa farið til Spánar með hópa, Marokkó og eru á leið til Dúbaí í næsta mánuði. „Við vorum reyndar að undirbúa sjónvarpsþátt þegar við fórum að velta fyrir okkur hvernig við gætum sameinað áhugamál okkar sem eru dans, menning og ferðalög. Við fórum í stutta ferð til Spánar og fengum þá þessa hugmynd, að bjóða fólki í dansferðalag. Tveimur mánuðum seinna fórum við í fyrstu ferðina sem seldist fljótt upp. Við fórum tvisvar til Cambrils sem er stutt frá Barcelona og hóparnir samanstóðu af fólki á öllum aldri. Næsta ferð var til Marokkó sem var algjört ævintýri. Nú bíðum við spennt eftir að komast til Dúbaí," segir Friðrik sem er vel kunnugur borginni eftir að hafa búið þar.

„Að koma til Dúbaí er eins og að stíga inn í annan heim," segir hann. „Þessa ferð erum við að vinna í samstarfi við Jallabina Workout sem er staðsett í Stokkhólmi. Ég vann mikið með þeim þegar ég bjó sjálfur í Svíþjóð. Í ferðinni verður boðið upp á dans og nýjan menningarheim. Íslenski hópurinn mun síðan sameinast hópum frá öðrum Norðurlöndum í Dúbaí. Borgin býður upp á stórbrotna menningu, hún er ótrúlega hrein og áhrifa gætir víða frá í heiminum. Þarna er gríðarleg efling í nýsköpun og ungt fólk frá Evrópu flykkist til Dúbaí því þar leynast mörg tækifæri. Launin eru góð og það eru engir tekjuskattar þannig að fólk hefur það gott. Lúxusinn er alls staðar sjáanlegur."



Friðrik Agni gæti alveg verið farinn aftur á bak í tíma til 1920 sem hann segir hafa verið æðislegan tíma í fatnaði.

> **Fólk þarf að finna þessa dansgleði innra með sér. Það er svo æðisleg orka sem losnar um í þessari dansgleði.**

Dansinn er gleðisprengja

Friðrik og Anna segja að sjónvarpsþættir um dans hafi mikil áhrif á áhuga fólks á að læra hann. Allir get dansað á Stöð 2 og Sporið á RÚV hafa verið mjög vinsælir þættir. „Þátturinn Strictly Come Dancing hefur verið eitt vinsælasta efnið á BBC í mörg ár. Það er mikil dansmenning í Bretlandi og til dæmis er algengt að eldra fólk komi saman á pöbbum til að dansa," segir Friðrik og bætir við að dansinn sé núvitund og í ljós hafi komið að hann hefur góð áhrif gegn minnisglöpum.

„Dansinum fylgir gleðiorka sem gefur endorfín. Hann er ótrúlega góður til að vinna á alls kyns andlegum kvillum auk þess sem hann er frábær fyrir líkamann líka. Til dæmis hrynja kílóin af manni í zumba og það má alveg hafa það gaman í ræktinni um leið og maður formar líkamann," segja þau. „Við elskum að deila dansgleðinni til landsmanna og hlökkum mikið til fimmtudagskvöldsins."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Byggingar-iðnaðurinn

Kynningar:
Hrafnshóll
Bauhaus
Mannvit
Vélar og verkfæri
ÞG verktakar
Skanva
JT Verk
Límtré

MÁNUDAGUR 10. FEBRÚAR 2020



Ómar Guðmundsson, framkvæmdastjóri byggingarfélagsins Hrafnhóls, segir módúl-lausnir bjóða upp á marga möguleika, enda afar hagkvæmar og skilvirkar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Wexus módúl-lausnir fyrir íslenskan húsnæðismarkað

Byggingarfélagið Hrafnshóll býður nú meðal annars upp á húsnæði byggt úr tilbúnum módúlum. Ómar Guðmundsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir þessa byggingaraðferð sífellt vinsælli enda hafi hún í för með sér ótalmarga kosti og henti sérlega vel íslenskum skilyrðum.

Þetta er hagkvæm lausn sem býður upp á mikinn sveigjanleika, byggingarhraða, hagkvæmni í verði, betri nýtingu hráefnis og fleiri umhverfisþætti, segir Ómar um módúl-lausnirnar sem slegið hafa í gegn.

Starfsemi um land allt

„Hrafnshóll ehf. hefur undanfarin ár byggt íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni í samvinnu við sveitarfélög. Verkefni félagsins eru víðs vegar um landið og þegar eru tæplega 40 íbúðir byggðar eða í byggingu í fimm sveitarfélögum; Vík í Mýrdal, Reykhólum, Blönduósi, Búðardal og í Súðavík. Hrafnshóll er með verkefni í undirbúningi á fleiri stöðum."

Fagmennskan er alltaf í fyrirrúmi. „Við höfum sérhæft okkur í byggingu á einingahúsum, og höfum skapað okkur sérstöðu hvað varðar byggingaraðferðir sem má beita hvar sem er á landinu. Við byggjum hratt og örugglega og getum afhent fullbúið íbúðarhúsnæði á innan við fjórum mánuðum."

Hrafnshóll er í samstarfi við hið farsæla fyrirtæki Wexus. „Wexus er nýr samstarfsaðili Hrafnshóls og framleiðir módúl-lausnir fyrir margvíslegar aðstæður. Wexus er norskt fyrirtæki og hefur á skömmum tíma náð góðum árangri í heimalandinu, þar sem þeir vinna mikið með opinberum aðilum sem og einkaaðilum. Í nýrri verksmiðju þeirra er hægt að framleiða meira en 1.500 módúla árlega."

Margir möguleikar á boðstólum með módúlum

„Módúll er húseining, sem er fullbyggð með gólfi, veggjum og þaki, og búið er að innrétta að nánast öllu leyti. Módúllinn er full-einangraður, með gluggum og hurðum, búið er að mála, setja upp innréttingar og jafnvel myndir á veggina! Módúlar geta staðið einir sér, eða að þeim er raðað saman til að mynda stærri heild," útskýrir Ómar.

„Módúl-lausnir eru svar við ákalli um meiri byggingarhraða, meiri gæði, meiri stöðlun og betri nýtingu mannauðs og hráefna. Módúlar eru framleiddir úr timbri, að öllu leyti innandyra, við bestu aðstæður og koma að mestu tilbúnir á byggingarstað."

Ómar segir möguleikana ómælda. „Hvort heldur sem um er að ræða tímabundna stækkun eða varanlegt húsnæði, þá er hægt að laga Wexus módúl-lausnir að margvíslegum þörfum. Sem dæmi má nefna: almennt íbúðarhúsnæði, grunn- og leikskóla, hótel, byggingar í ferðaþjónustunni, sjúkrastofnanir, öryggisíbúðir, starfsmannaaðstöðu og mötuneyti.

Módul-lausnir frá Wexus geta verið til sölu eða leigu. Í mörgum tilfellum getur verið hagstæðara að leigja módúla, til dæmis þar sem þörf er á húsnæði í ákveðinn tíma. Þetta getur til dæmis verið stækkun á skólahúsnæði til að mæta tímabundinni uppsveiflu í fjölda nemenda, vinnubúðir í tengslum við ákveðin verkefni eða hótelbygging sem þarf að vera tilbúin fyrir ferðamannatímann. Oft er ekki til fjármagn til fjárfestinga en svigrúm getur verið til að leigja þá aðstöðu sem þörf er á."

Skortur á hagkvæmum lausnum á markaðnum

Tímabært sé að bjóða upp á hagkvæmari lausnir en margar þeirra sem hingað til hafa staðið til boða. „Íslenskur byggingariðnaður hefur að mörgu leyti setið eftir þegar kemur að hagkvæmum lausnum í byggingariðnaði. Fyrsta hugsun mjög margra er að slá upp mótum og hræra steypu, eins og menn hafa alltaf gert. Steypa er ekki umhverfisvænt efni, þó ekkert komi í staðinn við ákveðnar aðstæður. Enn fremur er ekki hægt að jafna saman byggingarhraða með módúl-lausnum og eldri aðferðum," segir Ómar.

„Við höfum líka slæma reynslu af illa hönnuðum steinhúsum og miklum myglu- og rakavandamálum. Visthæfi timburhúsa er yfirleitt mun betra og rakavandmál minni – þau anda betur. Í nágrannalöndum okkar er mikill meirihluti nýrra húsa gerður úr timbri og víða er óheimilt að nota hefðbundið gifs og spónaplötur í veggjaklæðningar, eins og þykir eðlilegur hlutur á Íslandi."

Oft þurfi að gera betur hvað einangrun snertir. „Þá eru kröfur um einangrunargildi húsa á Norðurlöndunum miklu hærri en hjá okkur – og þrefalt rúðugler. Þegar við byggjum úti á landi skiptir einangrun húsa og orkunýting mjög miklu máli – köld svæði og hár hitunarkostnaður er víðar en margur heldur."

Hægt að byggja allt árið

„Módúl-hús geta verið í framleiðslu meðan unnið er í jarðvinnu og sökklagerð – það stuðlar að styttri byggingartíma og meiri framleiðni. Við notum nútíma sökklakerfi frá Sundolitt® sem hefur mun meira einangrunargildi en íslensk byggingarreglugerð segir til um," útskýrir Ómar.

„Meiri gæði fást með smíði eininga og módúla innandyra við bestu aðstæður. Hættan á að raki komist í byggingarhluta er í lágmarki í samanburði við að byggja utandyra við íslenskar aðstæður."

Þannig hafi hið óútreiknanlega íslenska veðurfar ekki áhrif á framleiðslu. „Við íslenskar aðstæður er mjög mikilvægt að framleiðsla módúla fer fram óháð veðuraðstæðum. Vegna þess hversu uppsetningartími er stuttur er hægt að nota hægviðriskafla að vetrum til að reisa hús, jafnvel þó að snjór sé og frost. Þetta gerir það að verkum að mögulegt er að byggja allt árið um kring," segir hann.

„Gluggar og hurðir eru komnar í módúlana, þannig að lokafrágangur að utan tekur skamman tíma, frá því húsið hefur verið reist."

Meiri gæði, hraðara ferli og betri nýting hráefnis

Kostirnir eru margir og ótvíræðir. „Þar sem framleiðsla módúla fer fram innandyra, alltaf á sama stað og er alltaf framkvæmd af sama sérhæfða starfsfólkinu, aukast framleiðni og gæði framleiðslunnar á sama tíma og auðveldara er að gera áætlanir um efnisþörf fyrir hvert verkefni – og ná hagkvæmni í innkaupum. Úrgangur frá byggingarsvæðum getur auðveldlega fyllt marga gáma. Með því að módúlar koma tilbúnir á byggingarstað, má minnka sóun byggingarefna verulega og auðvelda flokkun úrgangs, bæði í verksmiðjunni og á byggingarstað."

Ferlið er bæði fljótt og öruggt. „Í framleiðslu módúl-lausna eru gólf, veggir og þak byggt á sama tíma. Hefðbundnar byggingaraðferðir gera ráð fyrir að gólfið sé gert fyrst, síðan veggirnir og þá þakið. Með því að setja húsið allt saman í verksmiðju styttist ferlið, auk þess sem hægt er að vinna mest alla innivinnu, svo sem málningarvinnu, uppsetningu innréttinga og undirbúa raf- og pípulögn."



Þessi leikskóli í Noregi er byggður með módúl-lausnum. Hægt er að mæta sveiflum í fjölda leikskólabarna með því að fjölga einingum og fækka þeim aftur þegar börnum fækkar.



Hér má sjá hótelbyggingu í undirbúningi á Íslandi en möguleikar módúl-bygginga eru ótæmandi.

„Hægt er að byggja allt milli himins og jarðar; skóla, starfsmannaaðstöðu og mötuneyti, viðbætur við heilbrigðisstofnanir, gistirými og jafnvel stór hótel.

Aukinn sveigjanleiki í módúl-lausnum

„Módúl-byggingar gefa sveigjanleika í framkvæmdum sem erfitt er að ná fram með hefðbundnum byggingaraðferðum. Hægt er að bæta við eða fjarlægja módúla ef henta þykir. Hægt er að færa módúl-byggingar úr stað, breyta, endurnýja og nýta annars staðar."

Þá eru allar helstu ákvarðanir er varða útlit og efni teknar í samráði við kaupanda. „Módúlar eru hannaðir í samvinnu við kaupendur. Ekki er um staðlaðar lausnir að ræða, að öðru leyti en að þær koma sem allra mest tilbúnar frá framleiðanda. Útlit, utanhússklæðningar, innanhússhönnun, efnisval, innréttingar og annað er hannað í samvinnu við kaupanda."

Erfitt sé að greina útlitslegan mun á milli módúla og annarra bygginga. „Sjaldnast er auðvelt að sjá hvort bygging er gerð úr módúlum. Í samvinnu við arkitekt og með klæðningum er hægt að gera bygginguna þannig úr garði að hún líti út eins og ein heild. Þetta á einnig við þegar módúl-byggingar eru settar upp sem stækkun við byggingu sem fyrir er."

Lægri byggingarkostnaður

Þessar lausnir hafa í för með sér minni kostnað. „Meiri byggingarhraði módúl-lausna – þar sem gæðin eru jafnframt tryggð – minnkar fjármagnskostnað á byggingartímanum. Hægt er að reisa reisa módúla og einingahús allt árið um kring sem einfaldar áætlanagerð og eykur jafnframt framleiðni."

Ómar nefnir dæmi um slík tilfelli hérlendis. „Tvö nýleg íslensk dæmi um viðbyggingar við leikskóla – í báðum tilfellum var ætlunin að stækka um 200 fermetra. Í öðru tilfellinu var hætt við stækkun – bolmagn til fjárfestinga skorti. Þarna hefði mátt hugsa sér að leigja módúla til skemmri eða lengri tíma. Í hinu tilfellinu var lagt af stað með steypta varanlega lausn, þar sem fermetraverð í byggingunni nálgast eina milljón króna. Mikið fjármagn þarf í verkefnið og byggingartíminn er langur. Að kaupa eða leigja módúla hefði líklega kostað helmingi minna og tekið helmingi styttri tíma."

Hægt er að byggja allt milli himins og jarðar. „Starfsmannaaðstaða og mötuneyti, viðbætur við heilbrigðisstofnanir, gistirými og jafnvel stór hótel. Þetta er allt hluti af því sem má byggja með Wexus-módúlum á fljótlegan og hagkvæman hátt."

Módúl-lausnir eru í takt við tíðarandann sem kallar meðal annars á ábyrgari framleiðsluhætti. „Á tímum þar sem auknar kröfur eru um hraða framkvæmda, meiri framleiðni og betri nýtingu fjármagns – á sama tíma þurfum við að gæta að umhverfinu og velja lausnir sem skilja eftir sig minna fótspor, þar sem hægt er að endurnýta og endurvinna á hagkvæmari hátt en við höfum gert áður. Með því að velja Wexus módúl-lausnir í húsnæðismálum geta bæjarfélög og fyrirtæki stigið ákveðin skref í þessa átt," segir Ómar.

Nánari upplýsingar um Hrafnshól og Wexus módúl-lausnir er að finna á: hrafnsholl.is og wexus.no

HRAFNSHÓLL
HAGKVÆMAR HÚSNÆÐISLAUSNIR

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA



FSC FORESTS FOR ALL FOREVER™
Umhverfisvæn vara
Rationel notar timbur úr sjálfbærum skógum í framleiðslu sína

GLUGGADAGAR

Tökum við pöntunum fyrir vorið núna!

Það eru glugga- og hurðadagar í febrúar. Gluggasérfræðingar okkar í Fagmannaverslun Kjalarvogi, eru að taka við pöntunum fyrir vorið núna. Aðeins 8-12 vikna afgreiðslufrestur. Pantaðu tímanlega. Við gefum frábær tilboð í febrúar. Hafðu samband á netfangið gluggar@husa.is.



Grænn vara

• Ál- og trégluggar • Útihurðir • Svalahurðir • Áratuga reynsla

RATIONEL gluggar og hurðir

Danskir hágæðagluggar og hurðir sem endast!

Allir gluggar Rationel eru vottaðir og slagveðurs-prófaðir og henta því einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður.

Gott og vandað gæðahandverk á mjög góðu verði.


FORMA
TRÉ


FORMAPLUS
TRÉ/ÁL


AURAPLUS
TRÉ/ÁL


AURA
TRÉ

Fáðu tilboð hjá sérfræðingum okkar í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar

í Kjalarvogi 12-14 eða hafðu samband í síma 525 3000
eða tölvupósti gluggar@husa.is



Stórsýningin Verk og vit

Við erum á stórsýningunni Verk og vit í Laugardalshöll 12.–15. mars 2020

Hæsta bygging heims laðar að

Ferðaþjónustan í Dúbaí hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum. Glæsileiki borgarinnar á ekki síst þátt í því og þar með talið hæsti skýjakljúfur í heimi þangað sem ferðamenn flykkjast.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Burj Khalifa er hæsta mannvirki heims, 828 metrar. Framkvæmdir hófust í september 2004 en turninn var opnaður almenningi 4. janúar 2010 og hefur fengið margar viðurkenningar. Hann er 163 hæðir og getur fólk farið upp og virt fyrir sér Dúbaí og nálæga staði með undurfögru útsýninu. Í heiðskíru lofti er stundum hægt að sjá til Íran. Burj Khalifa er þó varla fyrir lofthrædda. Það er opið allan sólarhringinn og gestir dásama mjög að koma þarna á þeim tíma sem sólin sest til viðar. Risavaxnar byggingar sem löngum hafa verið frægar fyrir hæð sína eru smávaxnar miðað við Burj Khalifa og má þar nefna Eiffelturninn í París, Empire State eða CN-turninn í Toronto.

Í fyrstu átti turninn að heita Burj Dubai en nafninu var breytt til heiðurs forseta Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Khalifa bin Zayed Al Nahyan. Burj Khalifa turninn var hannaður af Adrian Smith og Owings & Merrill en fyrirtækið hannaði einnig Willis-turninn í Chicago og One World Trade Center í New York. Hönnunin er sótt til byggingarlistar á svæðinu eins og stóru moskunnar í Samarra.

Byggingin er sérstaklega hönnuð með tilliti til hitastigs í Dúbaí á sumrin. Það eru 57 lyftur í turninum og átta rúllustigar. Meira en 7.500 verkamenn komu frá Suður-Asíu til að vinna við bygginguna en þó nokkur gagnrýni kom fram á lág laun þeirra og illa meðferð. Til dæmis voru tekin af þeim vegabréfin þar til að verki loknu. Nokkur frömdu sjálfsvíg á byggingarstiginu.



Nýju ári er fagnað í Dubai með flugeldum frá hæstu byggingu veraldar.



Mynd birtist á Burj Khalifa af NBA-stjörnunni Kobe Bryant og dóttur hans, Gianna, þegar fréttist af hörmulegu slysi í Kaliforníu þar sem þau fórust bæði ásamt fleirum. Kobe heimsótti Dúbaí árið 2013. NORDICPHOTOS/GETTY

Armani lúxushótel er í byggingunni en við hliðina er risastór gosbrunnur sem vaknar á kvöldin með vatnsbogum, ljósasýningu og tónlist. Hann mun vera mikið sjónarspil sem ferðamenn ættu ekki að láta fram hjá sér fara. Þegar staðið er efst í Burj Khalifa er hægt að horfa á gosbrunninn frá allt öðru sjónarhorni. Gosbrunnurinn er 270 metra langur og vatnið frá honum spýtist upp í 150 metra hæð. Gosbrunnurinn nefnist Dubai Fountain.

Gríðarlegur fjöldi fólks heimsækir turninn og eykst frá ári til árs. Árið 2018 komu 1,87 milljónir í turninn. Svo virðist vera sem Þjóðverjar hafi verið fjölmennastir erlendra gesta, Bretar koma næstir, Indverjar og Rússar eru með svipaðan fjölda og þar fyrir neðan koma Ítalir, Kínverjar, Ástralar, Hollendingar og Frakkar. Flestir gestanna koma þó frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum.





Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Einfalt að fá tilboð í tölvupósti

BAUHAUS er ein stærsta verslanakeðja Evrópu þegar kemur að öllu sem viðkemur góðum og traustum byggingariðnaði. BAUHAUS starfrækir tæplega 300 verslanir í 21 Evrópulandi.

BAUHAUS hefur fyrir löngu sannað tilveru sína með gríðarlegu vöruúrvali, gæðavöru, faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu," segir Einar Ingason á fyrirtækjasviði BAUHAUS.

„Með öflugum innkaupum hefur BAUHAUS náð að veita viðskiptavinum frábær kjör á mjög breiðu úrvali gæðaefna. Einn helsti styrkleiki BAUHAUS liggur nefnilega í breiðu úrvali á öllu sem viðkemur byggingariðnaði og eru ríflega 120 þúsund vörunúmer á skrá hjá okkur, allt undir einu þaki. Það er markmið okkar að viðskiptavinir geti komið á einn stað og keypt þar allt fyrir framkvæmdirnar og eins og flestir þekkja er verslun BAUHAUS ein sú stærsta á landinu, ávallt troðfull af vörum og óhætt að segja að við nýtum okkar 22 þúsund fermetra vel," segir Einar.

Allir velkomnir í viðskipti

Með vaxandi sölu hefur fyrirtækjasvið BAUHAUS vaxið verulega.

„Okkur þykir einstaklega gaman að þjónusta alla okkar fjölmörgu og fjölbreyttu viðskiptavini. Allir eru velkomnir í viðskipti í BAUHAUS og viðskiptavinir okkar koma frá flestum geirum og eru jafn fjölbreyttir og vöruúrvalið okkar," segir Einar.

Stórverktakar og byggingarfélög sem eru í viðskiptum við BAUHAUS kaupa mikið af sérlausnum sem og þau fjölmörgu gæðavörumerki sem þekkt eru á mörkuðum og njóta trausts hjá fagfólki í byggingariðnaði.

> **Það er einfalt að senda okkur línu á sala@bauhaus.is og við svörum um hæl með tilboði. Þú hefur engu að tapa en allt að vinna í að versla við BAUHAUS.**
>
> **Einar Ingason**

„Fagmenn kaupa mikið af gluggum og timbri hjá okkur og við leggjum mikið upp úr gæðum á timbrinu okkar sem geymt er í hita- og rakastýrðu umhverfi. Þá hafa aðilar í ferðaþjónustu nýtt sér mikið af þeim frábæru lausnum sem við höfum upp á að bjóða fyrir baðherbergi og í gólfefnum," upplýsir Einar.

Senda hvert á land sem er

Hjá BAUHAUS fæst mikið úrval geymslulausna.

„Geymslulausnirnar okkar eru einkar vinsælar. Þær þykja bæði góðar og hafa reynst viðskiptavinum okkar mjög vel," segir Einar. „Til viðbótar bjóðum við upp á frábært úrval af hvers kyns vélum og verkfærum frá þekktum og traustum merkjum, svo sem Bosch, Makita og DeWalt."

Þess má geta að landsbyggðin notfærir sér mikið pöntunarþjónustu BAUHAUS sem sendir hvert á land sem er.

„Við gerum tilboð í tilbúna efnispakka eins og sumarhús, klæðningar og hellur, svo eitthvað sé nefnt. Það er einfalt að senda okkur línu á netfangið sala@bauhaus.is og við svörum um hæl með tilboði. Endilega kíkið til okkar á nýju söluskrifstofur BAUHAUS þar sem við kynnum starfsemi okkar enn frekar en einnig er alltaf hægt að senda okkur tölvupóst eða slá á þráðinn. Þú hefur engu að tapa en allt að vinna í að versla við BAUHAUS!" segir Einar kátur.



Svavar, Einar og Örn á fyrirtækjasviði BAUHAUS taka vel á móti viðskiptavinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

BAUHAUS er á Lambhagavegi 2. Sími 515 0865. Netfang: sala@bauhaus.is.

Góð hljóðvist með Fibro Tech

Bauhaus kynnir glæsilegar og hljóðdempandi plötur frá Fibro Tech. Þær draga úr glymjanda og hafa slegið í gegn.

Á síðustu árum hefur verið mikil umræða um mikilvægi hljóðvistar í umhverfi okkar, hvort sem það er á vinnustöðum eða á heimilum. Hávaðaáreiti getur haft heilsuspillandi áhrif, það dregur úr einbeitingu og veldur streitu. Með hljóðdempandi plötum frá Fibro Tech má draga úr slíku áreiti til muna því plöturnar draga úr glymjanda.

Hljóðvistarplöturnar frá Fibro Tech bæta ekki einungis hljóðvist í rýmum heldur hjálpa þær einnig við hönnun rýmisins. Því er engin furða að hönnuðir og húsbyggjendur velji Fibro Tech hljóðdempandi plötur til góðrar hljóðvistar. Þær eru afar stílhreinar og áferðarfallegar og fallegir spónlagðir listar einkenna þær. Hægt er að fá Fibro Tech hljóðdempandi plötur með ljósri eik, reyktri eik, olíuborinni eik, grárri eik, aski og hnotu. Plöturnar frá Fibro Tech eru úr náttúrulegum efnum og með FSC-vottun.

Kynnið ykkur málið á fibrotech.dk



Fibro Tech plöturnar eru sérlega glæsilegar.



Með Fibro Tech hljóðdempandi plötum fá vistarverurnar fallega ásýnd og einkar gott næði.



Fibro Tech plöturnar eru stílhreinar og áferðarfallegar, úr 100 prósent náttúrulegum efnum og með FSC-vottun.

bauhaus.is

BAUHAUS®



Hjá BAUHAUS getur þú verið viss um að fá alltaf lægsta verðið á markaðnum!

Þess vegna erum við með verðvernd.
Það þýðir að ef þú finnur sömu vöru ódýrari hjá samkeppnisaðila okkar lækkum við okkar verð.
Þú finnur nánari upplýsingar um verðvernd inn á bauhaus.is/verdvernd

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



Styttan af Jesú Kristi í Brasilíu er 38 metra há og gnæfir yfir borginni Ríó de Janeiro á fjallinu Corcovado.



Hin forna borg Petra í Jórdaníu var greipt og handgrafin í stein og kletta.

Sjö byggingarundur veraldar

Sjö undur veraldar eru safn óviðjafnanlegrar sköpunar mannsins í byggingum, arkitektúr og listum. Þau laða árlega að sér milljónir manna sem standa agndofa frammi fyrir ótrúlegum afrekum byggingarlistamanna.





Inkaborgina Machu Picchu í Perú er undur að skoða.



Taj Mahal á Indlandi þykir ein fegursta bygging heims.



Píramídinn í Maya-borginni Chichen Itza er stórvirki.



Kínamúrinn er feiknarlega stórt hernaðarmannvirki.



Hringleikahúsið Colosseum í Róm tók 70.000 manns.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Kínamúrinn var byggður á Ming-tímanum sem spannar tímabilið frá 14. til 16. aldar. Hann er 6.350 kílómetra langur virkisveggur sem var reistur til að vernda Kína gegn innrásum mongólskra og tyrkneskra ættflokka en þegar mest var stóð rúmlega ein milljón hermanna vörð á múrnum.

Petra í Jórdaníu er ægifögur forn borg sem var byggð úr klettum og steini í kringum 1200. Hún naut mikillar virðingar fyrir háþróaða menningu, stórkostlegar byggingar og einstakt vatnsveitukerfi en var öllum gleymd á 16. öld eða þar til árið 1812 að hún fannst á ný.

Styttan af Jesú Kristi er eitt þekktasta kennileiti Brasilíu, alls 38 metra há og talin vera stærsta höggmynd í art deco-stíl í heiminum. Styttan var vígð árið 1931 og gnæfir yfir borginni Ríó de Janeiro á tindi fjallsins Corcovado.

Machu Picchu, borg Inkanna í Perú, er talin hafa verið reist fyrir Pachacuti, keisara Inkanna, í kringum 1450. Borgin var yfirgefin hundrað árum seinna eftir landvinninga Spánverja.

Colosseum er stærsta hringleikahúsið sem byggt var í Rómaveldi. Það gat tekið 70 þúsund manns í sæti og var notað fyrir blóðuga bardaga skylmingaþræla og aðrar svipaðar skemmtanir. Framkvæmdir hófust árið 70 eftir Krist og var leikhúsið opnað tíu árum síðar.

Chichen Itza er gömul Maya-borg í Yucatán í Mexíkó og ein sú stærsta frá tímum Mayaindjána. Talið er að borgin sé meira en 1500 ára gömul og má sjá marga stíla arkitektúrs í borginni sem og píramída.

Taj Mahal er grafhýsi í borginni Agra á Norður-Indlandi, eitt af þekktustu verkum íslamskrar byggingarlistar og eitt frægasta mannvirki heims. Það var reist fyrir keisarann Shah Jahan til minningar um þriðju eiginkonu hans sem lést af barnsförum. Talið er að yfir 20 þúsund verkamenn og 1.000 fílar hafi komið að efnisflutningum og byggingu Taj Mahal sem var reist úr hvítum marmara og verðmætum steinum á árunum 1632 til 1643.


Við byggjum á sterkri sögu
Í yfir 70 ár höfum við tekið þátt í uppbyggingu íslensks samfélags og búið daglegu lífi umgjörð með fallegum heimilum og traustum byggingum. Á langri vegferð hefur orðið til dýrmæt þekking og reynsla, sem skilar sér í gæðum og styrkleika. Framleiðslan byggir á íslenskum hráefnum og hvert mannvirki er gert til að endast.
Byggðu með þeim sem þú getur treyst.
BM VALLA
Það var skortur á sjúkrarúmum í borginni þegar bygging Borgarspítala hófst árið 1952. Fimmtán árum síðar var spítalinn vígður og var opnun hans mikið framfaraskref fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu. BM Vallá tók þátt í þeirri uppbyggingu – heilbrigði landans til heilla. Við byggjum á sterkri sögu.
VOTTAÐ GÆÐAKERFI VOTTUN HF ÍST ISO 9001
BM·VALLÁ
Pipar\TBWA \ SÍA

Orkusparnaður og bætt innivist

Hálft ár er síðan Mannvit tók í notkun nýjan hermihugbúnað, IDA-ICE, sem nýtist við útreikninga á mörgum þáttum í fyrirhugaðri byggingu sem hafa áhrif á orkunotkun og innivist í byggingunni.

Alma D. Ívarsdóttir byggingarverkfræðingur sem starfar hjá Mannviti segir að mikilvægt sé fyrir byggingariðnaðinn á Íslandi að huga að orkusparnaði í byggingum þó að orkan okkar sé að mestu leyti endurnýjanleg og ódýr. Einnig segir Alma að ekki sé síður mikilvægt að meta frammistöðu bygginga og tæknikerfa í hönnunarferlinu svo hægt sé að tryggja sem bestu innivistina fyrir notendur húsnæðisins. Með notkun á hermihugbúnaði IDA-ICE er hægt að meta alla þessa þætti í hönnunarferlinu sem skilar sér í betri og hagkvæmari byggingu. Mörg svipuð hugbúnaðarkerfi eru til á markaðinum en IDA-ICE er einn sá nákvæmasti og framþróaðasti á markaðinum í dag og styður vel við þá reynslu og þjónustu sem Mannvit býður upp á, segir Alma.

„Þessi hugbúnaður tekur inn samspil margra dýnamískra þátta sem viðkemur til dæmis stýrikerfum, tæknikerfum, umhverfi, veðurfari, notendum og auðvitað uppbyggingunni á byggingunni sjálfri. Síðan hermir hugbúnaðurinn þessa þætti saman í þeim tilgangi að reikna út til dæmis orkunotkun, orkuramma, varma- og kæliþörf, loftgæði og varmavist yfir eitt ár. Með þessum útreikningum getum við borið saman mismunandi úrlausnir svo að markvissar og fullgildar ákvarðanir séu teknar í hönnunarferlinu á byggingunni og öllum tæknikerfum.

Með því að fara í gegnum þetta ferli getum við stuðlað að hagstæðum orkusparnaði og betra innra umhverfi svo að fólki líði sem best inni í byggingunni. Einnig er hægt að framkvæma dagsbirtuútreikninga í hugbúnaðinum þannig þetta hefur líka nýst lýsingarhönnuðum okkar.“



Alma D. Ívarsdóttir, byggingaverkfræðingur hjá Mannviti, segir hugbúnaðarkerfið nýtast mjög vel til margra nota.

Hægt að nota líkan úr teikniforritum arkitekta

Hugbúnaðurinn virkar þannig að útbúið er líkan af byggingu og kerfum sem er annaðhvort verið að hanna, eða líkan af eldri byggingu sem á að endurbæta með einhverjum hætti. „Síðan hermir hugbúnaðurinn eftir ytra og innra álagi sem við setjum upp á núverandi hönnun og í kjölfarið getum við metið frammistöðu byggingarinnar. Það eru margir þættir í ytra og innra álaginu sem þarf að taka tillit til þegar byggingin er sett upp í hugbúnaðinn, sem sagt mismunandi byggingarhlutar og efnisval, álag frá notendum, lýsingu, búnaði, tæknikerfi, staðsetningu, umhverfi, veðri og mörgu fleira,“ en hægt er að setja sérstaklega inn íslenskt veðurfar í hugbúnaðinn. Hugbúnaðurinn býður upp á að flytja gögn frá helstu teikniforritum arkitekta, svo að ekki þarf að eyða tíma í að teikna upp bygginguna að nýju þegar nota á hugbúnaðinn.

Reikna út fyrir vistvottunarkerfi bygginga

Með tilliti til útreikninga hugbúnaðarins er hægt að bera saman ýmsar lausnir. „Til dæmis getum við borið saman hvernig gler og/eða sólarskermun við viljum nota með tilliti til sólarálags og orkusparnaðar, en við þekkjum það öll þegar við erum í byggingum sem eru með stóra og marga glugga að þá getur orðið mjög heitt inni. Við getum metið á skilvirkan hátt hvaða gler hentar best við þessar aðstæður og hvernig tæknikerfin þurfa að vera hönnuð til að tryggja góða varmavist við ákveðið álag frá fólki, búnaði og veðri, en þetta er bara brot af því sem við getum gert í hugbúnaðinum,“ segir Alma.

> **Einnig má nýta hugbúnaðinn til þess að bæta orkusparnað og innivist í eldri byggingum.**

Einnig má nýta hugbúnaðinn til þess að bæta orkusparnað og innivist í eldri byggingum. Alma tekur fram að mikilvægt sé að geta metið alla þessa þætti svo hægt sé að velja hagkvæmustu og bestu lausnina fyrir bestu fjárfestinguna.

Nú hefur Mannvit notað þennan hugbúnað í hálft ár, og segir Alma hann hafa nýst í mörg verkefni, stór sem smá. Mannvit hefur áður notað ýmsan hugbúnað en Alma segir þróunina þar vera hraða. „IDA-ICE hefur verið notaður úti um allan heim, þetta er hugbúnaðurinn sem stendur mest upp úr og styður best við okkar vinnu.“

Annað sem hefur ekki verið nefnt er að hugbúnaðinn nýtist vel við ákveðna útreikninga sem eru nauðsynlegir fyrir ýmis vistvottunarkerfi fyrir byggingar eins og til dæmis BREEAM og Svansvottunina. „Við styðjumst mikið við forritið í okkar vinnu. Núna er til dæmis orðið nauðsynlegt að nota svona hugbúnað til að gera útreikninga fyrir vottunarkerfi sjálfbærra bygginga til að ná sem flestum stigum.“

Til að hitta naglann á höfuðið

Hamarinn er eitt elsta og jafnframt mikilvægasta verkfærið og hefur fylgt manninum í milljónir ára.

Hamarinn hefur þróast á magnaðan hátt síðan mannskepnan nýtti sér barefli í fyrsta sinn til að brjóta skeljar eða bein til að verða sér úti um fæðu og næringarefni. Það má í raun segja að hamarinn sé forfaðir allra annarra verkfræra.

Skilgreiningin á hamri er verkfæri sem notað er til að lemja í hlut eða efni, hvort sem það er viður, málmur, steinn eða hvað sem er, ýmist til að opna, breyta eða festa saman.

Fornleifafræðingar segja að fyrstu ummerki um að maðurinn hafi nýtt sér barefli í einhverjum tilgangi séu meira en þriggja milljón ára gömul þegar stærri steinn, nefndur „hamarsteinn“ var nýttur til að kljúfa minni og stökkari steina eins og hrafntinnu til að búa til beitt verkfæri sem nýttust til veiða og að vinna bráðina. Þessi hamar var í raun lítið annað en þungur sporöskjulaga steinn sem vó frá 300 grömmum upp í eitt kíló, vatnssorfinn og mjúkur eftir volk á árbotni eða í sjónum. Steinninn var notaður til að berja í hlut sem var staðsettur á stórum flötum steini, eins konar steðja. Ef þörf var á fínlegri meðferð var notaður minni steinn, bein, eða horn.


Það borgar sig alltaf að hitta naglann á höfuðið. NORDICPHOTOS/GETTY

Hamarinn þróaðist svo ekki meira fyrr en fyrir um 30.000 árum þegar handfangið kom til sögunnar. Þá var steininnn festur við skaft úr annaðhvort beini eða viði með leðri, sinum eða tágum og þannig varð hamarinn mun þægilegri til afnota og auðveldara að beita honum af nákvæmni. Þessi framför hafði keðjuverkandi áhrif, með nákvæmara verkfæri var hægt að gera fjölbreyttari hluti og slysum fækkaði sem gerði fýsilegra að nota hamarinn í verkin. Næsta framför var svo þegar hamrar voru smíðaðir úr bronsi fyrir um 5000 árum og festir á sköft með meiri nákvæmni og í framhaldi af því urðu naglar til. Árið 1200 fyrir okkar tímatal var farið að gera hamarshausa úr járni sem voru bæði sterkara og enn nákvæmara verkfæri og um það leyti var líka farið að búa til fjölbreyttari hamra en áður, hausarnir voru mismunandi, bæði rúnnaðir og kantaðir og hin notadrjúga klauf sem nú skilgreinir verkfærið nánast fyrir okkur leit dagsins ljós um þetta leyti til að hægt væri að endurnýta nagla eða bræða dýra málmana aftur í nýja.

Eftir þetta þróaðist hamarinn ekki mikið þangað til stálið kom til sögunnar í upphafi sextándu aldar og þá fór hamarinn að þróast í ýmsar sérhæfðar áttir. Búnir voru til hamrar til að byggja, hamrar til að rífa niður, hamrar fyrir járnsmiði, námamenn og svo framvegis. Smáhamrar fyrir úrsmiði og til skartgripagerðar litu dagsins ljós. Þegar iðnbyltingin hófst varð hamarinn gríðarlega mikilvægt verkfæri og þá hófst fjöldaframleiðsla á ákveðnum tegundum hamra auk þess sem efni eins og gúmmí á skaftið til að bæta gripið gerði þá öruggari og þægilegri. Í upphafi 20. aldarinnar komu til sögunnar hamarsmiðir eins og Stanley og Estwing sem þróuðu hamrana sem við þekkjum í dag.







HAFNARTORG REYKJAVÍK

Hafnartorg er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 120 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritara og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins er undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.

Nýjar sérhannaðar skrifstofur í miðbæ Reykjavíkur

Heildarstærð er um 6.900 fm

Útleigurými frá 120 fm

Bílastæði eru neðanjarðar og tengist Hörpunni

Afhending hafin







URÐARHVARF 8 KÓPAVOGUR

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mötuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.

Rými sérhönnuð fyrir skrifstofur eða heilbrigðisstarfssemi

Heildarstærð er um 16.500 fm

Útleigurými frá 220 fm

Næg bílastæði á lóð og í bílakjallara

Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn

Afhending hafin

REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

REYKJASTRAETI.IS | S: 571-4990

Fasteignasafn Reykjastrætis telur um 33 þúsund fermetra í nokkrum nýbyggingarverkefnum sem eru tilbúin eða verða tilbúin á árinu 2020. Reykjastræti er systurfélag ÞG verktaka. Félagið leitar eftir farsælu langtíma viðskiptasambandi við sína leigjendur og stendur félagið fyrir gæði og áreiðanleika í viðskiptum.

HGB ehf.

Nýsmíði
- innan- og utanhúss
- ásamt öllu almennu viðhaldi
- vönduð vinna - 40 ára reynsla.

Tímavinna eða tilboð.

Byggingastjóri og húsasmíðameistari

HGB ehf. byggingafyrirtæki
S. 894 1678
hgb.ehf@gmail.com

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI

HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

Gæðamúr ehf.

Gunnar Björn Jónsson
Löggiltur múrarameistari
Sími: 845-4050
E-mail: gaedamur@gmail.com

Alhliða múrverk - Flísalagnir - Flotun - Steining

Við hjá Front-X sérhæfum okkur í bílskúrs- og iðnaðarhurðum

Sendu okkur verðfyrirspurn af vefsíðunni okkar **www.frontx.is** eða sendu okkur póst á **frontx@frontx.is**

15% afsláttur af öllum hurðum í febrúar.



FRONTX
www.frontx.is



Abraj Al Bait er 601 metra hátt hótel. Það er hæsta hótel heims og dýrasta byggingin. MYND/WIKIPEDIA



Marina Bay Sands samanstendur af þremur 55 hæða turnum sem eru tengdir saman. MYND/WIKIPEDIA



Höfuðstöðvar Apple eru kallaðar „The Spaceship“ eða „Geimskipið“. Um áttatíu prósent af flatarmálinu eru þakin grænum svæðum. MYND/WIKIPEDIA



Árlega koma þúsundir múslima í pílagrímsferð til Masjid Al Haram, stærstu mosku heims. NORDICPHOTOS/GETTY



Á Resorts World Sentosa er meðal annars stærsti sædýragarður heims. MYND/WIKIPEDIA

Fimm dýrustu byggingar heims

Um víða veröld má finna byggingar af ótal stærðum og gerðum en í sumum ríkjum finnast byggingar sem eru óheyrilega stórar og kosta lygilegar fúlgur fjár.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Það er misjafnlega mikill metnaður á bak við nýjar byggingar um víða veröld en þær allra stærstu og fínustu eru ótrúleg afrek í byggingarverkfræði og hönnun og kosta drjúgan skildinginn.

Abraj Al Bait – 15 milljarðar dollara

Þetta hótel í borginni Mekka í Sádi-Arabíu var byggt árið 2012. Það er 601 metra hátt og er bæði hæsta hótel í heimi og dýrasta bygging veraldar. Hótelið er 1,5 milljón fermetrar og getur tekið á móti 100 þúsund manns. Turninn skartar heimsins stærstu klukku, en hún er í 530 metra hæð og er 43 metrar að þvermáli. Sagt er að hún sé sjáanleg úr 30 kílómetra fjarlægð. Á toppnum hvílir gullinn hálfmáni sem er 23 metra hár.

Marina Bay Sands – 5,5 milljarðar dollara

Þetta er ferðamannastaður og spilavíti í Singapúr sem var byggt árið 2010. Byggingin samanstendur af þremur 55 hæða turnum sem eru tengdir saman og situr á svæði sem er 154 þúsund fermetrar. Allur arkitektúr og hönnun staðarins var samþykkt af feng shui-ráðgjöfum.

Apple Park – 5 milljarðar dollara

Höfuðstöðvar Apple í Cupertino í Bandaríkjunum voru byggðar árið 2017. Vegna hringlaga hönnunar og stærðar byggingarinnar er hún kölluð „The Spaceship“ eða „Geimskipið“. Byggingin situr á 708 þúsund fermetra landareign í úthverfi Cupertino-borgar og hýsir yfir 12 þúsund starfsmenn í fjögurra hæða byggingu sem er um 260 þúsund fermetrar. Um áttatíu prósent af flatarmálinu eru þakin grænum svæðum og það er tjörn í miðju hringsins.

Resorts World Sentosa – 4,93 milljarðar dollara

Þessi ferðamannastaður í Singapúr var byggður árið 2009 og samanstendur af hótelum, spilavíti og býður upp á ýmiss konar skemmtun, eins og til dæmis skemmtigarð frá Universal Studios. Þar er líka sædýragarður sem er 81 þúsund fermetrar að stærð og sá stærsti sinnar tegundar í heiminum, en í garðinum eru hægt að sjá meira en 100 þúsund dýr sem tilheyra meira en 800 tegundum.

Wynn Palace – 4,2 milljarðar dollara

Þessi ferðamannastaður í borginni Cotai á sjálfsstjórnarsvæðinu Makaó var byggður árið 2016. Það eru 28 hæðir og 1.706 lúxusherbergi með sérlega vönduðum húsgögnum, fjölbreytt fundaraðstaða, yfir 9.800 fermetrar af lúxus verslunarsvæði, 11 veitingastaðir, stærsta spa í Makaó, snyrtistofa, sundlaug og um 39 þúsund fermetra spilavíti. Þar er líka mikið framboð afþreyingar, meðal annars 32 þúsund fermetra sýningarvatn sem sýnir samstilltan dans vatns, tónlistar og ljóss og margt fleira.

Masjid Al Haram – 10,6 milljarða stækkun

Svo er eiginlega nauðsynlegt að nefna Masjid Al Haram moskuna í Mekka í Sádi-Arabíu. Hún var byggð árið 638 og ekki er vitað hver kostnaðurinn við byggingu hennar var, en hún var stækkuð árið 2008 fyrir 10,6 milljarða Bandaríkjadollara. Þessi moska hvílir á heilagasta stað í heimi samkvæmt Íslam og þangað koma árlega þúsundir múslima í pílagrímsferð. Moskan er sú stærsta í heimi og næststærsta bygging veraldar, á eftir Boeing-verksmiðjunni í Everett í Bandaríkjunum.

Fasteignablaðið

6. TBL. MÁNUDAGUR 10. FEBRÚAR 2020 FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS


Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi


Þórarinn Thorarensen
Lögg. fast. og eigandi


Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi


Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi


Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi


Ása Pöll Ragnarsdóttir
Skjalavinnsla/móttaka


Nadia Katrín Banine
Löggiltur fast.


Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.


Eggert Maríuson
Löggiltur fast.


Helga Snorradóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla


Guðrún D. Lúðvíksdóttir
Löggiltur fast.


Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Löggiltur fast.


Siggi Fannar
Löggiltur fast.


Jón Óskar
Löggiltur fast.


Anna Teitsdóttir
Löggiltur fast.

www.landmark.is

... leiðir þig heim!

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?

Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti


Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali


Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali


Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteigna-sölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800

www.midborg.is



EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090 WWW.EIGNAMIDLUN.IS

GRANDAGARÐUR 5, 240 m²

101 REYKJAVÍK

TILBOÐ


Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali.
Sími 864 5464
gudlaugur@eignamidlun.is



240 m² húsnæði við Grandagarð 5, 101 Reykjavík. Mögulegt er að skipta eigninni upp í tvö 120 m² rými. Húsið er staðsett á besta stað á Grandanum. Heimilt er að starfrækja vínveitingastað (í flokki II) í húsnæðinu, sem tekur 80 manns í sæti.



Glæsilegt hús er til sölu hjá Heimili fasteignasölu. Húsið stendur við Suðurgötu í Reykjavík.

Virðulegt hús í miðbænum

Heimili fasteignasala kynnir fallegt einbýlishús á eignarlóð í miðborginni, tvær hæðir, kjallari og bílskúr, alls 268,3 fm. Fimm svefnherbergi, skjólgóður pallur og svalir út af hjónaherbergi.

Húsið, sem er byggt 1926, hefur haldið útliti sínu en þakjárn og utanhússklæðning verið endurnýjuð. Þá eru gluggar endurnýjaðir í upphaflegri mynd en með hljóðeinangrandi gleri. Hver hæð hússins er um 75 fm. Bílskúrinn er 43,2 fm, þar hefur verið útbúin aukaíbúð auk geymslurýmis. Á aðalhæð hússins er gott hol, tvær samliggjandi stofur, eldhús og gestasnyrting. Forstofa með flísum á gólfi. Gestasalerni við hlið forstofu. Flísar á gólfi. Rúmgott hol með stiga upp á efri hæð og í kjallara. Stigahandrið og stór gluggi, í upprunalegum stíl, setja virðulegan svip á hæðina.

Stofa og borðstofa eru í björtu alrými, parket á gólfi og gluggar á þrjá vegu. Eldhús er opið frá borðstofu og holi. Hvít innrétting og linoleum dúkur á gólfi. Á efri hæð er hol, tvö rúmgóð herbergi, stórt fataherbergi og baðherbergi. Parket á gólfum.

Hjónaherbergi er stórt, með glugga á tvo vegu og útgang á svalir til suð-austurs, útsýni í átt að Tjörninni. Fataherbergi er óvenju stórt, með glugga og er innangengt úr hjónaherbergi. Mögulegt að breyta inngangi og nýta sem svefnherbergi, líkt og upphafleg teikning gerir ráð fyrir. Herbergi sem nýtt er sem sjónvarps- og vinnustofa. Rúmgott og hlýlegt undir súð. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar og góðir gluggar.

Í kjallara eru þrjú svefnherbergi, þvottahús, baðherbergi og geymsla. Innangengt er í kjallara en einnig sér inngangur sem skapar möguleika til útleigu.

Gróinn garður og stór verönd. Einstök eign í miðbænum og fágætt tækifæri til að komast í vel haldið hús í upprunalegri mynd.

Allar upplýsingar veitir Ragnar Þorgeirsson, löggiltur fasteignasali, í síma 774 7373 eða ragnar@heimili.is

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN

- Hjá okkur starfar sterkt teymi löggiltra fasteignasala, lögfræðinga og viðskiptafræðinga
- Bókaðu söluverðmat þér að kostnaðarlausu



Björgvin Þór Rúnarsson
Löggiltur Fasteignasali

bjorgvin@domusnova.is

Sími: 855 1544

DOMUSNOVA Fasteignasala

FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

520 9595

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



Hafdís Fasteignasali 820 2222



Sigurður Fasteignasali 898 6106



Dórothea Fasteignasali 898 3326



Þorsteinn Fasteignasali 694 4700



Jóhanna Kristín Fasteignasali 837 8889



Árni Ólafur Fasteignasali 893 4416



Berglind Fasteignasali 694 4000



Jón Gunnar Fasteignasali 848 7099



Helgi Fasteignasali 780 2700



Sigríður Fasteignasali 699 4610



Hrönn Fasteignasali 692 3344



Hólmgeir Lögmaður 520 9595



Þóra Fasteignasali 822 2225



Þorgeir Fasteignasali 696 6580



Lilja Fasteignasali 663 0464



Hafliði Fasteignasali 846 4960



Ragnar Sölufulltrúi 844 6516



Darri Örn Sölufulltrúi 767 0000

Baughús 45 — 112 Reykjavík — 86.900.000



OPIÐ HÚS mánudaginn 10. feb. kl.17:30-18:00

Herbergi: 4-5 **Stærð:** 235 m²

Glæsilegt einbýlishús á pöllum sem hefur verið vel við haldið. 3 svefnherbergi, tvö baðherbergi bæði með sturtu, eldhús með borðkrók og þvottaherb., borðstofa, björt og góð stofa með mikið útsýni og góðar svalir. Sólpallur með heitapotti og 40fm bílskúr með stóru bílaplani. Fallegur en viðhaldslítil garður.
Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm: 898 6106

Strikið 1A,B og C — 210 Garðabæ — 53,8-94,6 millj



ÍBÚÐIR FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI

Herbergi: 2-3 **Stærð:** 84-179,6 m²

Fallegar íbúðir fyrir fólk 60 ára og eldri í glæsilegu 3-5 hæða fjölbýlishúsi við Strikið 1 í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru 2-3ja herbergja og 84-174,2 fm. Íbúðirnar eru með vönduðum innréttingum frá Axis og AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.
Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610

Glæsibær 1 — 110 Reykjavík — 83.900.000



OPIÐ HÚS mánudaginn 10. feb kl. 17:30-18:00

Stærð: 198,4 m²

Fallegt og vel skipulagt 198,4 fm einbýli á einni hæð þar af 30,6 fm góður bílskúr með geymsluofti í rólegri götu við Elliðaárdalinn. Húsið er vel skipulagt, garðskáli, afgirt verönd og fallega gróinn garður. Húsið skiptist í forstofu með gestasnyrtingu, stóra og bjarta stofu með fallegum arni, eldhús með eldri innréttingu, 4 svefnherbergi og baðherbergi, þvottahús og köld geymsla. **Uppl. veitir Þóra fasteignasali í gsm:** 822 2225

Norðurbrú 2 — 210 Garðabær — TILBOÐ



OPIÐ HÚS mánudaginn 10.feb. kl. 17:30-18:00

Herbergi: 4 **Stærð:** 204 m² Bílageymsla

Fasteignasalan TORG kynnir: Glæsileg Penthouse íbúð á 4 hæð í fallegu lyftuhúsi. Íbúðin ásamt innréttingum var hönnuð af Gunnari Páli Kristinssyni hjá RÝMA arkitektum. Sérsmíðar innréttingar frá Brúnás, svartur granítsteinn á borðum, og vegg í eldhúsi. Lyfta gengur beint uppí íbúðina, þrennar svalir og stæði í lokaðri bílageymslu. Útsýnið er frábært. **Upplýsingar veitir Þorsteinn fasteignasali í gsm:** 694 4700

Naustavör 34 — 200 Kópavogi — 44,9-99,5 millj



OPIÐ HÚS mánudaginn 10.feb. kl. 17:00-17:30

Herbergi: 2-4 **Stærð:** 124-141,8 m²

Naustavör 28-34 er 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu við Naustavör í Kópavogi staðsett örstutt frá smábátahöfninni, með glæsilegu sjávarútsýni úr flestum íbúðunum. 2ja-4ra herbergja íbúðir. Tvennar svalir fylgja sumum íbúðum. Bílageymsla er upphituð, sérgeymslur eru í kjallara. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar við kaupsamning.
Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610

Skógarás 15 — 110 Reykjavík — 59.900.000



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 11. feb kl. 17:30-18:00

Stærð: 174,1 m²

Mjög góð 174,1 fm útsýnisíbúð á tveimur hæðum þar af 24,5 fm bílskúr innarlega í rólegri götu. Íbúðin skiptist í hæð og ris, á hæð eru tvö góð svefnherbergi, eldhús, stofa, baðherbergi og þvottahús, léttur tréstigi er upp í ris með tvö rúmgóð herbergi, sjónvarpsstofu og vinnurými, mikið geymsluplass er undir súð auk sér geymslu í sameign. **Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm:** 822 2225

Þrastahraun 5 — 220 Hafnarfirði — 89.000.000







OPIÐ HÚS mánudaginn 10. feb. kl. 17.30-18.00

Herbergi: 7 **Stærð:** 198,7 m²

Frábærlega vel staðsett einbýlishús með aukaíbúð á þessum eftirsótta stað, Þrastarhrauni í Hafnarfirði. Um er að ræða eign sem er skráð skv fmr 198,7fm og þar af er aukaíbúðin skráð 51,3fm. Fallegt hraunið umlykur götuna og staðsetningin fjölskylduvæn þar sem stutt er í skóla, leikskóla og þjónustu. Búið að að breyta bílskúr í stórt herbergi og geymslu. Svefnherbergin eru 4 í aðaleigninni og aukaíbúðin er 2ja herbergja.

Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222

Þingás 13 — 110 Reykjavík — 89.900.000







OPIÐ HÚS miðvikudaginn 12. feb. kl. 17.30-18.00

Herbergi: 6 **Stærð:** 188,9 m²

Mjög fallegt einbýlishús á einni hæð með tvöföldum jeppabílskúr með 3ja metra lofthæð á þessum eftirsóttastað í Árbænum. Húsið er viðhaldslétt timburhús hlaðið með þýskum innbrenndum keramiksteini og er staðsett innst í botnlanga.Örstutt er í skóla og leikskóla. Húsinu hefur verið vel við haldið og m.a búið að endurnýja eldhús og gestasalerni á glæsilegan hátt, skipt hefur verið um allar innihurðir, þakkantur endurnýjaður og fl.

Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222

Miðhús 50 — 112 Reykjavík — 81.800.000







OPIÐ HÚS þriðjudaginn 11. feb. kl. 17.30-18.00

Herbergi: 6 **Stærð:** 211,3 m²

Fallegt og frábærlega vel staðsett einbýlishús með bílskúr í Húsahverfi Grafarvogs. Mögulegt er að útbúa íbúð í bílskúrnum sem er sérstæður. Garðurinn er alveg aflokaður og mjög gróinn og fallegur með munstur steyptum stéttum og veröndum. Fjögur rúmgóð svefnherbergi, sjónvarpshol og bjartar stofur. Frábær staðsetning þar sem örstutt er í skóla, leikskóla, sundlaug og íþróttaaðstöðu.

Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222

Hverafold 21 — 112 Reykjavík — 41.900.000



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 11. feb. kl. 18.30-19.00

Herbergi: 3 **Stærð:** 93,4 m²

Falleg og rúmgóð 3ja herb. íbúð á 3ju hæð í góðu fjölbýli. Gólfefni er flísar og harðparket, baðherbergi uppgert með stórri sturtu og 2 handlaugum og svefnherbergin eru 2. Frábær staðsetning niður við Voginn í Hverafold Grafarvogi þar sem er sérstaklega skjólgott og veðursælt. Stutt er skóla, leikskóla og aðra þjónustu. Góðar gönguleiðir og stutt í íþróttaaðstöðu og sundlaug. **Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm:** 820 2222

Kaldakinn 10 — 220 Hafnarfjörður — 37.900.000



OPIÐ HÚS mánudaginn 10. feb. kl. 17:30-18:00

Herbergi: 3 **Stærð:** 63,3 m²

*** FRÁBÆR FYRSTU KAUP***
Vel skipulagða 3ja herbergja efri hæð í tvíbýli með sérinngangi. Eldhús og borðstofa opið við stofu. Nýlegt parket á gólfi og íbúðin er öll nýlega máluð. Endurnýjuð rafmagnstafla í íbúðinni.
Upplýsingar veitir Dórothea fasteignasali í gsm: 898 3326

Helluvað 15, *íb. 402* — 101 Reykjavík — 44.900.000



OPIÐ HÚS mánudaginn 10. feb. kl. 17:30-18:00

Herbergi: 3 **Stærð:** 95,8 m² Bílskýli

EINSTAKLEGA FALLEG, BJÖRT OG RÚMGÓÐ 3JA HERB. ÍBÚÐ Á 4. HÆÐ ÁSAMT STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU Í SKEMMTILEGU LYFTUFJÖLBÝLI (BYGGT 2008) Á FRÁBÆRUM STAÐ Í NORÐLINGAHOLTI. RÚMGOTT OG OPIÐ ELDHÚS/BORÐSTOFA/STOFA með víðáttumiklu útsýni til fjalla.
Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 837 8889

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala.
Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali
Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

- Geymsla og þvottahús innan íbúðar
- Sólríkar svalir

Nánari upplýsingar:
s. 899 1178 Atli S. Sigvarðsson löggiltur fasteignasali



Ásvallagata 44

101 Reykjavík

Falleg, vel skipulögð og mikið endurnýjuð hæð í góðu húsi

Verð : **63,9 millj.**

- 115 fm, 2 stofur og 3 góð svefnherbergi
- Góð staðsetning
- Stutt er í skóla og alla helstu þjónustu

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 Gunnar S. Jónsson löggiltur fasteignasali



Mánatún 13

105 Reykjavík

Glæsileg 170 fm íbúð á 7. hæð með yfirbyggðum svölum

Verð : **112,5 millj.**

- Tvö herbergi og svalir sem snúa til suðurs
- 50,4 fm þaksvalir
- Tvö stæði í bílakjallara

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali



Sóltún 1

105 Reykjavík

Glæsileg fullbúin 2ja útsýnis 78,5fm íbúð á 5 hæð - aðgengi að þjónustu

Verð : **56,9 millj.**

- Sérinngangur af svölum
- Stæði í lokaðri bílageymslu
- Fallega innréttuð, steyptar borðplötur
- Yfirbyggðar suð-vestur svalir

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali



Stigahlíð 85

105 Reykjavík

Glæsilegt 271,7 fm einbýlishús

Verð : **125 millj.**

- 4-5 svefnherbergi, 3 snyrtingar
- 2 stofur, arinn
- Sólpallur með heitum potti
- 2ja herbergja aukaíbúð í kjallara
- Góð staðsetning, stutt í alla þjónustu

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 Ólafur Finnbogason löggiltur fasteignasali s. 822 2307

FOLD FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is



Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205
Kristín Pétursdóttir
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965
Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur
Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044
Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Hafnarbraut 9a, íbúð 102, 200 Kópavogur.
OPIÐ HÚS ÞRI 11/2 KL. 12:15-12:45.



Glæsileg endaíbúð, merkt 102, á frábærum stað við smábátahöfnina í Kópavogi ásamt stæði í bílageymslu. Laus fljótlega. Eignin skiptist í þrjú rúmgóð svefnherbergi, stóra stofu, opið eldhús, baðherbergi og gestasnyrtingu. Gólfefni eru ljóst harðparket nema á votrýmum þar sem eru flísar. Íbúðin er björt og lofthæð góð.
Verð 69,9 milljónir.
Opið hús þriðjudaginn 11. febrúar kl. 12:15-12:45, verið velkomin.

Stýrimannastígur 8,
101 RVK., EINBÝLI.



Stýrimannastígur 8: Ca. 177 fm gullfallegt hús á frábærum stað í Vesturborginni. Húsið hefur verið endurinnréttað á síðustu árum og er allt hið glæsilegasta. Á hæðinni eru rúmgóðar stofur með arni, eldhús og sjónvarpshol auk gestasnyrtingar. Á efri hæð eru þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. Kjallari er óinnréttaður en teikningar fylgja . Húsið er stórglæsilega innréttað og öll vinna hin vandaðasta.
Skipti möguleg á minni eign.

Hraunbrún 26,
220 HFJ., EINBÝLI.



Hraunbrún 26, Hafnarfirði: Rúmlega 180 fm. fallegt og vel viðhaldið hús á einstökum stað í rólegu umhverfi við Hraunbrún í Hafnarfirði. Svefnherbergi eru 4-5.
Góður bílskúr. Rafmagnstafla og raflagnir nýlegar. Nýleg inntök á köldu og heitu vatni. Gluggar nýlegir að hluta. Falleg lóð með skjólgóðum palli. Þetta er fjölskylduhús á einstökum stað.
Verð 74,9 millj.

Túngata 11,
225 GARÐABÆR, EINBÝLI.



Gott og vel skipulagt 198,7 fm einbýli á 1064 fm eignarlóð á Álftanesi. Húsið teiknaði Manfreð Vilhjálmsson. Parket og flísar á gólfum. Þrjú svefnherbergi á hæðinni ásamt opnu rými uppi. Íbúðin er 164,2 fm og bílskúrinn sem er sérstæður 34,5 fm. Góð aðkoma, næg bílastæði. Stór og mikil lóð.
Verð 74.9 millj.

Atvinnuhúsnæði
/ AUSTURSTRÖND 4 - 170 SELTJARNARNES.



Atvinnuhúsnæði á jarðhæð á mjög góðum stað við Austurströnd 4 á Seltjarnarnesi: 181,2 fm með innkeyrsludyrum og lagerrými. Síðir gluggar. Snýr í norður og vestur. Húsnæðið getur verið laust við kaupsamningsgerð. Húsnæðið er í dag hólfað í tvö bil en auðvelt að sameina aftur.
Verð 45,9 millj.
Velkomið að bóka skoðun, 552-1400 / fold@fold.is.

Óskum eftir

- Íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila.
- Traustar greiðslur
- Langur leigutími.

Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Hvað kostar eignin mín?
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

HÍBÝLI FASTEIGNASALA

Kringlan 4-6, 103 Reykjavík - hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800


Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali. S. 864-8800


Þórður S. Ólafsson, löggiltur fasteignasali.


Ólafur Már Ólafsson, löggiltur fasteignasali. S. 865-8515


Björg Ágústsdóttir, skrifstofa



Aragata 16, 101 Reykjavík
- 213,6 fm - hæð og bílskúr - verð 97 millj



Stór og vegleg efri sérhæð (187 fm) ásamt bílskúr (26,6 fm) samtals 213,6 fm á góðum og eftirsóttum stað við Aragötu í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, hol, gestasalerni, stór setustofa, rúmgóð borðstofa er opin við sólstofu og þaðan er útgengt í garðinn, innangengt í eldhús úr borðstofu, eldhús með endurnýjaðri eikarinnréttingu. Í svefnálmu er hjónaherbergi, tvö barnaherbergi og baðherbergi. Þvottahús er innan íbúðar. Garðurinn kringum húsið er gróinn, skjólsæll og fallegur. Bílskúr er við hlið hússins.



Ægisgata 10 - 101 Reykjavík
- verð 56,5 millj



Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð í reisulegu húsi við Ægisgötu 10 í Reykjavík. Eitt svefnherbergi er í íbúðinni, en lítið mál væri að breyta skipulaginu og bæta við öðru svefnherbergi. Eignin skiptist í forstofu/hol, manngengur fataskápur til móts við útidyr, eldhús sem er opið við borðstofu, rúmgóð setustofa, stórt svefnherbergi, baðherbergi með útgengi á svalir. Sérgeymsla og sérþvottahús í kjallara fylgir íbúðinni. Frábær staðsetning í miðborginni - stutt í alla helstu verslun og þjónustu.



Öldugata 40 - 101 Reykjavík
- Þriggja herbergja íbúð - verð 41,8 millj



Afar falleg 3ja herbergja íbúð í reisulegu steinhúsi á eftirsóttum stað við Öldugötu í gamla Vesturbænum. Þrjár íbúðir eru í húsinu. Eignin skiptist í forstofu/hol, eldhús, samliggjandi stofur með rennihurðum á milli, auðvelt að nýta aðra stofuna sem svefnherbergi, endurnýjað baðherbergi, svefnherbergi með fataskápum. Eignin er skráð 70,6 fm - þar af eru tvær geymslur í kjallara (8,9 fm og 5,4 fm. Eftirsótt staðsetning - göngufæri við miðborgina.



Brávallagata 4 - 101 Rvk.
- 110,8 fm - verð 52,5 millj



Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð á eftirsóttum stað við Brávallagötu 4 í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu/hol, eldhús með viðarinnréttingu og tengi fyrir þvottavél, samliggjandi borðstofa og setustofa með rennihurðum á milli, endurnýjað baðherbergi, rúmgott hjónaherbergi með fataskáp, svefnherbergi við forstofu. Sérgeymsla í kjallara. Stórir gluggar, aukin lofthæð og fallegir loftlistar setja mikinn svip á íbúðina. Þakjárn endurnýjað 2011, frárennslislagnir endurnýjaðar 2010. Frábær staðsetning - stutt í skóla og leikskóla.



Garðatorg 2, 210 Garðbæ
- 73,2 fm - verð 42,9 millj - laus strax



Afar falleg og björt 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með afgirtri verönd og stæði i bílskýli. Íbúðin skiptist í gott anddyri, eldhús, stofa/borðstofa sem eru opin og samliggjandi rými, baðherbergi, svefnherbergi og baðbergi. Frábær staðsetning í miðbæ Garðabæjar. Stutt í alla helstu þjónustu svo sem skóla, leikskóla, frístunda og íþróttaiðkun, heilsugæslu, verslanir, apótek, bókasafn ofl.



Neðstaleiti 22, 103 Rvk
- 234,3 fm - raðhús - Tvær íbúðir - verð 103 millj



Fallegt og mikið endurnýjað 234,3 fm tveggja íbúða hús, (tvílyft raðhús) með innbyggðum bílskúr. Eignin er í dag nýtt sem tvær íbúðir, með sameiginlegum inngangi. Á neðri hæð er 2ja herbergja íbúð sem skiptist í forstofu, svefnherbergi, setustofu með útgengi á pall, þvottahús innnan íbúðar, eldhús, baðherbergi. Á efri hæð eru samliggjandi eldhús, borðstofa og setustofa, tvö stór svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi. Innbyggður bílskúr er í húsinu.

Brúarholt II í Grímsnes- og Grafningshreppi til sölu



Þrotabú Sogsins Grímsnesi ehf. er með til sölumeðferðar eignina Brúarholt II í Grímsnes- og Grafningshreppi, skammt frá Þingvöllum og í u.þ.b. 50 mín akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Eignin er um 36 ha og með 2.785 m2 af húsakosti. Á eigninni hefur verið starfrækt hótel undanfarin ár, undir nafninu Hótel Borealis, og er húsakostur á jörðinni sérsniðinn að slíkum rekstri, með m.a. yfir 30 herbergjum, 6 stúdíóíbúðum og íbúðarhúsi.
Búið er að innrétta hesthús og hlöðu sem glæsilega veislu- og fundarsali.

Nánari upplýsingar um eignina veitir Reynir Þór Garðarsson lögmaður og skiptastjóri.
Sími: 440-7900. Netfang: reynirg@pacta.is



FISKISLÓÐ 79A - 101 REYKJAVÍK

BÓKIÐ SKOÐUN

Til leigu 263.9fm. atvinnuhúsnæði á Fiskislóð. Efri hæðin er 128.7fm.
Tvær mjög rúmgóðar skrifstofur, opið rými með eldhúsi og salerni.
Neðri hæðin er 135.2fm, opinn salur og salerni. Fimm metra lofthæð og bílskúrshurð. Hlaupaköttur á milli hæða. Eign sem býður upp á mikla möguleika.
Leigist saman eða í sitthvoru lagi, Leyfi fyrir tveimur gámum á lóð.

Allar nánari upplýsingar um eignina og bókun á skoðunartíma veitir:
Nadia Katrín lögg.fasteignasali, sími 6925002 eða nadia@landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 - HLÍÐARSMÁRI 2 - LANDMARK.IS

NADIA KATRÍN BANINE
Löggiltur fast.
nadia@landmark.is
sími 692 5002



FASTEIGNASALAN BYGGÐ

www.byggd.is





TIL SÖLU:

Brekkugata 3, 2-4 hæð, Akureyri

Fimm útleigueiningar í þremur eignum á 2-4 hæð.

Á 2 og 3 hæð eru tvær tveggja herbergja og tvær þriggja herbergja íbúðir. Á fjórðu hæðinni er 4-5 herbergja íbúð. Íbúðirnar eru í góðu ásigkomulagi.

Frekari upplýsingar gefur bjorn@byggd.is

Frekari upplýsingar á skrifstofu Fasteignasölunnar Byggð,
Skipagötu 16, 2. hæð – S: 464 9955 – byggd@byggd.is

búmenn

Búseturéttir til sölu



Stekkjargata 69

Til sölu er búseturéttur að Stekkjargötu 69, Reykjanesbæ. Eignin er í parhúsi og er 3ja herbergja ásamt garðskála og bílskúr. Íbúðin er 104,6 fm og bílskúrinn 30,1 fm, samtals 134,7 fm.

Ásett verð búseturéttarins er kr.8.200.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.febrúar er kr.204.289.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða eignina og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552-5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is
Tilboðsfrestur rennur út 21.febrúar nk, kl.12:00

TIL LEIGU **GRANDINN** EYJARSLÓÐ 9



135m² jarðhæð sem er einn salur með einum léttum millivegg.

Frábært útsýni til norðausturs og næg bílastæði.

Möguleiki á að setja upp innkeyrsluhurð.

Upplýsingar gefur Ólafur í síma 892 5064

FRÁBÆRAR EIGNIR

með góða staðsetningu

BÚUM BETUR
BYGG
bygg.is

Nýjar íbúðir í Reykjanesbæ

Hlíðarhverfi

Skoðið teikningar á bygg.is

Fyrsti áfangi Hlíðarhverfis sem nú er kominn í sölu liggur á milli Þjóðbrautar og Skólabrautar. Þarna er um að ræða blandaða byggð einbýlishúsa, parhúsa, raðhúsa og lágreistra fjölbýlishúsa. Stutt er í alla nauðsynlega þjónustu og öruggar göngu- og hjólaleiðir í skóla og íþróttaaðstöðu sem er í næsta nágrenni.

Íbúðirnar í fjölbýlishúsum Hlíðarhverfis eru 4-5 herb. 112,6 - 148,7 fm
Einbýlishúsin á bilinu 230,1 - 248,5 fm og parhúsin á bilinu 170,9 - 203,9 fm





Strikið 1 ABC

Sjáland í Garðabæ

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu 3ja til 5 hæða fjölbýlishúsi við Strikið 1 í Sjálandi í Garðabæ, ætlaðar íbúum 60 ára og eldri.
Íbúðirnar eru 2-3 herbergja og 84-174,2 fm.
Íbúðirnar verða með vönduðum innréttingum frá Axis og vönduðum AEG eldhústækjum.
Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórri timburverönd.
Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

NÝTT Í SÖLU

Naustavör 28-34

Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 28-34.
Íbúðirnar eru 76-244 fm, 2-4 herbergja.
Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.
Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílskýli fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum.

Skoðið teikningar á bygg.is

NÝTT Í SÖLU



STUÐLABERG FASTEIGNASALA
Hafnargötu 20, 230 Reykjanesbær S: 420 4000
Guðlaugur H. Guðlaugsson löggiltur fasteignasali
studlaberg@studlaberg.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR
Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími 520 9586

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 35 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

EIGNABORG
FASTEIGNASALA

Hamraborg 12 • 200 Kópavogur • 416 0500

ÁRANGUR Í SÖLU FASTEIGNA

www.eignaborg.is



Óskar Bergsson
fasteignasali
s. 893 2499

Hildur Harðardóttir
lögfr. og lgfs.
s. 897 1339

Elín G. Alfreðsdóttir
nemi til lögg.
s. 899 3090

Vilhjálmur Einarsson
fasteignasali
s. 864 1190

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
lögmaður
s. 892 2804

FYRSTA SKREFIÐ ÞEGAR ÞÚ VILT SELJA FASTEIGN

Pantaðu verðmat á www.Verdmat.is

EIGNALIND
FASTEIGNASALA

s. 616 8880 • sos@eignalind.is

FRÍTT VERÐMAT FASTEIGNA



Sigurður Oddur Sigurðsson
Löggiltur fasteignasali
sos@eignalind.is
Sími 616 8880



Ellert Róbertsson
Sölumaður Fasteigna
í rúm 30 ár
ellert@eignalind.is
simi 893 4477



Erlendur Davíðsson
löggiltur fasteignasali
og verðbréfamiðlari.
Sími 8970199



Einar Pálsson
Eignalind Akureyri
Löggiltur fasteignasali
einar@eignalind.is
Sími 857-8392



Heiða Guðmundsdóttir
Hdl. löggiltur fasteignasali
Sími 779 1929
heida@eignalind.is



Embla Valberg
löggiltur fasteignasali
og leigumiðlari.
embla@eignalind.is
sími 7662-4577

heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090 WWW.EIGNAMIDLUN.IS

GRANDAGARÐUR 5, 240 m²
101 REYKJAVÍK

TILBOÐ



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali.
Sími 864 5464
gudlaugur@eignamidlun.is



240 m² húsnæði við Grandagarð 5, 101 Reykjavík. Mögulegt er að skipta eigninni upp í tvö 120 m² rými. Húsið er staðsett á besta stað á Grandanum. Heimilt er að starfrækja vínveitingastað (í flokki II) í húsnæðinu, sem tekur 80 manns í sæti.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

GÓLFEFNA

ÚTSALA
30–70% AFSLÁTTUR

ÞÚSUNDIR FERMETRA AF FLÍSUM, HARÐPARKETI O.FL.

ÁLFABORG
- allt á gólfið

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090 WWW.EIGNAMIDLUN.IS

STÓRHÖFÐI 33, 1052,6 m²
110 REYKJAVÍK

SKRIFSTOFUR OG IÐNAÐARHÚSNÆÐI



Ólafur H. Guðgeirsson
Löggiltur fasteignasali.
Sími 663 2508
olafur@eignamidlun.is



Vandað skrifstofu og atvinnuhúsnæði í Stórhöfða 33, samtals 1052,6 fermetrar á tveimur hæðum. Efri hæðin, sem er samtals 688,1fm götuhæð við Stórhöfða, hentar fyrir verslun, lager og skrifstofur. Neðri hæðin, sem ekið er að neðan hússins og er með mikilli lofthæð, er 364,5fm verkstæði og lager eða þjónustuaðstaða. Um er að ræða vel staðsett og vandað húsnæði sem býður uppá mikla möguleika.

Efri hæðin er mjög vistleg, skipt í bæði skrifstofur og opin rými. Gott útsýni er úr þeim gluggum sem snúa í átt að Grafarvogi. Neðri hæðin nýtist mjög vel, skiptist í tvö megin rými með fjórum stórum innkeyrsludyrum, stórri verkstæðisaðstöðu með mikilli lofthæð fyrir stór ökutæki, milliloftum og skrifstofuaðstöðu. Stálstigi tengir saman hæðirnar.

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN

- Hjá okkur starfar sterkt teymi löggiltra fasteignasala, lögfræðinga og viðskiptafræðinga
- Bókaðu söluverðmat þér að kostnaðarlausu



Björgvin Þór Rúnarsson
Löggiltur Fasteignasali

bjorgvin@domusnova.is
Sími: 855 1544

DOMUSNOVA
Fasteignasala



Sveinbjörn Lárusson, sölumaður hjá Vélum og verkfærum, en fyrirtækið fagnaði hundrað ára starfsemi á síðasta ári og leggur áherslu á verkfæri, hurðabúnað og lykillausnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lykilfyrirtæki með langa sögu

Vélar og verkfæri eiga meira en hundrað ára sögu sem hófst með stofnun verslunarinnar Brynju við Laugaveg. Fyrirtækið sérhæfir sig í verkfærum, hurðabúnaði og lykillausnum.

Upphafsmaður þeirrar starfsemi sem nú er rekin undir hatti Véla og verkfæra er Guðmundur Jónsson," segir Sveinbjörn Lárusson, sölumaður hjá fyrirtækinu, um upphafsár þess. „Hann var upphaflega smiður en í kjölfar vinnuslyss fór hann að sinna innflutningi og verslunarstörfum. Árið 1919 hóf hann rekstur umboðs- og heildverslunar í eigin nafni og stofnsetti verslunina Brynju við Laugaveg, sem löngu er orðin þjóðþekkt.

Guðmundur seldi Brynju árið 1937 og beindi kröftum sínum að umboðs- og heildsölu. Það var svo 1942 sem hann stofnaði hlutafélagið Vélar og verkfæri í félagi við son sinn og tengdasyni. Upphaflegt markmið fyrirtækisins var verksmiðjurekstur af einhverju tagi, framleiðsla á járnvörum fyrir hurðir og glugga." Starfsemin var lítil sem engin fyrstu árin, einkanlega vegna ófriðar í heiminum. Ekkert varð úr verksmiðjurekstri en aftur á móti óx starfsemin á sviði umboðs- og heildverslunar jafnt og þétt. Fyrirtækið þróaðist í það að vera dreifingar- og söluaðili á glugga- og hurðabúnaði og verkfærum svo eitthvað sé nefnt en vöruúrval fyrirtækisins er mjög mikið. „Guðmundur Jónsson ehf. og Vélar og verkfæri ehf. voru rekin sem systurfyrirtæki fram til ársins 2018 þegar GJ rann inn í Vélar og verkfæri." Sveinbjörn segir fyrirtækið hafa haldist innan sömu fjölskyldu frá upphafi.

„Guðmundur Jónsson rak fyrirtækið allt til dauðadags, en þá tók Guðmundur S. Guðmundsson, sonur hans, við því. Árið 1963 tók síðan Sveinn H. Björnsson, dóttursonur Guðmundar, við stöðu framkvæmdastjóra og stýrði fyrirtækinu næstu 50 árin, eða til ársins 2013," segir hann. Núverandi framkvæmdastjóri Véla og verkfæra er Björn V. Sveinsson, barnabarnabarn Guðmundar Jónssonar.

Hundrað ára í fyrra

Hann segir hundrað ára afmælinu í fyrra hafa verið fagnað með ýmsum hætti.

„Nýverið opnuðum við Lykillausnir, sem er neytendamiðuð verslun með hurða- og gluggabúnað ásamt öryggiskerfum fyrir snjallheimilin og lásasmiðirnir okkar fluttu einnig þangað. Lykillausnir er staðsett steinsnar frá Vélum og verkfærum, í Skútuvogi 1 E. Opnunarpartí þessarar verslunar var samnýtt sem hundrað ára afmælisveisla og var vinum og velunnurunum fyrirtækisins boðið. Starfsfólk hélt svo upp á tímamótin með vélsleðaferð á Langjökul og lét fara vel um sig á glæsilega nýuppgerðu Hótel Geysi í kjölfarið."

Sveinbjörn segir viðskiptaumhverfi hafa breyst mikið á 100 árum. „Í dag er lögð áhersla á að dreifa ýmsum vörum til byggingarverslana og framleiðenda á gluggum og hurðum.

Til viðbótar hefur orðið mikil aukning í sölu beint til ýmissa aðila og þá mest á vörum sem ekki eru fáanlegar í byggingavöruverslunum," segir hann og nefnir sem dæmi aðgangskerfi, mótora fyrir bílskúrs- og iðnaðarhurðir, hurða- og gluggabúnað, baðherbergisvörur, snjalllausnir fyrir heimili, hönnunarvörur, höfuðlyklakerfi og fleira."

Fjölbreytt þjónusta og úrval

Vélar og verkfæri bjóða upp á fjölbreytta þjónustu þar sem viðskiptavinurinn er í fyrirrúmi. „Við seljum ýmis verkfæri, til dæmis handverkfæri eins og tangir, hamra og sagir fyrir iðnaðarmenn," segir Sveinbjörn og bætir við: „Við erum með landsins mesta úrval af handföngum á hurðir bæði úti- og innihurðir, fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili. Þá erum við með mjög mikið úrval af íhlutum á baðherbergi og salerni, wc-rúlluhaldara, slár fyrir fatlaða, wc-bursta, ruslafötur og ýmislegt fleira í litum og áferð nánast að óskum hvers einasta viðskiptavinar. Einnig erum við með gott úrval af alls kyns mælingartækjum, hæðar-leiserum og kross-leiserum sem og hallamálum."



Vélar og verkfæri sérhæfa sig í hurðabúnaði í öllum stærðum og gerðum. Þar má finna landsins mesta úrval af hurðarhúnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vélar og verkfæri eru einnig með fjölbreytt úrval af hurðabúnaði. „Við seljum allan hurðabúnað frá lömum að rafmagnshurðarpumpum. Þar eigum við allar tegundir af skrám og búnaði kringum þær, hurðapumpur fyrir þarfir hvers og eins og svo snjalllausnir til að aðgangsstýra hurðum. Að ekki sé talað um flóttaleiðabúnað sem uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði og virkni fyrir hvaða mannvirki sem er. Flóttaleiðabúnaður sem við leggjum áherslu á og seljum til notkunar í opinberum byggingum uppfyllir alla brunavarnastaðla eins og EN179, EN125 og EN13637 sem er nýr staðall um rafeindastýrðan flóttaleiðabúnað. Í verslun okkar Lykillausnum erum við með marga af færustu sérfræðingum landsins í smíði lykla og sylinderkerfa og þar smíðum við lykla fyrir heimili, stofnanir og almenn fyrirtæki."

Lyklar og snjalllausnir

Sérstaklega má nefna hin vel þekktu Assa lyklakerfi sem og allan búnað frá Assa Abloy, eða eins og Sveinbjörn orðar það: „Allt frá venjulegri innihurð á svefnherbergi upp í að stýra aðgengi eða flóttaleið á hurðabúnaði í stórverslunum eins og H&M. Krafan frá þeim var að allur hurðabúnaður væri frá Assa líkt og þeir nota alls staðar annars staðar í heiminum. Við erum einnig með bílskúrshurðaopnara hvort sem er fyrir heimili, bílastæðahús eða fyrirtæki."

> **Snjalllausnir við opnun á heimilum þar sem app í síma getur opnað læsingar er það sem hefur einna mest aðdráttarafl í dag.**

Hann segir fyrirtækið fylgjast vel með nýjungum á markaði enda séu alltaf einhverjar framfarir og nýjungar á ferðinni. „Við reynum að fylgjast með og skoða hvað gæti hentað hér. Snjalllausnir við opnun á heimilum þar sem app í síma getur opnað læsingar er það sem hefur einna mest aðdráttarafl í dag og svo eru þjófavarnarkerfi sem láta eigendur vita þegar farið er inn eða hægt er að fara inn á og skoða hvort ekki sé allt í lagi á heimilinu sífellt að vera vinsælli."

Að lokum ítrekar Sveinbjörn metnað fyrirtækisins í að koma til móts við óskir viðskiptavina og þarfir. „Hjá Vélum og verkfærum reynum við að uppfylla þarfir viðskiptavina okkar, ef við eigum ekki vöruna á lager þá er oft hægt að finna hana hjá birgjum okkar og sérpanta."

Nánari upplýsingar má finna á vv.is



Þannig mun nýja Vogahverfið koma til með að líta út. Glæsilegar íbúðir sem eru vel skipulagðar fyrir fjölskyldur koma í fyrstu þeirra í sölu í apríl. Íbúðirnar eru fallega innréttaðar.

Nýjar íbúðir frá ÞG Verk í Vogabyggð

Vogabyggð er nýtt og glæsilegt hverfi við sjávarsíðuna, sem er við miðju höfuðborgarinnar. „ÞG Verk hefur tekið þátt í uppbyggingu Vogabyggðar frá upphafi og í apríl verða fyrstu íbúðirnar tilbúnar," segir Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verk.

Vogabyggð byggir á gömlum grunni við ósa Elliðaár, en þar var áður atvinnustarfsemi sem nú hefur vikið fyrir íbúðabyggð. Hjóla- og göngustígar liggja meðfram sjávarsíðunni og upp í Elliðaárdal og niður í Fossvogsdal. Laugardalurinn er steinsnar frá og umhverfið býður upp á frábæra möguleika til útivistar. Þá er öll þjónusta innan seilingar.

„ÞG Verk hóf framkvæmdir í Vogabyggð árið 2018 og við erum langt komnir með fyrsta áfanga af þremur. Fyrstu íbúðirnar, sem eru við Skektuvog, verða tilbúnar til afhendingar í apríl og eru þegar komnar í sölu. Með vorinu koma svo fleiri íbúðir í þessum áfanga á markaðinn. Þetta hefur verið mjög spennandi verkefni og ánægjulegt að fá að taka þátt í að byggja upp nýtt hverfi sem er svona vel staðsett. Það er sjaldan tækifæri til að byggja nýtt hverfi inni í borginni sjálfri en ekki í borgarjaðrinum eins og oftast er gert," segir Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verk, en fyrirtækið býr yfir meira en 20 ára reynslu á byggingamarkaði.



Íbúðirnar verða skemmtilega hannaðar og fullkláraðar.

> **ÞG Verk hóf framkvæmdir í Vogabyggð árið 2018 og er fyrsti áfangi af þremur langt kominn. Fyrstu íbúðirnar við Skektuvog verða tilbúnar til afhendingar í apríl og eru þegar komnar í sölu.**

Fjölbreytilegar íbúðir fyrir allar fjölskyldugerðir

ÞG Verk hefur lagt áherslu á fjölbreytilegar íbúðir í Vogabyggð, sem eru afar vel hannaðar og um leið hagkvæmar og ekkert er gefið eftir hvað varðar gæði.

„Íbúðirnar eru hannaðar með fjölbreytileika og mismunandi þarfir í huga. Þannig leggjum við áherslu á góða nýtingu og erum með t.d. með íbúðir sem eru 80 fm en samt þriggja herbergja, og 100 fm íbúðir sem eru 4 herbergja, jafnframt bjóðum við upp á íbúðir með stærri rými. Við erum einnig með einstaklingsíbúðir og allt upp í 5 herbergja íbúðir sem henta stærri fjölskyldum," segir Þorvaldur, en með þessu móti geta allir fundið íbúð við hæfi og fjárhag.

„KRark sá um hönnun á íbúðunum við Skektuvog og PKdM Arkitektar hönnuðu íbúðirnar í næsta áfanga, við Arkarvog. Við hjá ÞG Verk vildum fá mismunandi arkitekta með mismunandi áherslur til að fá fjölbreytni við hönnun hverfisins," segir Þorvaldur.

„Íbúðirnar við Skektuvog eru frábærar fyrir fyrstu kaupendur, ungt fólk með eitt eða tvö börn, stórar fjölskyldur og eldra fólk sem vill minnka við sig en hefur ekki áhuga á að búa í úthverfi heldur vill vera miðsvæðis," segir Þorvaldur.

ÞG Verk leggur áherslu á vönduð vinnubrögð, góða þjónustu og skil íbúða á umsömdum tíma.

Allar íbúðirnar í Vogabyggð eru afhentar fullbúnar með gólfefnum, innréttingum frá þýska framleiðandanum Nobilia og heimilistækjum af þekktri og vandaðri tegund. Að auki fylgir ísskápur og uppþvottavél, sem er umfram það sem gerist og gengur.



Þorvaldur segir að auk verkefna við Vogabyggð sé ÞG Verk með stór íbúðaverkefni í Urriðaholti í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Við hjá ÞG Verk leggjum okkur fram um að skila góðu og vönduðu verki og hugum vel að mikilvægum atriðum sem hafa verið mikið í umræðunni, eins og t.d. góðri innivist. Allur frágangur er eins og hann gerist bestur," segir Þorvaldur.

Hann hvetur kaupendur eindregið til að kynna sér vel það byggingarfyrirtæki sem þeir hafi hug á að eiga viðskipti við. „Það er mikilvægt að íbúðakaupendur skoði hvaða reynslu og þekkingu byggingarfyrirtækið býr yfir og ekki síst orðspor þess, enda íbúðakaup ein stærsta fjárfesting sem einstaklingar fara út í á lífsleiðinni," segir hann.

Uppbygging annars áfanga er þegar hafin og segir Þorvaldur að stefnt sá að því að íbúðir í þeim áfanga, sem er við Arkarvog, verði tilbúnar á næsta ári og í kjölfarið verði hafist handa við þriðja áfanga við Kuggavog. Ef svo fer sem horfir mun ÞG Verk afhenda tæplega 400 íbúðir í Vogabyggð á næstu misserum.

Stór verkefni í Urriðaholti

Þorvaldur segir að auk verkefna við Vogabyggð sé ÞG Verk með stór íbúðaverkefni í Urriðaholti í Garðabæ. „Það er einstaklega vel heppnað úthverfi sem er nokkuð frábrugðið öðrum úthverfum. Óvenjumikið er hugsað út í innra skipulag og vistvænar lausnir og þar er góð tenging við náttúruna. ÞG Verk hefur byggt um 200 íbúðir í Urriðaholtinu og fleiri eru í undirbúningi," segir hann.

ÞG Verk hefur einnig sinnt öðrum verkefnum undanfarin misseri, svo sem byggingu atvinnuhúsnæðis. „Við erum að byggja nýjar höfuðstöðvar Landsbankans við Austurhöfn í miðbænum, sömuleiðis nýtt hótel við Austurvöll, á gamla Landssímareitnum. Þá er stutt síðan við lögðum lokahönd á fyrsta áfanga af glæsilegu stórhýsi við Urðarhvarf 8 en þangað hefur m.a Orkuhúsið flutt starfsemi sína. Þar fyrir utan erum við að ljúka við uppbyggingu atvinnuhúsnæðis við Dalveg og eins að klára og afhenda íbúðir við Hafnartorgið," segir Þorvaldur að lokum.

Hægt er að skoða íbúðirnar í Vogabyggð á tgverk.is

VOGABYGGÐ VERÐUR VISTVÆN

og skjólsæl perla á höfuðborgarsvæðinu í nálægð við hafið og náttúruna.
Hjóla- og göngustígar liggja rétt hjá meðfram ströndinni sem og upp í Elliðaárdal.
Laugardalurinn innan seilingar og hverfið liggur miðsvæðis með greiðar leiðir í allar áttir.





OPIÐ HÚS

ALLA FIMMTUDAGA
KL. 17 – 18 Í SKEKTUVOGI 2 & 4

SKEKTUVOGUR 2 & 4
Verð frá 38.900.000 kr.

Vel hannaðar 2 – 5 herbergja íbúðir
58,9 m² – 143,6 m²
Bílastæði í bílakjallara fylgir flestum íbúðum
Innbyggður ísskápur og uppþvottavél í öllum íbúðum
Fullbúnar íbúðir með gólfefnum
Nokkrar íbúðir með sérinngangi
Húsið er með álklæðningu sem tryggir lágmarks viðhald

ÞG VERK

TRAUSTUR BYGGINGARAÐILI SÍÐAN 1998

ÞG verk hefur sett sér umhverfisstefnu og markmið og gerir árlegt umhverfisuppgjör
Nánari upplýsingar á **tgverk.is** og hjá Borgum fasteignasölu **borgir@borgir.is — 588 2030**

Framkvæmdaglöð og fjölhæf fagkona

Þeba Björt Karlsdóttir er símsmíða- og rafvirkjameistari og einn eigenda fyrirtækisins Straumbrot. Utan vinnu nýtur hún þess að gera upp húsið sitt ásamt því að byggja kofa fyrir gæludýrin sem eru fimmtán talsins.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Ég segi alltaf að ég sé héðan og þaðan þegar ég er spurð hvaðan ég sé. En ég fæddist sum sé í Reykjavík en er búin að eiga heima í Danmörku, Blönduósi, í Álftafirði og núna bý ég í Mosfellsbæ á veturna og í sveitinni í Álftafirði á sumrin," segir Þeba. „Ég er gift Guðmundi Skagalín og saman eigum við fjögur börn, Eystein Sölva 23 ára, Eyvind Stefni og Eyvöru Stellu þrettán ára og Eyrúnu Stínu átta ára."

Fyrirtæki og gæludýrahald

Þeba segir fjölskylduna hafa eytt miklum tíma í framkvæmdir undanfarin ár. „Mest allur frítími síðustu árin hafa farið í það að gera upp húsið okkar í Mosfellsbæ sem og bæinn okkar í Álftafirði. Mér finnst mjög gaman að smíða og ég fæ tækifæri til þess í sveitinni þar sem ég hef verið að byggja nokkra kofa fyrir gæludýrin okkar, en þau eru víst orðin fimmtán talsins."

Þau hjónin eiga og reka fyrirtækið Straumbrot ásamt einum öðrum aðila. „Ég rek mitt eigið fyrirtæki, Straumbrot ehf. í samstarfi við Hróbjart Lúthersson sem er verkefnastjóri í Reykjavík og Guðmund, manninn minn, sem er verkefnastjóri á Vopnafirði. Við erum sem sagt með starfsstöðvar bæði hérna í bænum og á Vopnafirði. Við erum aðallega í fyrirtækjaiðnaði og þjónustum meðal annars Brim, Rio Tinto, Mílu og Rarik."

Þeba var ekki lengi að næla sér í fjölda réttinda og gráða. „Upphafið að þessu öllu var þannig að manninum mínum bauðst starf hjá Símanum á Höfn en hann var alveg viss um að þetta starf myndi henta mér betur. Ég byrjaði á að læra símsmíðinn og í framhaldi af því tók ég rafvirkjann líka og var í Meistaraskólanum með. Þannig að ég er bæði símsmíða- og rafvirkjameistari. Einnig er ég búin með námskeið sem gefur mér rétt til þess að vera byggingarstjóri."

> **Enginn þorði að tala við mig í nokkra daga, enda eina konan á 200 manna vinnustað. Það breyttist þó þegar þeir sáu að ég var bara iðnaðarmaður eins og þeir.**

Iðnaðarmaður eins og þeir

Þegar Heba útskrifaðist árið 2003 hlaut hún hvorki meira né minna en hæstu einkunn í öllum prófþáttum sveinsprófs í símsmíði. En hvað felst í starfi símsmiðsins? „Ég hef svo sem ekki unnið mikið sem símsmiður undanfarin ár en þegar ég var að vinna hjá Símanum og þar á eftir Mílu þá fólst starfið mitt aðallega í því að vera úti og gera við og setja saman koparstrengi, setja nýja strengi inn á símstöð og svo framvegis. Ég var líka í því að setja upp breiðbandið sem er nú orðið úrelt. Í nýjustu hverfunum var farið að setja ljósleiðara sem við tengdum en núna er nánast eingöngu notast við ljósleiðara. Koparinn er alveg að fara að detta út."



Þeba Björt Karlsdóttir nýtur þess að hafa nóg fyrir stafni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þegar Þeba er spurð að því hvort hún muni eftir einhverjum eftirminnilegum atburðum úr störfum sínum rifjar hún upp námsárin þegar hún var ráðin í vinnu þar sem hún var eina konan innan um fjölda karlmanna. „Ég man eftir einu frá því að ég var að læra rafvirkjann. Þá átti ég að fara og vinna í hóteli sem var verið að gera upp. Þegar ég mæti á svæðið þá þorði enginn að tala við mig í nokkra daga enda eina konan á 200 manna vinnustað. Það breyttist þó þegar þeir sáu að ég var bara iðnaðarmaður eins og þeir."

Þá segist Þeba oftast mæta jákvæðu viðmóti sem kona í karllægum geira. „Langoftast eru viðbrögðin góð og hvetjandi en þó eru til risaeðlur sem telja að konur hafi ekkert með að vera í þessum geira."



Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytta þjónustu og úrval námskeiða sem í boði eru.

- Náms- og starfssráðgjöf
- Námssamningar og sveinspróf
- Tölvunámskeið
- Tölvustudd hönnun / Auto Cad
- Bygginga- og mannvirkjasvið
- Bílgreinasvið
- Matvæla- og vetingasvið
- Málm- og véltæknisvið
- Prent- og miðlunarsvið

IÐAN fræðslusetur
www.idan.is

HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA

SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA

SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:

HÓTEL

HEILSÁRSHÚS

SUMARHÚS



GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Sérsmíðuð gæði og sanngjarnt verð

Skanva.is er netverslun sem selur glugga og hurðir sem eru sérsmíðaðar eftir málum viðskiptavina. Með því að hafa engan lager og lágmarks yfirbyggingu getur Skanva boðið sanngjarnt verð.



Brynjar Valþórsson, verslunarstjóri Skanva á Íslandi, segir að þar sem Skanva sé ekki með neinn lager, heldur bara heimasíðu og sýningarsal, geti fyrirtækið boðið mun betra verð en gengur og gerist. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vefverslunin Skanva.is, sem selur glugga og hurðir, var opnuð vorið 2018. Þar er kostnaði við alla yfirbyggingu og lager haldið í algjöru lágmarki og fyrir vikið getur verslunin boðið gæðavörur á mun betra verði en gengur og gerist. Þar býðst viðskiptavinum að slá inn mál og fá verð á gluggum og hurðum samstundis.

„Við erum ekki með neinn lager, heldur bara heimasíðu og sýningarsal á Fiskislóð 31e," segir Brynjar Valþórsson, verslunarstjóri Skanva á Íslandi. „Ferlið virkar einfaldlega þannig að viðskiptavinir slá inn mál á því sem þeir vilja kaupa á síðunni okkar og verðið á vörunni birtist samstundis. Gluggar og hurðir er svo allt sérsmíðað eftir málum og þörfum viðskiptavina.

Þetta var í raun ein fyrsta netverslunin þar sem hægt var að fletta upp málum og fá verð samstundis," segir Brynjar. „Fólk er mjög hrifið af því og það hefur verið brjálað gera hjá okkur frá byrjun. Salan hefur farið langt fram úr væntingum.

Skanva á Íslandi er hluti af dönsku fyrirtæki sem hóf rekstur fyrir um sjö árum og býður upp á viðskipti í Danmörku, Noregi og á Íslandi. Þetta er dönsk hönnun, en framleiðslan fer fram í Hvíta-Rússlandi," segir Brynjar. „Vörurnar eru gerðar úr norðlægri furu sem er meðhöndluð á sérstakan hátt og er þekkt fyrir styrk og endingu. Uppistaðan er límtré, þannig að það er mun ólíklegra að viðurinn verpist."

Gott fyrir einstaklinga og fyrirtæki

„Kúnnarnir okkar eru bæði verktakar og einstaklingar sem hafa áhuga á að versla hér," segir Brynjar. „Það virðist sem einstaklingsmarkaður hafi virkilega tekið við sér, núna getur fólk bara gert þetta sjálft og þarf ekki að bíða eftir tilboði, sem getur stundum tekið langan tíma.

Kúnnar sækja vörurnar í vöruhús Samskipa eða geta fengið tilboð í heimsendingu í gegnum vefinn um leið og þeir versla," segir Brynjar. „Það er því enginn falinn kostnaður sem fellur til eftir að fólk hefur verslað á heimasíðunni. Þetta er allt hraðara og þægilegra og það er mikil framför.

Fólk er mjög hrifið af heimasíðunni og af því að geta afgreitt sig sjálft og þetta hentar vel fyrir fólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins," segir Brynjar. „Það er þægilegt að geta flett upp málum og fengið tilboð í framkvæmdirnar sínar undir eins. Ef fólk er að spá í fasteignum getur líka verið gott að geta flett upp hvað það kostar að kaupa nýja hurð eða skipta um glugga og fá verðhugmyndir."

Margir valkostir í boði

„Það er mjög þægilegt að versla á heimasíðunni okkar," segir Brynjar. „Við erum með þrjár framleiðslulínur, það er tré, álklætt tré og plast sem kemur frá þýska framleiðandanum VEKA AG. Það eru margir valkostir í boði og þar sem allt er sérsmíðað er hægt að ráða ýmsum smáatriðum, hvort sem það eru húnar, gerð af gleri, litir, áferð eða hvernig opnanir og læsingar eiga að vera.

Svo erum við nýbyrjuð að selja rennihurðir og erum með þær á mjög sanngjörnu verði. Það hefur verið mikil eftirspurn eftir þeim og þær eru vinsælar," segir Brynjar. „Við erum alltaf á tánum og að reyna að þróa okkur, bæta okkur og sýna nægan sveigjanleika til að aðlagast markaðnum.

Það tekur yfirleitt um átta vikur að fá vörur, en það fer eftir því hvað er mikið að gera í verksmiðjunni. Það er því kominn tími til að fara að huga að því að panta ef fólk ætlar að skipta um glugga í apríl eða maí," útskýrir Brynjar.

> Ferlið virkar einfaldlega þannig að viðskiptavinir slá inn mál á því sem þeir vilja kaupa á síðunni okkar og verðið á vörunni birtist samstundis. Gluggar og hurðir er svo allt sérsmíðað eftir málum og þörfum viðskiptavina.

35% lægra verð á netinu

„Ef fólk nýtir netverslunina og sér sjálft um pöntunina er verðið 35% lægra en ef fólk kemur hingað til okkar í sýningarsalinn til að ganga frá pöntun," segir Brynjar. „En við aðstoðum fólk að sjálfsögðu við að versla á netinu, það er einfaldlega hægt að hringja í okkur til að fá aðstoð.

Við bjóðum svo líka oft upp á einhverja auka afslætti og núna á morgun, 11. febrúar, byrja Þorradagar og þá verður boðið upp á magnafslátt af öllum vörum," segir Brynjar að lokum.

Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu fyrirtækisins, skanva.is. Það er líka hægt að koma í sýningarsalinn á Fiskislóð 31e til að skoða vörur og fá upplýsingar.



Þar sem allt er sérsmíðað er hægt að ráða ýmsum smáatriðum, hvort sem það eru húnar, gerð af gleri, litir, áferð, eða hvernig opnanir og læsingar eiga að vera.



Vörurnar frá Skanva eru hannaðar í Danmörku og framleiddar úr norðlægri furu í Hvíta-Rússlandi.



Hægt er að kíkja á úrvalið í glæsilegum sýningarsal Skanva á Fiskislóð 31e í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Það hentar vel fyrir bæði einstaklinga og verktaka að versla hjá Skanva.



Flatiron-byggingin setur svip sinn á New York borg. NORDICPHOTOS/GETTY

Straujárnshúsið

Flatiron-byggingin er eitt elsta kennileiti New York-borgar, byggð árið 1902. Byggingin er á 22 hæðum og tæplega 90 metra há. Byggingin var ekki fyrsti skýjakljúfurinn og hún var aldrei hæsta bygging New York-borgar en þrátt fyrir það vakti hún strax mikla athygli aðkomufólks og þá sérstaklega fyrir sérstakt útlit en byggingin var hönnuð af arkitektinum Daniel Burnham. Byggingin hefur meðal annars vakið athygli fyrir lögun sína en séð ofan frá er hún í laginu eins og þríhyrningur. Í dag er byggingin mikið notuð í kvikmyndum en í Spider Man myndunum hýsir byggingin höfuðstöðvar dagblaðsins þar sem Peter Parker vinnur sem ljósmyndari.



Teikning af Cecil-hótelinu í Los Angeles, BNA. NORDICPHOTOS/GETTY

Hryllilegt hótel

Ein af alræmdustu, ef svo má að orði komast, byggingum veraldar er án vafa Cecil-hótelið í Los Angeles. Margir telja að reimt sé í hótelinu, sem var opnað árið 1927, en fjöldi voveiflegra atburða hefur átt sér stað innan veggja hótelsins. Meðal þess sem er nefnt er fjöldi sjálfsvíga meðal gesta hótelsins, slys, ofbeldi og morð. Þá segir sagan að Svarta Dalían hafi sést á bar hótelsins nokkrum dögum áður en hún var myrt á óútskýrðan og hrottalegan hátt árið 1947.

Raðmorðinginn og hrottinn Richard Ramirez er svo einn þeirra sem dvöldu á hótelinu til lengri tíma árið 1985 og austurríski raðmorðinginn Jack Unterweger dvaldi þar árið 1991. Árið 2013 kom svo upp dularfullt mál þar sem kanadískur stúdent að nafni Elisa Lam fannst látin í vatnstanki á þaki hótelsins en upptökur úr öryggismyndavélum sýndu hana hegða sér undarlega við lyftur hótelsins. Lík Lam fannst eftir að gestir hótelsins höfðu kvartað yfir litlu vatnsflæði og einkennilegu bragði af vatninu. Yfirvöld segja dánarorsök hafa verið drukknun en til eru ýmsar kenningar þeirra sem efast um þá skýringu.

Vistvæn bygging

Vistvæn bygging grundvallast á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þar sem leitast er við að mæta þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.

Vistvæn bygging er byggð á aðferðum sem eru umhverfisvænar, nýta auðlindir á hagkvæman hátt og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum byggingarinnar í gegnum allan vistferil hennar. Við hönnun vistvænna bygginga er meðal annars lögð áhersla á orkumál, efnisval, staðarval og heilnæmara umhverfi.

Vistvæn bygging ...

- er endingargóð og sveigjanleg.
- er hönnuð með líftíma bygginga í huga varðandi umhverfisáhrif og heildarkostnað.
- nýtir rými á hagkvæman hátt tryggir heilnæmt inniloft, lýsingu og hljóðvist og veldur minni úrgangi á byggingartíma og í rekstri.
- er byggð úr vistvænum byggingarefnum.
- nýtir vel orku, vatn og aðrar auðlindir og stuðlar að vistvænum samgöngum og aðgengi fyrir alla og stuðlar að vistvænum og hagkvæmum rekstri.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er dæmi um vel heppnaða byggingu.

Frétt af vef Framkvæmdasýslu ríkisins



Vönduð kostnaðaráætlun skiptir máli

Starfsmenn JT Verk hafa langa reynslu af hönnunar- og verkefnastjórnun ýmissa verkefna, minni og stærri. JT Verk stýrir verkinu frá hugmynd að framkvæmdalokum og veitir alhliða ráðgjöf.

Jónas Halldórsson, framkvæmdastjóri JT Verk, segir að fyrirtækið byggi á langri reynslu úr framkvæmdageiranum, þar sem meðal annars gerð og eftirfylgni kostnaðaráætlana sé veigamikill þáttur. „Með áætlun sem byggð er á þekkingu og reynslu minnka líkurnar á óvæntum uppákomum í ferlinu," segir hann og bætir við að gerð kostnaðaráætlana sé vandasamt verk. Forsendur og upplýsingar eru grundvöllur allra áætlana, breytingar geti komið upp hvenær sem er í ferlinu, allt frá því að ákveðið er fara í framkvæmdina á hönnunarstigi og á framkvæmdastiginu. Lykilatriðið er að reyna að vita í gegnum allt ferlið hver áætlaður raunkostnaður verkefnis verði í lokin.

„Margir þættir geta spilað inn í kostnaðarætlun. Vega þarf ýmsar breytingar hverju sinni sem geta komið upp. Þá skiptir máli hvaða forsendum vinna skal eftir. Reynsla og þekking skiptir sköpun, því fer fjarri að þetta sé einfalt mál," segir hann. „Vönduð vinna í áætlunargerð eykur líkur á að hún standist. Á öllum stigum, allt frá ákvörðun um verkefni og þar til því er lokið fylgjum við því eftir og gerum stöðugt uppfærslur á áætlunum. Til eru þekktar aðferðir verkefnastjórnunar sem eigendur verkefna ættu að nýta sér svo útkoman verði í samræmi við væntingar," útskýrir Jónas og bendir á að ábyrgð á kostnaðaráætlunum hafi verið þrengd nýlega. „Sérfróðir ráðgjafar virðast njóta minni verndar gagnvart gerð kostnaðaráætlana sem gæti haft þau áhrif að þeir beri sig undan því að gera áætlanir nema með ýmsum fyrirvörum," bætir hann við.

Hjá JT Verk starfar öflugur hópur fólks sem hefur sérhæft sig í utanumhaldi og verkefnastýringu framkvæmda frá upphafi til enda. „Ánægjan af því að standa í framkvæmdum er mikilvæg og þar skipta raunhæfar væntingar og réttar áætlanir lykilmáli. Þetta getur verið flókið en gott og stöðugt utanumhald verkefna eykur líkurnar á því umtalsvert. Upplifunin af framkvæmdum verður ánægjulegri þegar væntingarnar standast," segir Jónas.


Jónas Halldórsson, framkvæmdastjóri hjá JT Verk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Ánægjan af því að standa í framkvæmdum er mikilvæg og þar skipta raunhæfar væntingar og réttar áætlanir lykilmáli.**

JT Verk var stofnað árið 2017 með það að markmiði að vera virkur þátttakandi í framkvæmdageiranum á Íslandi. Nánari upplýsingar á heimasíðunni jtverk.is eða í síma 519 3220.

Gefa gömul sumarhús

BHM hefur auglýst gefins sex gömul sumarhús gegn því að þau verði flutt. Félagið telur ekki svara kostnaði að ráðast í endurnýjun húsanna.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Á vef BHM segir að á orlofssvæði BHM í Brekkuskógi í Biskupstungum séu nokkur orlofshús með lágum veggjum á langhliðum og bröttu þaki, svokölluð A-hús. Húsin eru um og yfir 40 ára gömul, 46 fermetrar að flatarmáli og standa á steyptum súlum. Jafnframt segir að þrátt fyrir að reglulegu viðhaldi hafi verið sinnt séu sex húsanna í mjög bágbornu ástandi og því er ekki talið að það myndi svara kostnaði að ráðast í viðamikla endurnýjun þeirra. Því hafi stjórn Orlofssjóðs BHM ákveðið að reisa sex ný orlofshús í Brekkuskógi sem leysa munu gömlu A-húsin af hólmi.


Húsin eru svokölluð A-hús með svefnlofti.


Þetta eru rúmgóð hús og geta átt góðan tíma eftir hjá nýjum eigendum.

Sjóðurinn hefur auglýst að í stað þess að rífa gömlu húsin og farga þeim muni húsin verða afhent áhugasömum aðilum til eignar gegn því að þau verði fjarlægð af svæðinu.

Gissur Kolbeinsson, fjármála- og rekstrarstjóri BHM, segir að viðbrögðin við auglýsingunni hafi verið mjög mikil. „Í raun mikið meiri en við þorðum að vona því svona flutningur er meira en að segja það. Ég er með um 150 manns á lista í dag sem hafa lýst yfir áhuga á að taka svona hús."

Hann segir að húsin séu í því ástandi að laghentir ættu að geta haldið þeim við. „Húsin voru í útleigu þar til um síðastliðna helgi. Við höfum hins vegar ekkert farið í grafgötur með að þau eru í nokkurri viðhaldsþörf. Í gær vorum við með opið hús fyrir áhugasama. Viðbrögðin sem ég fékk frá þeim sem skoðuðu húsin voru öll jákvæð og greinilega nokkur spenna varðandi útdráttinn. Fólk setur því viðhaldsþörf húsanna greinilega ekki fyrir sig."

Í tilkynningunni frá BHM kemur fram að við ákvörðun um ráðstöfun húsanna munu sjóðfélagar ganga fyrir og einnig aðilar sem reiðubúnir eru að fjarlægja fleiri en eitt hús. Verði eftirspurnin meiri en framboðið verður dregið úr hópi áhugasamra. Það er nokkuð ljóst miðað við áhuga að dregið verður úr hópi þeirra handlögnu aðila sem hafa lýst áhuga sínum á að eignast húsin.


Sumarhúsin eru um og yfir 40 ára gömul og þurfa talsvert viðhald.

Gissur segir að bygging nýrra húsa verði boðin út núna í febrúar en útboðið verður auglýst fljótlega. Reiknað er með að framkvæmdunum verði lokið árið 2022. Nýju húsin sex sem reist verða í stað gömlu A-húsanna eru hönnuð af arkitektunum Sigríði Maack og Ingunni Hafstað hjá Arktika. Við hönnun þeirra var leitast við koma til móts við þarfir og óskir sjóðfélaga samkvæmt niðurstöðum viðhorfskannana sem stjórn Orlofssjóðs hefur gert. Nýju húsin verða töluvert stærri en A-húsin og frábrugðin þeim að ýmsu leyti.

EINANGRAÐU MEÐ ÍSLENSKRI STEINULL

INNLEND FRAMLEIÐSLA MEÐ EPD UMHVERFISYFIRLÝSINGU

Steinull hf er fyrsti byggingavöruframleiðandinn á Íslandi sem látið hefur útbúa umhverfisyfirlýsingu fyrir sínar vörur.

Umhverfisyfirlýsing vöru stendur fyrir „Environmental Product Declaration" eða EPD.



STEINULL

SAUÐÁRKRÓKI • Sími 455 3000 • steinull@ steinull.is • www.steinull.is

Þar sem fagmennirnir versla



Góð þjónusta, yfirgripsmikil þekking og mikið vöruúrval eru aðalsmerki BYKO. Hvort sem þú ert fagmaður eða í framkvæmdum upp á eigin spýtur er næsta víst að við getum aðstoðað þig.

Líttu við í BYKO í næsta verki – þá verður allt í lagi.

Takk fyrir!

Þriðja árið í röð!

Ánægðustu viðskiptavinirnir!

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Viðurkenning er einungis veitt þeim fyrirtækjum sem eru með tölfræðilega marktækt hæstu einkunnina í viðkomandi atvinnugrein, þ.e. þar sem segja má með 95% vissu að viðskiptavinir fyrirtækisins með hæstu einkunnina séu að jafnaði ánægðari en viðskiptavinir fyrirtækisins með næsthæstu einkunnina.

* BYKO er í 1. sæti í flokki byggingavöruverslana.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is



Undanfarið hefur verið mikið byggt af iðnaðarhúsum sem hægt er að skipta upp í nokkur bil.



Fyrirtækið gerði nýlega samning við þýskt fyrirtæki um innfluting á krosslímdu límtré (CLT). Byrjað er að bjóða það í íbúðarhús og milligólf.



Límtré er mikið notað í íþróttahús. Fyrirtækið er einnig með stálgrindur



Límtréð hefur verið vinsælt í hesthúsum af öllum stærðum.



Hér sést hvernig húsinu er skipt upp með bilum frá Límtré Vírneti en þarna á eftir að loka veggjunum.

Áratuga reynsla og fyrsta flokks þjónusta

Límtré Vírnet framleiðir límtré og steinullareiningar á Flúðum, sem hafa verið notaðar í mjög fjölbreyttar byggingar, allt frá fjárhúsum til íþróttahúsa.

Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður byggingardeildar, segir tíu manns starfa á deildinni. „Þrír vinna við sölu, en hinir sjö vinna við hönnun og teiknivinnu fyrir límtréshúsin og steinullareiningarnar sem notaðar eru á húsin," segir hann.

Fyrirtækið vinnur náið með arkitektum, byggingafræðingum og verkfræðistofum. „Það sem við erum að hanna og teikna er það sem snýr að okkar framleiðslu, límtrésburðarvirki og einingum. Fyrirtækið byggir á yfir 30 ára hönnunarreynslu á þessu sviði.

Við skilum ítarlegum teikningum af burðarvirki og steinullareiningum til byggingarfulltrúa. Viðskiptavinir okkar fá síðan frá okkur teikningasett ásamt magnskrám fyrir allt efni og fylgihluti sem fer í húsið.

Það hefur verið mikil ánægja með þessi gögn sem við skilum frá okkur fyrir þessar byggingar," segir Sigurður.

„Eitt stærsta dæmið um slík hús sem við höfum unnið að er 10.000 fermetra flugskýli á Keflavíkurflugvelli sem við unnum á árunum 2016-2017. Fífan í Kópavogi er líka úr stálgrind frá okkur.

Fjölbreyttar byggingar frá fjárhúsum til íþróttahúsa

Byggingardeildin hefur tekið að sér vinnu við mjög fjölbreyttar byggingar. Allt frá fjárhúsum og fjósum fyrir landbúnaðinn, frystigeymslur og kæliklefa fyrir sjávarútveginn, einnig íbúðarhús, íþróttahús, iðnaðarhús og flugskýli svo eitthvað sé nefnt.

„Við tókum ákvörðun árið 2000 um að bjóða líka innflutt stálgrindarhús til að geta þjónað viðskiptavinum okkar betur. Við vorum oft að fá beiðnir um mjög stór hús sem við réðum ekki við með límtrésburðarvirki. Eitt stærsta dæmið um slík hús sem við höfum unnið að er 10.000 fermetra flugskýli á Keflavíkurflugvelli sem við unnum á árunum 2016-2017. Fífan í Kópavogi er líka úr stálgrind frá okkur og við höfum líka byggt vöruhús og frystiklefa úr stálgrindum," segir Sigurður.

Í dag skipta umhverfismál sífellt meira máli. Sigurður segir að í Noregi sé dæmi um að húsbyggjendur fái úthlutað kolefniskvóta fyrir húsið. „Til að ná að uppfylla þennan kvóta þarf oft að byggja úr timbri, sem kemur betur út en ef byggt væri úr steypu eða stáli. Við vorum að ganga frá samningum við þýskt fyrirtæki í síðasta mánuði um innflutning á krosslímdu límtré (CLT). Við erum að byrja að bjóða það til dæmis í íbúðarhús og milligólf í iðnaðarhúsin."



Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður byggingardeildar Límtrés Vírnets hefur komið að vinnu við ýmsar tegundir bygginga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRTRYGGUR



Álklæðningarnar eru af ýmsu tagi. Hér má sjá báruál með sléttplötuklæðningu.

Álklæðningar fyrir alls kyns byggingar

Límtré Vírnet býður nú heildarlausnir þegar kemur að álklæðningum fyrir allar gerðir bygginga, ásamt öllum fylgihlutum.

Andri Daði Aðalsteinsson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs Límtrés Vírnets, segir að flestir fari þá leið að einangra byggingar að utan og mjög algengt er að nota síðan álklæðningar.

„Munurinn á okkur og öðrum söluaðilum á þessum markaði er að við erum bæði innflutningsaðilinn á öllu álefninu ásamt því að geta boðið alla vinnslu á efninu. Við höfum selt álklæðningar í áratugi en nýjungin er sú að nú bjóðum við upp á allar festingar sem þarf til uppsetningar á slíkum klæðningum sem og undirkerfi úr áli. Nú getur viðskiptavinurinn komið til okkar og fengið heildarpakkann," segir Andri.

Álklæðningar hafa þann kost að þær henta íslensku veðurfari vel. Þær ryðga ekki og þurfa sáralítið viðhald. „Það er því ekki að ástæðulausu að fólk velur álklæðningar í dag. Við búum á Íslandi þar sem er allra veðra von og umhverfið er víða saltríkt," segir Andri.

„Við höfum haft þann vana á að senda blikksmiði fyrirtækisins á verkstað þegar undirkerfið er komið upp. Þetta gerum við til þess að fara yfir alla áfellusmíði, koma með tillögur að útfærsluatriðum ef þess er þörf og svo framvegis. Þetta er þjónusta sem menn hafa verið gríðarlega ánægðir með."

Álklæðningarnar sem Límtré Vírnet býður upp á eru margs konar. „Við getum boðið upp á



Hægt er fá álklæðningarnar tilsniðnar svo þær séu tilbúnar til uppsetningar. Hér má sjá fallegt hús með sléttplötuklæðningu.



Báruálið er vinsælt en það krefst mjög lítils viðhalds.

það sem kallast kasettuklæðning og sléttplötuklæðning en það klassískasta er alltaf báran. Við leggjum mikið upp úr því að þjónusta viðskiptavini okkar sem best og finna lausnir sem eru hagkvæmar," segir Andri.

„Þegar kemur að áfellusmíði þá fáum við allt okkar efni á rúllum og því smíðum við áfellurnar í þeirri lengd sem viðskiptavinurinn óskar eftir, allt upp í fjóra metra. Sé þess óskað tökum við einnig öll snið á áfellur í kringum glugga sem gerir uppsetningu mun fljótlegri og frágangur verður einnig mun fallegri. Öll framleiðsla á álklæðningum fer fram í blikksmiðju okkar í Borgarnesi og erum við með daglegar ferðir á milli Borgarness og Reykjavíkur. Undirkerfi fyrir álklæðningarnar og allar festingar eru svo á lager fyrirtækisins að Lynghálsi 2 þar sem við erum með bíl sem keyrir svo allt á verkstað sé þess óskað."



Andri Daði Aðalsteinsson segir fyrirtækið nýlega farið að bjóða upp á allar festingar sem þarf til að setja upp álkæðningar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Límtré Vírnet framleiðir undirkerfi úr áli fyrir álklæðningar.



Hér sést Ladakh í norðurhluta Indlands, en Zojila-göngin eiga að tengja svæðið við Kashmir-dalinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Rándýr gangagerð stöðvast

Vinna við hin 14 kílómetra löngu Zojila-göng á Indlandi, sem eiga að tengja Kashmir-dalinn við Ladakh í norðurhluta Indlands og kosta milljarð Bandaríkjadollara, hefur stöðvast.

Vandamálin komu fyrst upp í september árið 2018, þegar verktakinn sem var að byggja göngin fór á hausinn og skildi eftir skuldir að andvirði um 13 milljónir Bandaríkjadollara, eða 1,6 milljarðar íslenskra króna.

Indverska ríkisstjórnin ætlaði þá að ráða nýjan verktaka og óskaði eftir tilboðum í verkið, en því var hætt í ágúst 2019. Búist var við því að það yrði haldið áfram að leyfa verktökum að bjóða í verkið síðar meir, en það hefur ekki gerst og það eru engin merki um að vinna við göngin hefjist aftur á næstunni.

Þegar framkvæmdir hófust sagði Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, að göngin væru tæknilegt kraftaverk. Indverska ríkisstjórnin hefur heitið því að eyða 1,4 trilljónum Bandaríkjadollara til að byggja upp innviði og iðnað landsins, en skortur á góðum innviðum hefur hamlað efnahagsþróun á Indlandi.



Að mörgu er að hyggja við að byggja.

Yfirumsjón byggingarmála

Mannvirkjastofnun fer með yfirumsjón byggingarmála á Íslandi. Stofnunin fer meðal annars með undirbúning reglugerða og gerð leiðbeininga á sviði byggingarmála, aðgengismál, löggildingu hönnuða og iðnmeistara, útgáfu starfsleyfa fyrir byggingarstjóra og faggiltar skoðunarstofur á byggingasviði. Stofnunin skal einnig sinna markaðseftirliti með byggingarvörum og taka þátt í gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði byggingarmála.

Meginþungi byggingareftirlits í landinu er á höndum sveitarfélaganna sem ráða byggingarfulltrúa til að sinna útgáfu byggingarleyfa og framkvæmd byggingareftirlits. Þó er gert ráð fyrir að með tímanum verði allt byggingareftirlit framkvæmt af faggiltum aðila í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Mannvirkjastofnun býr til.

Um síðustu áramót sameinuðust Mannvirkjastofnun og Íbúðalánasjóður undir nýju nafni: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Sameiningunni er ætlað að stuðla að heildstæðri yfirsýn yfir húsnæðis- og mannvirkjamál á einum stað ásamt því að efla stefnumótun og framkvæmd húsnæðis- og mannvirkjamála til hagsbóta fyrir almenning.

Sjá nánar á hms.is

Byltingarkennt byggingarefni

Fyrir nokkrum árum var hönnuð ný tegund múrsteins sem dregur í sig loftmengun. Múrsteinnin er gerður út steypu og endurunnu plasti.

Múrsteinninn er hannaður þannig að hann er hluti af loftræstingu byggingarinnar. Hann er tveggja laga ytra lagið sérhannaður múrsteinn og innra lagið er hefðbundin einangrun. Múrsteinninn virkar þannig að hann dregur í sig loftmengun í gegnum sérstaka loftsíu og sendir svo út aftur hreinsað loft.



Ný tegund múrsteina síar loftið. NORDICPHOTOS/GETTY

Rannsókn á síunarkerfi múrsteinanna sýndi a hann gat síað 30% af fíngerðum mengandi ögnum og 100% af grófari ögnum eins og ryki. Það er því ekki ólíklegt að mengunarsíu múrsteinar eigi eftir að verða algeng byggingarefni á komandi árum þar sem hús úr slíkum múrsteinum geta bætt lífskilyrði þeirra sem í þeim búa til muna.

nettoline





Friform

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is
Mán. – Fim. 10–18
Föstudaga. 10–17
Laugardaga. 11–15

Ljósvirki ehf.



NOVOSPRINT – High Speed Doors

- Tvisvar sinnum hraðari opnun en á hefðbundnum hurðum sem minnkar líkur á ákeyrslu
- Enginn leki af hurð á farm sem fer í gegn – hentar vel í matvælavinnslu
- Fljótlegar í uppsetningu
- Lágmarks viðhald
- Endingagóðar

SPACELITE – Stacking Doors

- Auðveldar í uppsetningu
- Fáir slitfletir – lítið viðhald
- Taka lítið pláss í opinni stöðu
- Hleypa í gegnum sig birtu
- Sérstaklega endingagóðar
- Hljóðlátar í opnun/lokun





Boplan – Árekstrarvarnir

- Mjög höggþolnar
- Auðveld uppsetning úr einingum
- Halda vel lögun, útliti og eiginleikum eftir árekstur



www.ljosvirki.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Hjólhýsi



HJÓLHÝSI.COM
Trigano upplásin fortjöld. Bjóðum bestu verðin á landinu! Erum byrjaðir að taka á móti pöntunum fyrir sumarið.

Lima 410 Verð 165.000 kr.

Lima 300 Verð 135.000 kr.

Bali XL Verð 129.000 kr.

Innifalið í verði: Gólfteppi, himinn, pumpa, svuntur, stangir, taska.
Allar fyrirspurnir sendist á
kriben@simnet.is
s:8634449
hjolhysi.com

Aukahlutir í bíla

KONI
Demparar
- Styrkur
- Ending

Fyrir:
- Fólksbíla
- Jeppa
- Vörubíla
- Flutningabíla
- Rútur



AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Þjónusta

Píplagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Ræstingar

FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.
Við sérhæfum okkur í ræstingum á fyrirtækjum, þar sem áhersla er lögð á fagleg og vönduð vinnubrögð. Ódýr og góð þjónusta.
FMJ Þrif ehf.
Uppl. í síma 780 7020 eða
raesting2010@yahoo.com

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar til 15. febrúar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Keypt & Selt

Til sölu



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABIL.
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-650



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is



Afsláttur af öllum upphengibúnaði



Til á lager:
Raufapanill er fáanlegur í hvítum plötum í stærðinni: 120 x 240 og 240 x 120 cm. Einnig fáanlegur, tilbúinn fyrir sprautun.
Smellulistar:
Snap-in smellulista er auðvelt að skipta um og fáanlegir í mörgum litum.

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is
STÓREldhús
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
Sýningarsalur Draghálsi 4 -
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is
TAKTIK 5570 #

Er hann einstakur?



fatboy®

Hann er Fatboy Original.

Fatboy | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588 1955 | sekkur.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

10. FEBRÚAR 2020 MÁNUDAGUR



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Salbjörg H. Norðdahl

fyrrverandi húsfreyja
Hólmi,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir 30. janúar, verður jarðsungin mánudaginn 10. febrúar frá Árbæjarkirkju kl. 14.00.

Karl H. Norðdahl — **Ásdís B. Ottesen**
Þorvaldur S. Norðdahl
Erla Norðdahl
Eggert Norðdahl
Valur Þór Norðdahl — **Marta Kristín Halldórsdóttir**
Heiða Björk Norðdahl — **Jón Jóhannesson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hanna Björg Sveinbjörnsdóttir

Aðalgötu 5, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, miðvikudaginn 5. febrúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 14. febrúar, kl. 13.

Sveinbjörn Halldórsson — **Ásdís Ingadóttir**
Kristín Björg Halldórsdóttir — **Bjarni Helgason**
Sólveig Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Benta Margrét Briem

sem lést á Hrafnistu í Laugarási 17. janúar, verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 13. febrúar klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Rauða krossinn og líknarfélög.

Ólafur Jón Briem — **Sóley Enid Jóhannsdóttir**
Garðar Briem — **Elín Magnúsdóttir**
Gunnlaugur Briem — **Hanna B. Marteinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðfinna Snorradóttir

lést á heimili sínu í Torrevieja 17. janúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Ásta María Benónýsdóttir — **Styrmir Ingi Bjarnason**
Ólafur Björn Benónýsson
Arnór Freyr og Birna Mjöll
Kára Dís, Krista Bríet og Hrannar Ben



Sambýliskona mín og systir,

Bergþóra Magnúsdóttir

Hringbraut 42, Hafnarfirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sólvangi 3. febrúar.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 13. febrúar kl. 13.

Gunnar G. Guðmundsson
Hallveig Magnúsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



Hjörtur Guðnason, varaformaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, Halldór Þ. Haraldsson, formaður, Jófríður Benediktsdóttir og Hafliði Aðalsteinsson (heiðursiðnaðarmenn) og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands. MYND/MOTIV, JÓN SVAVARSSON

Heiðursiðnaðarmenn ársins 2020 eru hjón

Hjónin Jófríður Benediktsdóttir og Hafliði Aðalsteinsson eru heiðursiðnaðarmenn ársins 2020. Þau voru heiðruð á Nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Tuttugu og þrír iðnnemar fengu viðurkenningu fyrir afburðaárangur á sveinsprófi.

Hjónin Jófríður Benediktsdóttir, kjóla- og klæðskerameistari, og Hafliði Aðalsteinsson skipasmíðameistari voru valin heiðursiðnaðarmenn ársins 2020 fyrir einstakt framlag til íslenskrar þjóð- og iðnmenningar á árlegri Nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík á laugardaginn.

Halldór Þ. Haraldsson, formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, segir þau sérlega vandvirkt fagfólk sem hafi verið iðnverki til sóma: „Að auki hafa þau bæði, hvort á sinn hátt, haldið uppi og miðlað áfram iðnþekkingu sem skipar mikilvægan sess í menningarsögu okkar Íslendinga," segir Halldór.

„Jófríður hefur um árabil haldið uppi heiðri íslenska þjóðbúningsins og kennt námskeið í þjóðbúningagerð og Hafliði er bátasmiður langt aftur í ættir og hefur miðlað þeirri þekkingu og sögu áfram," segir Halldór og tekur dæmi um endurgerð merks súðbyrðings sem er eins og bátur sem langafi Hafliða smíðaði árið 1890. Hefur hann verið tilnefndur til heimsminjaskrár UNESCO.

> **Mikilvægt að hver og einn finni nám sem er áhugavert og spennandi.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Nýsveinahátíðin var haldin í fjórtánda sinn á laugardaginn en tilgangur hennar er að veita ungum iðnaðarmönnum viðurkenningu fyrir framúrskarandi fagmennsku og efla virðingu fyrir iðnnámi.

Á hátíðinni afhenti forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, verðlaun til 23 iðnnema úr 14 iðngreinum og sjö skólum víðs vegar um landið, sem heiðraðir voru fyrir afburðaárangur á sveinsprófi.

„Iðnmenntun er verðmæt og eftirsótt menntun enda er er hún ein af grunnstoðum afkastamikils atvinnulífs og frábær valkostur fyrir ungt fólk í dag," segir Halldór. Hann segist stoltur af því að úr hópi þeirra 23 sem fengu viðurkenningu í ár eru ellefu konur og hefur hlutfall þeirra aldrei verið hærra.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segist fagna því að nemendum fjölgi sem innritast á ákveðnar verk- og starfsnámsbrautir.

„Íslenskt samfélag þarf á iðnnemum að halda og því erum við að fagna í dag. Það er mikilvægt að hver og einn finni nám sem er áhugavert og spennandi. Ég óska heiðursiðnaðarmönnum innilega til hamingju með nafnbótina. Þau eru svo sannarlega vel að því komin," sagði ráðherra í tilefni af hátíðinni.

adalheidur@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 10. FEBRÚAR 2005

Karl Bretaprins og Camilla opinberuðu trúlofun sína

Fimmtán ár eru síðan Karl Bretaprins og Camilla Parker-Bowles opinberuðu trúlofun sína, 10. febrúar 2005. Þau gengu í það heilaga síðar sama ár.

Þau áttu í fremur skammlífu ástarsambandi snemma á áttunda áratugnum en héldu síðan hvort í sína áttina. Karl gekk að eiga hina ungu Díönu og Camilla giftist Andrew Parker-Bowles. Þau áttu tvö börn.

Sögusagnir komust á kreik um að enn væri kært með þeim Karli og Camillu meðan bæði voru enn í hjónabandi og frægt er viðtalið við Díönu prinsessu sem kvartaði undan mannmergð í hjónasænginni og vísaði þar til



Karl og Camilla í boði í Windsorkastala.

meints sambands eiginmanns síns við Camillu.

Karl og Díana prinsessa voru nýskilin þegar hún lést í bílslysi árið 1996. Þremur árum síðar sáust Camilla og Karl fyrst opinberlega saman. Það ár, 1999, lýsti Karl lýsti því yfir að samband hans við Camillu væri óumsemjanlegt. Camilla var þá skilin við mann sinn.

Þau tilkynntu svo trúlofun sína 10. febrúar 2005 og mættu það kvöld saman til boðs í Windsorkastala og við það tækifæri sýndi Camilla fjölmiðlum trúlofunarhring sinn. Þau giftu sig í apríl sama ár. **– aá**

HÖFUM OPNAÐ NÝTT APÓTEK
Í SKEIFUNNI 11



Við kynnum með stolti í fyrsta sinn á Íslandi

DERMA CENTER – húðvörur sem húðsjúkdómalæknar um allan heim hafa mælt með

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR



Nýjar náttúrulegar húðvörur úr Hemp olíu



TWISTSHAKE vörurnar eru framleiddar í Svíþjóð. Allir plastpelar, stútkönnur, snuð og aðrar vörur frá TWISTSHAKE eru BPA, BPS og BPF fríar

REYKJAVÍKUR APÓTEK

SELJAVEGI – SKEIFU

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
1 °C | 11 ↘	-1 °C | 14 ↙	-1 °C | 3 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-2 °C | 2 ↑	-3 °C | 4 ↗	-5 °C | 10 ↘

Norðan og norðvestan 13-23 vestan til með snjókomu í dag og sums staðar slyddu við ströndina. Hvassast norðvestan til, en mun hægari og úrkomulítið fyrir austan. Frost 0 til 7 stig, en heldur hlýnandi á morgun.

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
1 °C | 7 ↙	-4 °C | 10 ↙	-2 °C | 4 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
0 °C | 7 ↓	0 °C | 3 ↓	-7 °C | 6 ↓

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-4 °C | 3 ↖	-7 °C | 4 ←	-8 °C | 0 ○
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-10 °C | 2 →	-3 °C | 2 ↙	-12 °C | 3 ↘

LÉTT

				6	3		7	4
	1	5			9	8		
		3		4				
5						6	8	3
	8			1			2	
7			2				5	
8	4		1	9			6	
9			4					
		6			2			7

MIÐLUNGS

		8				4		
9			2					
1	2			6	7			9
	5				3	9		4
			5	2		1		3
6								
2	3			7		5		
4	6						1	7
							4	

ÞUNG

				3	9	5	7	1
				1			3	
			6					
	4		9	6				
		6						2
		5			2	4		
		4	3			1	5	
		9		7				
8	3	2			1			

Krossgáta

LÁRÉTT
1. Heiðra
5. Spekja
6. Í röð
8. Lúffa
10. Tveir eins
11. Leturtákn
12. Bithagi
13. Hærri
15. Ógæfa
17. Safna saman

LÓÐRÉTT
1. Alger
2. Þjálfun
3. Starfsgrein
4. Hængur
7. Meðhöndla
9. Skynja
12. Stöngulendi
14. Framkoma
16. Rómversk tala



LÁRÉTT: 1. gröfga, 5. agga, 6. gh, 8. guggna, 10. nn, 11. rún, 12. beit, 13. efri, 15. raunir, 17. smala.
LÓÐRÉTT: 1. gagnger, 2. ogun, 3. fag, 4. agnúi, 7. hantera, 9. greina, 12. brum, 14. fas, 16. il.

Skák Gunnar Björnsson

Parr átti leik gegn Wheatcroft í London árið 1938.

1. Hh5!! Dxd7 2. Rg5+ Kh8 3. Hxh6# 1-0.

Óttar Örn Bergmann Sigfússon sigraði á Bikarsyrpu TR sem fram fór um helgina. Iðunn Helgadóttir og Matthías Björgvin Kjartansson urðu í 2.-3. sæti.
www.skak.is: Bikarsyrpa TR.

Hvítur á leik



6	2	8	5	7	9	3	4	1
3	1	9	4	2	8	6	7	5
7	4	5	3	6	1	8	9	2
8	6	3	1	9	4	5	2	7
9	5	2	8	3	7	1	6	4
1	7	4	2	5	6	9	8	3
2	8	1	6	4	3	7	5	9
4	9	6	7	1	5	2	3	8
5	3	7	9	8	2	4	1	6

6	7	1	3	5	2	4	8	9
2	3	8	9	4	6	1	5	7
9	4	5	7	8	1	6	2	3
1	6	4	2	9	7	5	3	8
3	8	9	4	1	5	7	6	2
5	2	7	6	3	8	9	1	4
8	9	3	5	6	4	2	7	1
4	5	2	1	7	3	8	9	6
7	1	6	8	2	9	3	4	5

7	3	2	8	9	5	4	1	6
8	4	6	1	2	7	5	3	9
9	5	1	3	4	6	7	8	2
1	6	7	5	3	4	9	2	8
3	8	4	2	1	9	6	5	7
2	9	5	6	7	8	1	4	3
6	7	8	4	5	3	2	9	1
4	1	9	7	8	2	3	6	5
5	2	3	9	6	1	8	7	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

TUDOR Start/stop

AGM þurrir og EFB sýru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tækifæri fyrir ungt kvikmyndagerðarfólk

Stuttmyndakeppni Stockfish kvikmyndahátíðarinnar er stökkpallur fyrir vinningshafann. Rósa Ásgeirsdóttir er dagskrár- og viðburðastjóri Stockfish. Hún segir áherslu lagða á að fá til landsins nýjar myndir.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Kvikmyndafólk getur nú sent inn myndir á Sprettfisk, stuttmyndakeppni Stockfish kvikmyndahátíðarinnar. Umsóknarfrestur er til 20. febrúar og umsóknir skal senda á stockfish@stockfishfestival.is.

Rósa Ásgeirsdóttir er dagskrár- og viðburðastjóri Stockfish, en hátíðin sjálf verður haldin í mars. „Með keppninni er verið að skapa tækifæri fyrir ungt kvikmyndagerðarfólk og fagna því besta sem er í gangi í kvikmyndagerð. Við höfum verið í samstarfi við Kukl sem veitir verðlaunin, sem eru einnar milljónar króna úttekt í formi tækjaleigu á kvikmyndabúnaði.“

Spurð hverju stuttmyndakeppnin hafi skilað segir Rósa: „Þarna er mjög gott tækifæri fyrir unga kvikmyndagerðarmenn og það kostar ekkert að sækja um. Sex myndir eru valdar og ein þeirra vinnur verðlaunin, en allar sex eru í samstarfi við Íslandsstofu sendar á Taste of Iceland, viðburði í Norður-Ameríku og Kanada. Þannig er þessi keppni viss stökkpallur fyrir kvikmyndagerðarfólk. Eftir að hafa komist inn á Stockfish opnast möguleikar fyrir fleiri hátíðir. Myndin sem vann í fyrra, XY eftir Önnur Karín Lárusdóttur, var til dæmis sýnd á níu kvikmyndahátíðum í kjölfarið.“

Breytt skilyrði

Rósa segir fjölda umsókna berast á hverju ári. „Í ár breyttum við skilyrðum. Við höfðum sett skilyrði um að myndirnar yrðu að vera Íslandsfrumsýndar hjá okkur en höfum ákveðið að fella það skilyrði niður. Við viljum gefa sem flestum tækifæri og umsækjendur geta sent myndir sínar inn á aðrar hátíðir hérlendis eða jafnvel sýnt á eigin vegum, en samt tekið þátt í þessari keppni.

Myndirnar verða að vera innan við 30 mínútur að lengd og vera gerðar árið 2019 eða seinna. Ef myndin er á íslensku þarf að texta hana á ensku því við erum með alls konar áhorfendur og dómnefndir eru jafnvel skipaðar erlendum einstaklingum.“

Tengslanet sköpuð

Stockfish kvikmyndahátíðin verður síðan haldin 12.- 22. mars. „Þetta er alþjóðleg kvikmyndahátíð og við leggjum áherslu á að fá til landsins nýjar myndir sem hafa vakið mikla athygli á liðnu ári. Þetta eru myndir sem hafa verið sýndar á stórum kvikmyndahátíðum víðs vegar um heim og ef við myndum ekki fá þær



Rósa Ásgeirsdóttir, dagskrár- og viðburðarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

VIÐ VILJUM GEFA SEM FLESTUM TÆKIFÆRI OG UMSÆKJENDUR GETA SENT MYNDIR SÍNAR INN Á AÐRAR HÁTÍÐIR HÉRLENDIS EÐA JAFNVEL SÝNT Á EIGIN VEGUM.

á hátíðina gætu Íslendingar ekki séð þær í bíó.“ Meðal mynda sem verða sýndar á Stockfish eru Monos frá Kólumbíu og The Pained Bird frá Tékklandi sem gerð er eftir hinni frægu sögu Jerzy Kosinski frá Tékklandi. Báðar fjalla um stríð og átök en þó á afar ólíka vegu.

„Stockfish er líka bransahátíð,“ segir Rósa. „Við bjóðum kvikmyndagerðarfólki frá öðrum löndum sem heldur masterklassa og alls kyns viðburðir eru haldnir til að opna umræðu, efla iðnaðinn og skapa tengslanet. Þetta eru viðburðir sem eru opnir öllum og hvetjum við sérstaklega ungt kvikmyndagerðarfólk til að nýta tækifærið og koma og taka þátt.“



Það er mikið fjör á danskvöldm þar sem sveiflan ræður ríkjum.

Vorönn Sveiflustöðvarinnar

Nú er vorönn Sveiflustöðvarinnar að hefjast. Kennd eru grunn- og framhaldsnámskeið í sveifludansinum Lindy hop. Tímarnir eru í lðnó og almenn danskvöld eru eftir kennslu.

Danskvöldin eru á dagskrá alla mánudaga milli klukkan 21.00 og 22.30 og ekkert kostar inn.

Þessa önnina hefur skólinn fengið til sín gestakennara, hinn margrómaða rússneska stjörnudansara Yönu Sanamyantz. Hún mun einnig kenna á hinni árlegu alþjóðlegu sveifluhátíð Lindy on Ice, sem Sveiflustöðin stendur fyrir um næstu helgi, eða frá 13. til 16. febrúar, á Flúðum og í Reykjavík.

Sveiflustöðin var stofnuð árið 2018 af Sigurði Helga Oddssyni píanóleikara sem kennir Lindy hop og skylda sveifludansa á grunn-, mið- og framhaldsstigi. – gun

Afi allra swing-dansa

Lindy hop er afró-amerískur dans sem þróaðist í Harlem í New York-borg upp úr 1927. Hann var sambland af mörgum dönsum svo sem djassi, tappi, breakaway og Charleston.

Lindy hop þróaðist samhliða djasstónlistinni og hann er talinn vera afi allra swingdansa. Honum er lýst sem djassi eða götudansi.

Heimild: Wikipedia



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000

Íslendinga lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is.**

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019. Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

DAGSKRÁ

Mánudagur

HRINGBRAUT

20.00 Bókahornið Í Bókahorninu er fjallað um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.30 Fasteignir og heimili Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.00 21 - Fréttaþáttur á mánudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Kíkt í skúrinn Frábær bílaþáttur fyrir bíladellufólkið: Kíkt í skúrinn með Jóa Bach.
22.00 Bókahornið Í Bókahorninu er fjallað um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
22.30 Fasteignir og heimili Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
23.00 21 - Fréttaþáttur á mánudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
23.30 Kíkt í skúrinn Frábær bílaþáttur fyrir bíladellufólkið: Kíkt í skúrinn með Jóa Bach.

RÚV SJÓNVARP

12.45 Gettu betur 1993 Versló - FÁ
13.45 Óskarsverðlaunahátíðin 2020 Academy Awards 2020
16.45 Silfrið
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Eysteinn og Salóme
18.13 Símon
18.18 Letibjörn og læmingjarnir
18.25 Flugskólinn
18.47 Tulipop Bleksveppir
18.50 Krakkafréttir Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Gíraffar - Ljúfir risar í Afríku Giraffes. Africa's Gentle Giants Náttúrulífsmynd frá BBC um gíraffa.
21.05 22. júlí 22. juli Norsk leikin þáttaröð í sex hlutum um hryðjuverkin í Útey þann 22. júlí 2011. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Óskarsverðlaunin - samantekt Academy Awards 2020 - International Version Samantekt á afhendingu Óskarsverðlaunanna í Los Angeles sem fram fóru síðastliðna nótt.
23.50 Darcey Bussel. Í leit að Fred Astaire Darcey Bussell. Looking for Fred Astaire
00.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 ISPS Handa Vic Open Útsending frá ISPS Handa Vic Open.
13.30 AT&T Pebble Beach Pro-Am Útsending frá AT&T Pebble Beach Pro-Am.
18.30 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA mótunum.
19.25 ISPS Handa Vic Open Útsending frá ISPS Handa Vic Open

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Pabbi skoðar heiminn
14.25 The Biggest Loser
16.15 Malcolm in the Middle
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 Speechless
19.40 The Good Place
20.10 A Million Little Things
21.00 The Capture
21.50 Blue Bloods
22.35 Love Island
23.20 The Late Late Show
00.05 Love Island. Aftersun
00.50 NCIS
01.35 FBI. Most Wanted
02.20 Evil
03.05 i'm Dying up here
04.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur Suðurríkjarokk
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta Synir þrumunnar og viðkvæm blóm
15.00 Fréttir
15.03 Dante Alighieri og Gleðileikurinn guðdómlegi Fyrri þáttur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Hátalarinn
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkavikan
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Hjartastaður Sautjándi lestur
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Can You Ever Forgive Me
13.45 Tommi og Jenni. Willy Wonka og súkkulaðiverksmiðjan
15.05 Sweet Home Carolina
16.30 Can You Ever Forgive Me
18.15 Tommi og Jenni. Willy Wonka og súkkulaðiverksmiðjan
19.35 Sweet Home Carolina
21.00 We're the Millers
22.50 Sicario 2. Day of the Soldado
00.50 The Hunter's Prayer
02.20 We're the Millers

STÖÐ 2

08.00 Friends
08.20 Gilmore Girls
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Splitting Up Together
09.50 Suits
10.30 The Detail
11.15 Landnemarnir
11.55 Gulli byggir
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
14.25 American Idol
16.00 Three Identical Strangers
17.43 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.28 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.47 Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Um land allt Kristján Már Unnarsson snýr aftur með þessa frábæru þætti þar sem hann heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólki.
19.45 Grand Designs Australia 8
20.40 Silent Witness
21.35 The Outsider
22.35 Ballers
23.00 60 Minutes
23.45 The Accident
00.35 Castle Rock
01.25 Boardwalk Empire Fjórða þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkarlsins Nucky Thompson.
02.25 Boardwalk Empire
03.25 Boardwalk Empire
04.20 Boardwalk Empire

STÖÐ 3

19.15 The Big Bang Theory
19.35 Fresh Off The Boat
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Schitt's Creek
21.15 American Horror Story. 1984
21.55 The Hundred
22.40 Hand i hand
23.25 Random Acts of Flyness
00.00 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.35 Wigan - Preston North End Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
09.15 Real Betis - Barcelona Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
10.55 Nottingham Forest - Leeds Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
12.35 Hellas Verona - Juventus Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
14.15 Haukar - Valur Útsending frá leik í Olís deild karla.
15.45 Millwall - West Brom Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
17.25 Football League Show Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
17.55 Ítölsku mörkin
18.25 Spænsku mörkin
18.55 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
19.20 ÍR - Fram Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
21.15 Seinni bylgjan
22.45 Seinni bylgjan
23.10 Football League Show
23.40 Osasuna - Real Madrid

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

BETRA VERÐ Í SÓLINA Í SUMAR

ÁTH: TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

3 DAGA ÚTSALA!

Verð frá kr. **59.995**

Flug frá kr. **19.950** önnur leið með tösku & handfarangri

Verð frá kr. **74.795**

BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

GILDIR 8. TIL 10 FEBRÚAR - fyrstur kemur, fyrstur fær



ALMERÍA
20. ÁGÚST Í 7 NÆTUR

Estrella De Mar **

FRÁ KR. **59.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
85.795 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,



TENERIFE
26. ÁGÚST Í 7 NÆTUR

Tamaimo Tropical ***

FRÁ KR. **63.445**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
74.795 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,



BENIDORM
27. ÁGÚST Í 7 NÆTUR

Avenida Apartments ***

FRÁ KR. **69.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
103.495 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,

LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR Í DAG!



COSTA DEL SOL
27. ÁGÚST Í 7 NÆTUR

Bajondillo Apartments ***

FRÁ KR. **69.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
80.095 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,



KRÍT
25. ÁGÚSTÍ 10 NÆTUR

Carisa Maleme ****

FRÁ KR. **87.945**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
111.895 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,



TENERIFE
19. ÁGÚST Í 7 NÆTUR

Tamaimo Tropical ***

FRÁ KR. **67.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
84.745 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,



FLUGSÆTI TENERIFE M.V. 26/08 ÖNNUR LEIÐ	FRÁ KR.	**24.950**
FLUGSÆTI ALICANTE M.V. 27/08 ÖNNUR LEIÐ	FRÁ KR.	**19.950**
FLUGSÆTI MALAGA M.V. 27/08 ÖNNUR LEIÐ	FRÁ KR.	**19.950**

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

Heimsferðir -fáðu meira út úr fríinu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG BOTNAR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



LOKAVIKAN
ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN











SERTA REEDSWORTH
Frábær dýna frá Serta sem unnin er í samvinnu við American Sleep Foundation. **Nú með 40% afslætti.**
Hentar bæði í hefðbundna botna og stillanlega.

40%
AFSLÁTTUR

80 x 200 cm	90 x 200 cm
65.400 kr	71.400 kr
Fullt verð: 109.000 kr.	Fullt verð: 119.000 kr.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK


Dan Crone er frá Ástralíu en hefur starfað hér á landi hjá CCP frá því í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Þakklátur hjartahlýju tölvuleikjaunnenda

Spilarar tölvuleiksins EVE Online hafa safnað yfir 13 milljónum til styrktar Rauða krossinum í Ástralíu. **Dan Crone**, sem starfar hjá CCP framleiðanda leiksins, er snortinn yfir hjartahlýju spilaranna.

Hinn ástralski Dan Crone flutti hingað til lands í ágúst síðastliðnum og hóf störf hjá CCP sem samfélagsstjóri, en íslenski tölvuleikjarisinn framleiðir leikinn EVE Online.

„Ég hafði verið virkur spilari í EVE Online í 15 ár fyrir það. Í lok síðasta árs fór ég að átta mig meira og meira á alvarleika stöðunnar í heimalandinu. Þetta var stanslaust í fréttum og yfirtók Facebook, enda flestir vinir mínir ástralskir og skipti þetta fólkið þar eðlilega miklu máli og tók á það," segir Dan.

Hann segir erfitt að horfa upp á það erfiða ástand sem gróðureldarnir hafa skapað.

„Það er því miður þannig að við erum vön að fylgjast með náttúruhamförum víðs vegar um heim í gegnum netið og fjölmiðla, en tengjum ekki jafn mikið við það því þær eru ekki að bitna beint á okkur. Við verjum okkur fyrir harmleiknum með því að aftengja okkur. Það er sorgleg staðreynd en ég upplifði það sem hluta af mannlegu eðli," segir Dan.

> **ÞAÐ VAR ÞVÍ ÁHUGAVERT AÐ GETA ÞARNA BOÐIÐ UPP Á AÐ STYRKJA ÞETTA GÓÐA MÁLEFNI MEÐ GJALDMIÐLI SEM ALLA JAFNA ER EKKI HÆGT AÐ NOTA Í RAUNHEIMINUM.**

Ákveðinn lærdómur

Dan segir það hafa verið sér ákveðinn lærdóm að upplifa þetta.

„Fyrir mér var þetta að sjálfsögðu óðruvísi. Þetta er allt að gerast í mínu landi og myndir frá átökunum við eldana kunnuglegri, allt frá götuheitunum og trjátegundunum yfir í dýrin sem hamfarirnar bitnuðu á."

Spilarar EVE Online tölvuleiks CCP hafa safnað rúmlega þrettán milljónum til uppbyggingar- og hjálparstarfs í Ástralíu vegna skógareldanna sem þar hafa geisað. Féð var afhent Rauða krossinum á Íslandi en það mun nýtast Rauða krossinum í Ástralíu sem staðið hefur í ströngu undanfarna mánuði. Næstu ár munu svo fara í mikið uppbyggingarstarf.

Dan segist þó heppinn að því leyti að enginn nákominn honum hafi orðið alvarlega fyrir barðinu á eldunum.

„En margar aðrar fjölskyldur hafa ekki verið jafn heppnar. Mig langaði að leggja hönd á plóg og gaf sjálfur til styrktar Rauða krossinum í Ástralíu og WIRES, samtökum sem hjálpa dýrum í neyð í Ástralíu. Fyrst um sinn upplifði ég eins og það væri það eina sem í mínu valdi stæði að gera. Svo byrjuðu hinir einstöku og góðhjörtuðu spilarar EVE að kalla eftir því að CCP myndi aftur standa fyrir PLEX for GOOD."

PLEX for GOOD átakinu var hleypt af stokkunum árið 2005 vegna náttúruhamfara í Suðaustur-Asíu. Plex er gjaldmiðill sem notaður er í leiknum, og sér CCP um að skipta gjaldmiðlinum yfir í dollara þegar féð er gefið í leiknum til góðgerðarmála.

Geimskip á fjórar milljónir

„Þegar ég upplifði eldmóðinn í þeim leið mér hálf skömmustulega yfir að hafa ekki dottið þetta í hug og látið eins og ég gæti lítið meira gert. Þökk sé þeim var ég minntur á að núna vinn ég hjá fyrirtæki sem hefur á róttækan hátt reynt að leggja sitt sitt af mörkum til aðstoðar eftir hamfarir sem þessar með hjálp spilaranna. Þannig að ég fór á fullt í það að athuga hvort það væri hægt að koma þessu á laggirnar," segir Dan.

Hann segir það hafa tekið furðu stuttan tíma.

„Það voru allir sammála um að þetta væri frábær hugmynd. Forstjórinn okkar, Hilmar Veigar Pétursson, hikaði ekki þegar þetta var borið undir hann. Hann sagði um leið: Látum þetta gerast," segir Dan.

Söfnunin hófst og segir Dan spilarana eiga stærstar þakkir skilið.

„Við á CCP aðstoðuðum auðvitað við að koma söfnuninni á laggirnar en spilararnir eiga stærstar þakkir skilið. Svo er þessi söfnun smá sér á báti. Það eru margir sem eru ekki fjársterkir í raunheiminum en eiga nóg af gjaldmiðlinum sem notast er við í leiknum. Það var því áhugavert að geta þarna boðið upp á að styrkja þetta góða málefni með gjaldmiðli sem alla jafna er ekki hægt að nota í raunheiminum. Scott Manley, einn spilara leiksins, keypti geimskip á uppboði til styrktar málefninu á 4 milljónir króna," segir Dan.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


Kjörís
Jáker

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg. ehf **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is



BAKÞANKAR



Láru G. Sigurðardóttur

Veirur

Unga parið við hliðina á mér í flugvélinni situr þétt saman með skurðstofugrímur í stíl. Maðurinn situr við gluggann og byrjar að skjálfa um leið og flugvélin lækkar sig til lendingar, líklega vegna flughræðslu. Ég hef annað augað á honum eins og þjálfaður hundur. Hann losar grímuna eitt augnablik til að ná betur andanum en fyllist í staðinn enn meiri kvíða. Kitl í hálsinum hafði látið mig hósta (í olnbogabótina) og ég ímynda mér að parið haldi að ég sé að úða kórónaveiru yfir það. Í sömu vél er móðir að ferðast með fárveika dóttur sína sem hóstar í sífellu. Þær reyndu að kaupa grímu en þær voru uppseldar. Starfsfólk á flugvellinum átti grímur en sagðist ekki aflögufært.

Veirur hafa fylgt mannkyninu alla tíð. Sumar lifa með okkur í sátt og samlyndi. Aðrar eru undir smásjá ónæmiskerfisins sem sér til þess að þær valdi ekki usla. Þegar ónæmiskerfið er undirmannað er meiri hætta á að við verðum fyrir barðinu á veirum.

Í dæmigerðum inflúensufaraldri lætur um hálf milljón jarðarbúa lífið. Í þeim skæðasta, spænsku veikinni, létust allt að 50 milljónir. Ótal aðrar skæðar veirur hafa skráð nafn sitt í sögubækurnar. Bólusótt er dæmi um veirusjúkdóm sem dró um 300 milljónir til dauða á 20. öldinni. Ebólaveiran sendir allt að 90% smitaðra í gröfina. Hingað til hefur kórónaveiran dregið 2% smitaðra til dauða og langflest tilfellin eru í Kína.

Það er óþægileg tilfinning að lifa í óvissu en eitt er víst: veirufaraldrar koma reglulega upp. Við minnkum þó líkur á smiti með því að fylgja tilmælum Landlæknis. Sjálf á ég ekki grímu en hefði ég átt eina, þá hefði hún vonandi nýst mæðgunum.



